allt
JÓN GUNNAR ÞÓRÐARSON
*Ljóstrar upp fjölskylduleyndarmáli*
• matur • tilboð
Í MIÐJU BLAÐSINS



JÓEL SÆMUNDSSON
*Lét klippa sig fyrir Eastwood-myndina*
ALVÖRU HERMANNAKLIPPING
FÓLK 50






FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
29. júlí 2005 - 203. tölublað – 5. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 550 5000

## FÖSTUDAGUR



### Einn fangaklefi í öllu ríkinu

Ísland hefur stofnað til stjórnmálasambands við Túvalú í Kyrrahafi. Það er eitt minnsta ríki heims.

TÍMAMÓT 26

### Keflavík jafnaði Evrópumetið



Keflavík er eina íslenska liðið sem komst áfram í Evrópukeppnunum þetta árið og það gerðu Keflvíkingar með því að slá út Etzella frá Lúxemborg með sex marka mun. Keflavík vann seinni leikinn 2–0 í gær. ÍBV datt úr keppni í Færeyjum í gær. Þrír íslenskir leikmenn fengu að líta rauða spjaldið í leikjunum í gærkvöldi.

ÍÞRÓTTIR 30

### Villikettirnir í stuði

Davíð Þór Jónsson fetar nýjar brautir. Hann er einn af texta- og lagahöfundum barnaplötunnar Villikettir sem kom út fyrir skemstu.



Hann segir ekki ólíklegt að bók um Villikettina bætist við fyrir jólin en hann vildi þó ekki staðfesta það.

TÓNLIST 40

## VEÐRIÐ Í DAG




**SKÝJAÐ MEÐ KÖFLUM** norðan til, annars þungbúnara. Dálítil súld af og til með vestanverðu landinu. Hiti 10-20 stig, hlýjast austan og norðaustan til.

VEÐUR 4

HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ
Lestur á föstudögum 25–49 ára*




*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í júní 2005.

# Síminn seldur á 66,7 milljarða króna

**Þrjú tilboð bárust í Símann, öll frá innlendum fjárfestum. Forsætisráðherra segir söluna styrkja stöðu ríkissjóðs. Hægt verði að ráðast í verkefni á sviði velferðar- og samgöngumála.**

**EINKAVÆÐING** „Það liggur alveg ljóst fyrir að eftir þessa sölu getum við gert hluti sem við annars hefðum ekki getað gert á sviði samgöngumála, heilbrigðismála og á sviði atvinnuþróunar og annarra mikilvægra samfélagsmála," sagði Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra í gær eftir að ljóst var að hæsta tilboðið í Símann hljóðaði upp á 66,7 milljarða króna.

Þrjú tilboð, sem alls sautján fjárfestar stóðu á bak við, bárust í Símann. Voru tilboðin opnuð á Hótel Nordica í gær að viðstöddum bjóðendum og fulltrúum fjölmiðla. Exista, fjárfestingarfélag undir stjórn Lýðs og Ágústs Guðmundssonar, kenndra við Bakkavör, KB banki, fjórir lífeyrissjóðir, MP Fjárfestingarbanki og félag í eigu Skúla Þorvaldssonar voru með hæsta tilboðið. Hópur undir forystu Burðaráss bauð sextíu milljarða en lægsta tilboð kom frá Atorku Group og fleiri aðilum og hljóðaði upp á 54,7 milljarða.

Jón Sveinsson, formaður einkavæðingarnefndar, sagði að menn hefðu vandað sig vel og ferlið hefði verið gagnsætt og trúverðugt. Hann var ánægður með niðurstöðuna. Síminn yrði að öllum líkindum kominn undir stjórn nýrra eigenda fyrir lok ágúst.

„Þetta kom mér ekki beint á óvart. Þetta er mjög viðunandi tilboð og ekki fjarri því sem ýmsir sérfræðingar um markaðinn hafa verið að spá," sagði Geir Haarde fjármálaráðherra. Margir aðilar hefðu verið á bak við tilboðin þótt aðeins þrjú hefðu borist.

Erlendur Hjaltason, framkvæmdastjóri Exista, sagði að þátttaka lífeyrissjóðanna tryggði aðkomu stórs hluta fólks í landinu, en lífeyrissjóðirnir eignast samanlagt 21 prósents eignarhlut. Síðar myndi hlutur KB banka verða seldur almenningi áður en Síminn yrði skráður í Kauphöllina. Hann vildi ekki tilgreina hvenær það yrði né á hvaða kjörum fólki byðist hlutabréf í Símanum.

Erlendur vildi ekki svara spurningum varðandi hugsanlegar breytingar á rekstri og yfirstjórn Símans. Allar slíkar yfirlýsingar biðu þangað til nýir eigendur tækju við og rætt hefði verið við starfsfólk.

- bg/- jh/Sjá síðu 4 og 24



BÆJARSTJÓRI AKUREYRAR Kristján Þór Júlíusson segir könnunina geta orkað tvímælis.

Könnun veldur deilum:

## Viðkvæmar upplýsingar

**AKUREYRI** Í ítarlegri lífskjararannsókn sem IMG Gallup gerði fyrir bæjaryfirvöld á Akureyri má lesa margvíslegar niðurstöður. Í niðurstöðunum eru upplýsingar sem sumir telja viðkvæmar og vakið hafa deilur á Akureyri.

Á meðal þess sem finna má í niðurstöðunum er að aðeins 5,6 prósent kjósenda Framsóknarflokksins á Akureyri hafa háskólapróf en 35,2 prósent kjósenda Sjálfstæðisflokksins.

Kristján Þór Júlíusson bæjarstjóri segir það geta orkað tvímælis að stjórnmálaskoðunum fólks sé blandað í rannsókn af þessu tagi.

Sjá síðu 10



MYND/TRYGGVI MÁR SÆMUNDSSON

**ÞJÓÐHÁTÍÐARSTEMNING Í DALNUM** Mikið var komið af fólki í Herjólfsdal í gærkvöldi og eins og sjá má vantar ekki þjóðhátíðarstemninguna. Auk gesta í dalnum er einnig mikið um að gestir tjaldi í húsagörðum hjá innfæddum Eyjamönnum.

Búist við 10.000 í Eyjum:

## Hátt í 3.000 nú þegar komnir

**VERSLUNARMANNAHELGI** Hátt í þrjú þúsund manns voru komin til Vestmannaeyja þegar blaðið var sent í prentun í gærkvöld, en búist er við 8-10.000 gestum þar um helgina. Allt hefur þó farið vel fram.

„Þetta eru allt saman góðir krakkar sem eru komnir," sagði lögreglumaður í Eyjum sem rætt var við í gær. „Það er ekkert að gera hjá okkur." Mjög gott veður var þar í gær.

Á Akureyri hefur fólk einnig verið að tínast í bæinn, en einnig er búist við miklu fjölmenni þar. Verið var að setja upp tívolí á hafnarbakkanum þar í gær.

- grs

Heildareignir bankanna eru tæpir 4.300 milljarðar króna:

# Hagnast um þrjá milljarða á viku

**VIÐSKIPTI** Hagnaður fjármálafyrirtækjanna fimm var tæpir 80 milljarðar á fyrstu sex mánuðum ársins og hefur hagnaður fyrirtækjanna aldrei verið meiri. Á sama tíma í fyrra högnuðust fjármálafyrirtækin um samtals 11 milljarða króna. KB banki hagnast mest, um tæpa 25 milljarða króna. Burðarás kemur næstur með 24,5 milljarða króna hagnað.

Aukinn hagnaður fjármálafyrirtækjanna má rekja til umsvifameiri rekstrar þeirra, bæði hér á landi og erlendis. Hagnaður af sölu eigna, gengishagnaður af eignum í öðrum félögum, auknar vaxtatekjur vegna mikillar útlánaaukningar og auknar tekjur vegna fyrirtækjaverkefna skýra hagnað fjármálafyrirtækjanna að stórum hluta.

Heildareignir bankanna nema tæpum 4.300 milljörðum króna og er KB banki með mestu eignirnar, 1.900 milljarða. Eignaaukning bankanna skýrist að mestu leyti af kaupum þeirra á erlendum bönkum, bæði á Norðurlöndunum og í Bretlandi. Sífellt stærri hluti af tekjum bankanna kemur frá útlöndum og stendur KB banki þar fremst en 70 prósent af tekjum bankans koma frá útlöndum á fyrstu sex mánuðum ársins.

**HAGNAÐUR FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA Á FYRSTU SEX MÁNUÐUM ÁRSINS***

| | |
|---|---|
| KB banki | 24.766 |
| Burðarás | 24.500 |
| Landsbanki | 11.103 |
| Íslandsbanki | 10.557 |
| Straumur | 7.630 |
| **Samtals:** | **78.556** |

*Í milljörðum króna

-dh/ Sjá síður 24-25





## SPURNING DAGSINS

*Höskuldur, ætlarðu sem sagt að hætta á toppnum?*

„Ég tel mig ekki hafa náð hæsta tindi og held áfram að horfa upp fyrir mig.“

Höskuldur Jónsson lætur senn af störfum sem forstjóri ÁTVR. Búist er við að þjóðin drekki 700 þúsund lítra fyrir og um verslunarmannahelgi, sem er met.

Vörubílstjórar halda mótmælaáformum sínum til streitu:

# Aðgerðir gætu hafist kringum hádegi

**MÓTMÆLI** Vörubílstjórar sem hyggjast loka fyrir umferð úr höfuðborginni í dag ætla ekki að hætta við mótmæli sín þrátt fyrir eindregin tilmæli lögreglu.

„Við gætum farið af stað í kringum hádegið,“ sagði Sturla Jónsson, talsmaður þeirra, í gærkvöldi. „Ég á von á því að fjörutíu til fimmtíu bílar taki þátt, en sjáum til hvort þeir mæta allir þegar á hólminn er komið.“

Lögreglan í Reykjavík fundaði í fyrrakvöld með helstu forsvarsmönnunum. „Við skýrðum málið vel fyrir þeim og reyndum að tala þá ofan af þessu,“ segir Geir Jón Þórisson yfirlögregluþjónn. Hann segir lögregluna munu beita öllum tiltækum ráðum. „Aðgerðir af þessu tagi geta haft grafalvarlegar afleiðingar og því reynum við að sjálfsögðu að koma í veg fyrir þær.“

Sturla gefur ekki mikið fyrir tal um að slysahætta stafi af uppátækinu þar sem allar götur verði stoppfullar af bílum. „Ég get ekki séð að neinn geti stundað ofsaakstur þegar engin akrein er til að aka eftir.“ - grs / - ht



**UMFERÐARHNÚTUR** Búast má við miklum töfum á umferð ef af mótmælum bílstjóranna verður.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**ÓK Á BRÚARHANDRIÐ OG STAKK AF** Talsverðar skemmdir urðu á brúnni yfir Blöndu á Blönduósi í fyrrakvöld eftir að ekið var á brúarhandriðið með þeim afleiðingum að plastplötur brotnuðu. Ökumaður hvarf af vettvangi og var í gær enn leitað, að sögn lögreglu.

**LÖGREGLA Í EFTIRLITSFLUGI** Lögreglan á Hvolsvelli fór í eftirlitsflug yfir hálendið á þyrlu Landhelgisgæslunnar, TF-SIF, í gær. Eftirlitsflugið er liður í hertri löggæslu á hálendinu sem beinist ekki síst gegn akstri utan vega. Nokkuð hefur verið um að ferðamenn aki utan vega í sumar. Slíkt hefur í för með sér eyðileggingu á náttúrunni og getur verið hættulegt.



**FASTIR ÚTI Í Á** Vel gekk að bjarga mönnunum af þaki bifreiðarinnar.

Erlendir feðgar:

## Bjargað af þaki bifreiðar

**BJÖRGUN** Bjarga þurfti feðgum af þaki bifreiðar, sem þeir höfðu fest úti í miðri Skyndidalsá skammt frá Höfn í Hornafirði, um hádegisbil í gær. Feðgarnir eru erlendir ferðamenn og höfðu fengið bifreiðina á bílaleigu.

Skyndidalsá rennur úr Jökulsá í Lóni og er hún mjög straumþung þar sem bíllinn festist. Björgunarsveitarmenn frá Hornafirði voru kallaðir út og komu á öflugum björgunarsveitarbíl til þess að bjarga mönnunum úr ánni. Bifreiðin var síðan dregin í land og gekk það vel að sögn lögreglu. - ht

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**MEÐ HASS Í NORRÆNU** Lítilræði af hassi fannst í fórum eins farþega Norrænu, sem kom til Seyðisfjarðar í gærmorgun. Tekin var skýrsla af manninum, sem er Íslendingur, en að því loknu var honum leyft að fara, að sögn lögreglu.

**ÞRETTÁN STÖÐVAÐIR Á REYKJANESBRAUT** Þrettán ökumenn voru stöðvaðir vegna hraðaksturs á Reykjanesbraut í fyrrinótt, að sögn lögreglunnar í Hafnarfirði. Ökumennirnir keyrðu flestir tuttugu til þrjátíu kílómetrum yfir löglegum hámarkshraða.

# Skuldir heimila aukast um fimmtán prósent

**Skuldir heimilanna námu í árslok 2004 um 760 milljörðum króna og aukast um 15 prósent. Eignaskattur var lagður á í síðasta sinn í ár og nemur 2,8 milljörðum.**

**RÍKISFJÁRMÁL** Skuldir heimilanna námu í árslok 2004 um 760 milljörðum og hafa vaxið um 15,2 prósent frá árinu á undan.

Þetta kemur fram í yfirliti fjármálaráðuneytisins um helstu niðurstöður álagningar opinberra gjalda. Fjármálaráðuneytið birti í gær helstu niðurstöður álagningar einstaklinga og þeirra sem reka fyrirtæki í eigin nafni.

Skuldir vegna íbúðakaupa jukust heldur minna eða um 12,6 prósent.

Eignaskattur var lagður á í síðasta sinn í ár. Hann nemur alls 2,8 milljörðum króna og hækkar um 30 prósent á milli ára, sem fjármálaráðuneytið segir einkum skýrast af hækkun á fasteignamati milli ára. Þá hefur gjaldendum eignaskatts fjölgað um 8,8 prósent og greiða alls 75.600 eignaskatt í ár.

Allar tölur um álagningu opinberra gjalda framteljenda að fyrirtækjum undanskildum liggja nú fyrir en álagning opinberra gjalda á fyrirtæki liggur fyrir í lok október.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær nemur samanlögð álagning tekjuskatta og útsvars um 145 milljörðum króna í ár. Framteljendum fjölgar á landinu öllu um 2,1 prósent en 4.772 fleiri einstaklingar telja nú fram en á síðasta ári.

Hátekjuskatt greiða 17.456 framteljendur og greiða þeir um 1,4 milljarða króna en enda þótt skatthlutfall hátekjuskattsins hafi verið lækkað frá fyrra álagningarári um eitt prósentustig, niður í 4 prósent, hækkar álagning á þessa gjaldendur um 3,9 prósent.

Þá eru greiðendur fjármagnstekjuskatts tæplega 77 þúsund og fjölgar þeim lítillega á milli ára. Fjármagnstekjur ríkisins eru að helmingi arðgreiðslur, vextir og leigutekjur en einnig söluhagnaður hlutabréfa en alls telja 11.400 fram slíkar tekjur. hjalmar@frettabladid.is



**FRAMTALINU SKILAÐ** Skuldir heimilanna aukast mikið á milli ára.

Olíufélögin stefna:

## Telja sektir ofáætlaðar

**SAMRÁÐ OLÍUFÉLAGANNA** „Skeljungur hefur þegar birt stefnu og Olís mun einnig gera það áður en frestur rennur út,“ segir Heimir Örn Herbertsson, héraðsdómslögmaður hjá lögmannsstofunni Lex - Nestor.

Frestur til að stefna ríkinu og samkeppnisyfirvöldum fyrir sektir vegna ólöglegs samráðs olíufélaganna rennur út á morgun. Áður hafði eignarhaldsfélagið Ker, sem á Esso, sent inn stefnu.

„Það er samdóma álit olíufélaganna að ályktanir um meint samráð séu allt of víðtækar og sektir ofáætlaðar. Félögin krefjast þess að sektir verði stórlega lækkaðar eða felldar niður.“ -íös

Atvinnuleysi eykst í Svíþjóð:

## Fer yfir sjö prósent

**SVÍÞJÓÐ** Atvinnuleysi í Svíþjóð fór yfir sjö prósent í júní, sem er tæpu prósenti meira en á sama tíma í fyrra og um tveimur prósentum meira en í maí.

Hagstofa Svíþjóðar gaf þá skýringu á auknu atvinnuleysi að Svíar hafi nú tekið upp samræmda mæliaðferð Evrópusambandsins og nú séu inni í tölunum ungmenni sem leiti að sumarstörfum.

Breytingarnar þýða að 40 þúsund manns var bætt í hóp atvinnulausra í júní en atvinnulausir voru um 331 þúsund af 4,69 milljónum atvinnubærra.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**STÚTUR Í ÍBÚÐARHVERFI** Lögreglan í Hafnarfirði stöðvaði mann við Hringbraut fyrir of hraðan akstur í íbúðarhverfi um hálfníuleytið í gærkvöld. Áfengislykt var af manninum og var hann fluttur á lögreglustöðina til sýnatöku, grunaður um ölvunarakstur.

Alltaf þægilegt
ÓB
ódýrt bensín
14 stöðvar!
www.ob.is

Eldsvoði í Dugguvogi í Reykjavík:

# Skemmdir á vinnuaðstöðu listamanna

**SLÖKKVILIÐIÐ** Skemmdir urðu á vinnuaðstöðu listamanna þegar eldur kom upp í Dugguvogi 3 á sjötta tímanum í gær. Eldurinn kom upp hjá Verksmiðjunni vinnandi fólki en eldsupptök eru enn óljós. Margir eru með starfsemi í húsinu og meðal annars eru þar tvær vinnustofur listamanna.

Eldurinn var töluverður þegar slökkviliðið kom á vettvang en auðvelt var að komast að honum og tók aðeins um hálftíma að ráða niðurlögum hans. Ekki urðu miklar skemmdir af völdum eldsins en mikill reykur var og reykskemmdir urðu töluverðar.

„Þetta er hrikalegt,“ sagði Elísabet Ásberg skartgripahönnuður, sem var með aðstöðu við hliðina á Vinnandi fólki. Hún segir að sitt tjón sé verulegt og einhver listaverk hafi eyðilagst. „Meðal þess sem skemmdist var ósóttar pantanir.“



**SLÖKKVISTARFIÐ GEKK VEL** Aðeins tók um hálftíma að ráða niðurlögum eldsins.

Á hæðinni fyrir ofan voru Sigrún Sigvaldadóttir, grafískur hönnuður, og Birgir Snæbjörn Birgisson myndlistarmaður með vinnustofu, en ekki var búið að fullinnrétta hana og litlar skemmdir urðu þar. - grs


Síminn
HOLLYWOOD
0 kr-
fyrir klukkutíma
Eftir kl. 6 á kvöldin og um helgar geturðu talað úr GSM í GSM hjá Símanum í allt að 66 mínútur og borgar ekki neitt eftir fyrstu 6 mínúturnar í hverju símtali. Tilboðið gildir fyrir alla GSM viðskiptavini Símans og ekki þarf að skrá sig sérstaklega. Mánaðargjald í GSM áskrift er 600 kr.
Tjald - 1 kr.*
með öllum keyptum GSM símum
Útilegustóll - 1 kr.*
með öllum keyptum GSM símum
Með öllum GSM tilboðum fylgja grúví símalínuskautar á 2.000 kr.*
Hlífar fylgja með.
2.000 KALL
NOKIA
Nokia 3120
Einungis fyrir GSM-kort frá Símanum
980 Léttkaups-útborgun
og 750 kr. á mánuði í 12 mánuði
Verð aðeins 9.980 kr.
Sony Ericsson J300
Einungis fyrir GSM-kort frá Símanum
1.780 Léttkaups-útborgun
og 600 kr. á mánuði í 12 mánuði
Verð aðeins 8.980 kr.
*Tilboðin gilda meðan birgðir endast.
800 7000 - siminn.is
ENNEMM / SIA / NM17391

## GENGIÐ

**GENGI GJALDMIÐLA 28.07.2005**

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 64,31 | 64,61 |
| Sterlingspund | GBP | 112,19 | 112,73 |
| Evra | EUR | 77,57 | 78,01 |
| Dönsk króna | DKK | 10,397 | 10,457 |
| Norsk króna | NOK | 9,812 | 9,87 |
| Sænsk króna | SEK | 8,267 | 8,315 |
| Japanskt jen | JPY | 0,5709 | 0,5743 |
| SDR | XDR | 93,14 | 93,7 |

*Gengisvísitala krónunnar*

**108,70**

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fjármálaráðherra fagnar háu tilboði í Símann:

# Gengið frá kaupsamningi eftir viku

**SÍMINN** „Þetta er mjög viðunandi tilboð og kom mér ekki beinlínis á óvart. Verðið er ekki fjarri því sem ýmsir sérfræðingar um markaðinn hafa verið að spá,“ segir Geir Haarde fjármálaráðherra, sem fer með sölu ríkiseigna. Óneitanlega sé það ánægjulegt að hópur innlendra fjárfesta sé það öflugur að geta gert svo hátt tilboð í Símann.

Geir kveðst einnig ánægður með vel heppnað söluferli og segir til fyrirmyndar hvernig að því var staðið. Enda þótt aðeins þrír aðilar hafi á endanum boðið í Símann sé meiri fjöldi á bak við tilboðin þrjú. „Það að verðið skuli vera svona hátt sýnir hversu öflugt og gott þetta fyrirtæki er. Ég vonast til þess að það haldi áfram að dafna í höndum nýrra eigenda.“

Að höfðu samráði við ráðherranefnd um einkavæðingu í gær ákvað fjármálaráðherra að gengið skyldi til samninga við Skipti ehf., sem bauð hæst í Símann. „Ég vonast til þess að gengið verði frá kaupsamningi á föstudag í næstu viku. Síðan tekur við ýmis frágangur, meðal annars þarf Samkeppniseftirlitið að skila niðurstöðum um ýmis atriði,“ segir Geir.

- jh



**GEIR HAARDE FJÁRMÁLARÁÐHERRA** „Ég vonast til þess að Síminn haldi áfram að dafna í höndum nýrra eigenda.“

Samgönguráðherra:

# Ánægður með hátt verð

**SÍMINN** „Ég er mjög ánægður með að hátt verð skuli fást fyrir Símann og vænti þess að öflugir aðilar komi að rekstrinum,“ segir Sturla Böðvarsson samgönguráðherra. Hann bætir því við að fjarskiptaumhverfið hér á landi gefi fjárfestum væntingar um góða möguleika á þessu sviði. „Þetta á við um löggjöfina og nýja fjarskiptaáætlun, sem er mjög metnaðarfull og gerir miklar kröfur til símafyrirtækjanna. Fyrirtæki og einstaklingar nýta sér nýjungarnar í fjarskiptum og upplýsingatækni. Sala Símans vekur mér bjartsýni.“



**KJARTAN JAKOB** Næst þegar hann ýtir úr vör verður hann að róa í rúman sólarhring eða snúa til baka að Ingólfshöfða.

Áheitaróður:

# Róið í rúman sólarhring

**ÁHEITARÓÐUR** „Þegar ég ýti úr vör verð ég að róa í rúmlega sólarhring ef þetta á að ganga eftir,“ segir Kjartan Jakob Hauksson ræðari meðan hann metur veðuraðstæður við Ingólfshöfða, þar sem hann komst til lands eftir mikið volk í fyrradag.

Hann á ekki kost á að ná landi aftur fyrr en komið er til Víkur en það gæti orðið 26 til 28 klukkustunda róður og ekki er víst hvernig viðrar til þeirrar ferðar.

Kjartan hefur lent í stöðugum brimlendingum síðustu daga enda aðstæður hinar verstu við suðurströndina.

-jse

Diplómatar myrtir í Írak:

# Al-Kaída segist bera ábyrgðina

**ÍRAK** Hryðjuverkasamtökin al-Kaída hafa sagst hafa myrt tvo alsírska diplómata í Írak vegna tengsla Alsírs við Bandaríkin og herferðar gegn íslömskum öfgahópum í Alsír.

Alls hafa því þrír erlendir diplómatar verið myrtir í Írak í þessum mánuði og tveir að auki sluppu naumlega þegar reynt var að ræna þeim. Alsír studdi ekki innrás Bandaríkjamanna í Írak á sínum tíma en er að sögn AP-fréttastofunnar orðið náinn bandamaður Bandaríkjanna í baráttunni gegn hryðjuverkum. ■

# Hátt verð eykur svigrúm til framkvæmda

**Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra segir hæsta verðtilboð í Símann framar björtustu vonum. Það geri mögulegt að ráðast í verkefni á sviði samfélagsmála sem ella hefði ekki verið hægt.**

**SÍMINN** Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra er afar ánægður með 66,7 milljarða króna tilboð í Símann. „Hér er um að ræða verð sem er framar björtustu vonum mínum. Ég skal viðurkenna það þótt ég hafi alltaf verið þeirrar skoðunar að við gætum fengið gott verð fyrir Símann á þessum tímapunkti ef vel væri staðið að málum.“

Aðspurður um skýringar á háu verðtilboði segir Halldór að Síminn sé öflugt og gott fyrirtæki sem tilboðsgjafar sjái greinilega mikla möguleika í. „Verðið er hærra en ég hafði gert mér vonir um og það er fyrst og fremst ánægjulegt. Það verður að hafa það í huga að kaupendurnir yfirtaka sjö milljarða króna skuld. Einnig var búið að greiða milli sex og sjö milljarða króna arð út úr Símanum á árinu, sem var langt umfram það sem hefði verið gert við venjulegar aðstæður.“

Forsætisráðherra segir að fyrst og fremst styrki sala Símans stöðu ríkissjóðs til lengri tíma litið og geri hann öflugri til þess að takast á við þau viðfangsefni sem við blasi á sviði velferðar- og samfélagsmála. „Við munum ekki flýta okkur að eyða þessum peningum. Gerð verður áætlun um það fram í tímann hvernig að því verður staðið. Það liggur alveg ljóst fyrir að eftir þessa sölu getum við gert hluti sem við annars hefðum ekki getað gert á sviði samgöngumála, heilbrigðismála, á sviði atvinnuþróunar og annarra mikilvægra samfélagsmála.“ Halldór vill ekki nefna einstök verkefni á þessu stigi málsins.



**HALLDÓR ÁSGRÍMSSON FORSÆTISRÁÐHERRA** „Það liggur alveg ljóst fyrir að eftir þessa sölu getum við gert hluti sem við annars hefðum ekki getað gert.“

Halldór telur að einkavæðingarnefnd hafi unnið afar gott starf og telur söluna hafa heppnast vel.

Auk þess sem ríkissjóður fær hátt verð fyrir Símann er ljóst að álagður tekjuskattur einstaklinga hækkar um 15 milljarða króna frá síðasta ári. „Efnahagsstjórnin hefur heppnast mjög vel. Atvinnulífinu gengur mjög vel og kaupmáttur fólks hefur farið vaxandi. Þannig á það að vera og við eigum að gleðjast yfir því. Ég vænti þess að stjórnarandstaðan gleðjist líka yfir sölu Símans,“ segir Halldór.

johannh@frettabladid.is

Ingibjörg Sólrún:

# Ættarsilfrið selt

**SÍMINN** „Það þarf að fá betri útskýringar á því hvers vegna erlendu fjárfestarnir drógu sig út úr,“ segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar.

„Þá vaknar spurning um það hvort tengsl forstjóra Símans við hæstbjóðendur hafi skapað þeim einhverja sérstöðu í málinu,“ segir hún. „Sérfræðingar mínir segja að ekki hafi verið óeðlilegt að búast við um eða yfir 70 milljörðum fyrir Símann og því má ef til vill sætta sig við þetta verð engu að síður.“



**INGIBJÖRG SÓLRÚN**

Hún segir skipta máli að söluhagnaðinum verði varið í þjóðhagslega arðbærar framkvæmdir eða niðurgreiðslu skulda. „Þetta er ættarsilfrið og verður því ekki selt nema einu sinni.“

- sda

Steingrímur J. Sigfússon:

# Síminn besta mjólkurkýrin

**SÍMASALA** „Ég er hvorki ánægður né óánægður með söluverðið,“ segir Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna.

„Síminn hefur verið einhver besta mjólkurkýr hins opinbera um langt árabil. Þjóðin hefur hagnast um vel yfir 30 milljarða króna á því að það mistókst að selja Símann 2001 ef lagðar eru saman arðgreiðslur og hækkun á verði Símans frá því þá. Spyrja má hvort það sé vitleg hagstjórn að selja Símann.“ Aðspurður segir hann að hyggilegast væri að nota söluhagnaðinn til að greiða niður erlendar skuldir og leggja inn fyrir lífeyrisskuldbindingum.



**STEINGRÍMUR J.**

- sda






## VEÐRIÐ Í DAG

**VERSLUNARMANNAHELGIN**
**Laugardagur:** Suðlæg átt. Dálítill vindur fyrripartinn um sunnan- og vestanvert landið, annars hægur. Rigning um eða eftir hádegi sunnan og vestan til en úrkomulítið þegar líður á kvöldið. Hiti 10-18 stig, hlýjast austan og suðaustan til. **Sunnudagur:** Hæglætisveður. Hætt við lítilsháttar skúrum á víð og dreif, síst allra syðst. Hiti 10-16 stig, hlýjast suðaustan til. **Mánudagur:** Fremur stíf austan og norðaustan átt við suður- og vesturströndina með rigningu víða.



Kveðja,
Sigurður Ragnarsson,
veðurfræðingur




Á morgun




Dálítill vindur sunnan og vestan til, annars hægur. Lægir síðdegis.

Sunnudagur




Hæglætisveður.

## Veðurhorfur í borgum í dag

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 23°C rigning | París | 23°C léttskýjað | Alicante | 33°C heiðskírt |
| Ósló | 23°C hálfskýjað | Berlín | 34°C léttskýjað | Milano | 32°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 20°C hálfskýjað | Frankfurt | 31°C hálfskýjað | New York | 28°C skýjað |
| Helsinki | 21°C léttskýjað | Madrid | 29°C heiðskírt | San Francisco | 22°C léttskýjað |
| London | 22°C skýjað-skúr | Barcelona | 31°C skúrir | Orlando/Florida | 34°C hálfskýjað |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

# Góða ferð!




Ferskar
**kjúklingalundir**

TILBOÐ
1.467 kr/kg
Merkt verð 2.095,-

30% afsláttur við kassa

Bjarni Gunnar Kristinsson
Yfirmatreiðslumaður á Grillinu
meðlimur í landsliði matreiðslumeistara

**Uppskrift að hætti Bjarna landsliðskokks**
**Kjúklingapinnar „Sate"**

500 g kjúklingabringur/lundir
( skornar til og þræddar upp á spjót)
100 ml kjúklingasoð (vatn og kraftur)
1/2 saxaður laukur
1 rif saxaður hvítlaukur
2 tsk. söxuð engiferrót
1/2 tsk. cumin (ekki kúmen)
1/2 tsk. tumeric

**Aðferð:**
Öllu er blandað saman og látið liggja í 30-60 mín. Gott er að kryddleggja spjótin í tvöföldum plastpoka svo kryddlögurinn leiki um kjötið. Passa þarf að gegnumsteikja kjúklinginn. Olía og pensill er besti vinur grillarans, því betra er að pensla grindina áður svo að ekkert festist við.




40% afsláttur við kassa

Kryddlegnar
**svínakótilettur**
m/beini

TILBOÐ
935 kr/kg
Merkt verð 1.559,-




15% afsláttur

Nýslátrað og ferskt
**lambalæri og hryggir**

Slátrun 2005




TILBOÐ
99 kr/pk
Verð áður 199,-

**Pagen** kanilsnúðar
- ómissandi í útileguna eða ferðalagið




Gildir aðeins út laugardag

TILBOÐ
128 kr/stk
Verð áður 228,-

**Júmbó samlokur**
- við öll tækifæri




TILBOÐ
99 kr/stk
Verð áður 259,-

**Lays** snakk
- 4 tegundir




20% afsláttur við kassa

**Cadburys** og **Burtons** kex
- fjöldi spennandi tegunda




TILBOÐ
19 kr/stk
Verð áður 43,-

**Svali** 250 ml. 7 tegundir



Nýtt
í Hagkaupum

**Earthbound Farm** lífrænt salat
- 6 tegundir

Gildir til 1. ágúst eða á meðan birgðir endast

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*



## KJÖRKASSINN

*Ætlarðu í útilegu um verslunarmannahelgina?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 21% |
| Nei | 79% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ertu sátt(ur) við söluna á Símanum?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

Geimferjan Discovery í geimnum:

# Tengdist alþjóðlegu geimstöðinni

**BANDARÍKIN, AP** Geimferjan Discovery tengdist alþjóðlegu geimstöðinni í gær, eftir að hafa tekið snúning alveg upp við hana til þess að unnt væri að taka nærmyndir af neðra byrði ferjunnar úr myndavél í stöðinni. Myndatakan er liður í rannsóknum á hugsanlegum skemmdum á ytra byrði geimferjunnar vegna hluta sem losnuðu af burðareldflauginni í flugtaki. Bandaríska geimferðastofnunin leggur nú mikið upp úr þessum rannsóknum til að tryggja að áhöfn Discovery tefli ekki á tvær hættur er hún snýr aftur til jarðar, og til að komast til botns í því sem nákvæmlega gerðist þegar geimferjan Columbia sundraðist er hún flaug inn í gufuhvolfið fyrir tveimur og hálfu ári.

Eftir snúninginn, sem leiðangursstjóri Discovery Eileen Collins stýrði, tengdist geimferjan geimstöðinni vandkvæðalaust. Fagnaðarfundir urðu í stöðinni er menn úr áhöfn Discovery hittu geimfara sem dvelja í geimstöðinni.



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**FAGNAÐARFUNDIR Í GEIMNUM** Á þessari sjónvarpsmynd frá NASA sjást geimfarar úr áhöfn Discovery hitta kollega úr áhöfn Alþjóðlegu geimstöðvarinnar í gær.

Geimstöðvarstjórinn Sergei Krikalev bauð þá velkomna að rússneskum hætti með brauði og salti.

Gangi allt að óskum er gert ráð fyrir að Discovery snúi aftur til jarðar eftir 10 daga.

**-aa**


ATHUGIÐ!

ATVINNUBLAÐIÐ SEM KEMUR VANALEGA ÚT Á SUNNUDÖGUM KEMUR ÚT Á LAUGARDAG Í ÞESSARI VIKU. FRÉTTABLAÐIÐ KEMUR EKKI ÚT Á SUNNUDAG VERSLUNARMANNAHELGAR.

Fiton/SÍA F1013849

FRÉTTABLAÐIÐ




FRÉTTABLAÐIÐ/SVEINN ÞORMÓÐSSON

**BJÖRGUNARMENN AÐ STÖRFUM** Tveimur tókst að ná á lífi úr flugvélinni sem fórst í Skerjafirðinum en báðir létust þeir á næsta hálfa árinu vegna meiðsla sem þeir hlutu í slysinu.

# Eldsneytisskortur er langlíklegasta ástæðan

**Margt var athugavert við flugástand vélarinnar TF-GTI sem fórst í Skerjafirði hinn 7. ágúst árið 2000. Sérstök rannsóknarnefnd skilaði niðurstöðum sínum í gær.**

**FLUGSLYS** Eldsneytisskortur er langlíklegasta ástæða þess að flugvélin TF-GTI fórst í Skerjafirði hinn 7. ágúst árið 2000 með þeim afleiðingum að sjö létust, flugmaður og sex ungmenni.

Í skýrslu rannsóknarnefndar sem skipuð var til að rannsaka orsakir flugslyssins eru gerðar ýmsar athugasemdir við flugástand vélarinnar og eldsneytisskorturinn tiltekinn sem líklegasta ástæða slyssins. Afleiðing aflsmissis vegna eldsneytisskorts ásamt því að þyngdarmiðja vélarinnar var nær aftari mörkum og því að flugmaðurinn hafði ekki hlotið nægilega þjálfun til að bregðast við slíkum aðstæðum, auk þess sem hann var þreyttur, olli því að flugvélin ofreis og hann missti stjórn á henni. Auk þess kemur fram í skýrslunni að Flugmálastjórn hefði hvorki átt að skrá flugvélina né gefa út lofthæfisskírteini fyrir hana vegna óljósrar sögu hennar og ófullkominna gagna sem fylgdu henni.

Flugvélin, sem var í eigu Leiguflugs Ísleifs Ottesen, var á leið frá Vestmannaeyjum til Reykjavíkur að kvöldi 7. ágúst þegar hreyfill hennar varð eldsneytislaus í aðflugi að Reykjavíkurflugvelli og vélin fórst með öllum sem í henni voru. Björgunarmönnum tókst að bjarga tveimur piltum úr vélinni en þeir létust báðir af þeim meiðslum sem þeir hlutu í slysinu, sá seinni nær hálfu ári eftir slysið.

Rannsóknarnefnd flugslysa skilaði lokaskýrslu sinni um slysið í mars árið 2001 en feður tveggja þeirra sem létust í slysinu fengu tvo breska flugrannsakendur til að veita umsögn um framkvæmd rannsóknarinnar og höfðu þeir sitthvað við framkvæmdina að athuga. Rannsóknarnefnd flugslysa fékk álit bresku rannsakendanna til umsagnar og fór í kjölfarið fram á það við samgönguráðherra að skipuð yrði óháð nefnd til að rannsaka slysið. Sú nefnd hóf störf í nóvember 2002 og skilaði í gær lokaskýrslu sinni. Sigurður Líndal lagaprófessor var formaður nefndarinnar, sem skipuð var bæði íslenskum og erlendum sérfræðingum.

**oddur@frettabladid.is**





Þýskaland er land jólamarkaðanna og bjóðum við nú jólaferð til Würzburg sem er einstaklega heillandi borg og skartar sínu fegursta í desember. Hrein upplifun er að fara á jólamarkaðina sem geyma ótal jólagjafahugmyndir; bragða á jóladrykknum „Glühwein“ og jólastemmingin eykst á hverju horni. Úrval veitingastaða er gott, hótelið þægilegt og staðsett miðsvæðis. Spennandi skoðunarferð til Rothenburg ob der Tauber.

**Verð kr. 56.650 á mann í tvíbýli**

Innfalið: Flug, skattar, gisting í tveggja manna herbergi á 3* hóteli með morgunverði í 3 nætur, ferðir milli flugvallar og hótels, skoðunarferð til Rothenburg ob der Tauber og íslensk fararstjórn.

KYNNTU ÞÉR SÉRFERÐIR FERÐAÞJÓNUSTU BÆNDA

www.baendaferdir.is | s: 570 2790 | ferðaþjónusta bænda BÆNDAFERÐIR


Fjöldi frægra Íslendinga fá lóðir í Þingum í Kópavogi:

# Yfir tvö þúsund sóttu um lóðir

**SKIPULAGSMÁL** Úthlutun bæjarráðs Kópavogsbæjar á byggingarrétti í Þingum við Elliðavatn lauk í gær. Alls sendu 2.100 aðilar 2.300 umsóknir um byggingarrétt, en rúmlega hundrað einstaklingar fengu rétt í um 140 íbúðir. „Við lögðum áherslu á að fá til okkar ungt fólk,“ segir Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri í Kópavogi. „Síðan var einn og einn gamall tekinn með.“ Þrátt fyrir fjölda umsókna sagði Gunnar það hafa tekið mjög stuttan tíma að fara yfir þær, aðeins rúman hálfan mánuð.

Samstaða var í bæjarráði um úthlutanirnar og var á sama fundi ákveðið að bjóða út gatnagerð á svæðinu. Byggingaframkvæmdir munu hefjast í apríl næstkomandi.

Nokkur nafnanna vekja athygli, en þannig munu feðgarnir Arnór Guðjohnsen og Eiður Smári Guðjohnsen fá íbúðir hvor á móti öðrum. Þá fengu Baltasar Kormákur og Lilja Pálmadóttir íbúð með hesthúsi í Dalaþingi. Einnig verður Dalla Ólafsdóttir einn íbúa nýja hverfisins.



**FYRIRHUGUÐ BYGGÐ** Tölvuteikning af væntanlegri byggð í Þingum við Elliðavatn.

**- grs**


HVAÐ ÞARF TIL AÐ STOPPA ÞIG?
AKTU ALDREI UNDIR ÁHRIFUM!
UMFERÐARSTOFA
VÍNBÚÐ



## VEISTU SVARIÐ?

1 *Hvað er talið að Íslendingar eyði miklum peningum í áfengi um verslunarmannahelgina?*

2 *Hvar hafa mótmælendur virkjunarinnar á Kárahnjúkum slegið upp tjaldbúðum?*

3 *Hvar er Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra í opinberri heimsókn?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 50

Spenna í lofti milli Pólverja og Hvít-Rússa:

# Pólski sendiherrann kallaður heim

**HVÍTA-RÚSSLAND, AP** Viðleitni Pólverja til að ýta undir lýðræði í nágrannaríkinu Hvíta-Rússlandi hafa framkallað æ harðari viðbrögð af hálfu stjórnvalda í sovétlýðveldinu fyrrverandi. Þessi núningur náði nýju hámarki í gær er Pólverjar kölluðu sendiherra sinn heim frá hvítrússnesku höfuðborginni Minsk.

„Við kölluðum sendiherra okkar í Minsk heim til skrafs og ráðagerða og hann mun ekki snúa aftur fyrr en rætist úr ástandinu og kúguninni linnir,“ tjáði pólski utanríkisráðherrann Adam Rotfeld blaðamönnum í Varsjá.

Daginn áður höfðu hvít-rússnesk yfirvöld handtekið oddvita pólska minnihlutans í Hvíta-Rússlandi, yfirheyrt og sakað um njósnir og fjárdrátt.

Alexander Lúkasjenkó, forseti Hvíta-Rússlands sem stýrt hefur landinu frá árinu 1994 og margir saka um einræðistilburði, vill fyrir alla muni hindra að stjórnarandstöðuöflum í landi hans takist að mynda ámóta öfluga hreyfingu og nýlega gerðist bæði í Úkraínu og Georgíu. Í báðum þessum fyrrverandi sovétlýðveldum komust til valda umbótasinnar hliðhollir nánum tengslum við Vesturlönd.

- aa



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**PÓLVERJAR UGGANDI** Fólk úr forystu samtaka pólska minnihlutans í Hvíta-Rússlandi stillir sér upp á svölum höfuðstöðva samtakanna í Grodno í gær. Formaður samtakanna var handtekinn á miðvikudag. Í forgrunni er stytta af pólska skáldinu Adam Mickiewicz.






# IRA segist hættur vopnaðri baráttu

**Ráðamenn Bretlands, Írlands og annarra landa fögnuðu í gær yfirlýsingu sem forysta IRA sendi frá sér um að samtökin séu hætt allri vopnaðri baráttu.**

**NORÐUR-ÍRLAND, AP** Írski lýðveldisherinn, IRA, sem drap og limlesti þúsundir manna í 35 ára vopnaðri baráttu gegn breskum yfirráðum á Norður-Írlandi, lýsti því yfir í gær að hann væri hættur að beita ofbeldi sem pólitísku baráttutæki. Bæði írska og breska stjórnin, sem og ráðamenn víðar um heim, fögnuðu þessu sem mikilvægum áfanga í átt að varanlegum friði á Norður-Írlandi.

Breski forsætisráðherrann Tony Blair sagði yfirlýsinguna „áfanga af fordæmislausri þýðingu“ og írski forsætisráðherrann Bertie Ahern sagði að hún boðaði „endalok IRA sem skæruliðasamtaka“.

En stjórnmálamenn í héraði og sumir fréttaskýrendur vöruðu við því að lesa of mikið út úr þessari yfirlýsingu; IRA hefði áður reynst standa illa við gefin loforð, mörgum spurningum væri ósvarað og IRA-menn hygðust ekki leysa samtökin upp. En þrátt fyrir þessa fyrirvara þykir yfirlýsingin mikill áfangi frá því samtökin lýstu yfir vopnahléi árið 1997.

Í yfirlýsingu IRA, sem var dreift á DVD-formi á netinu, segir að öllum leynilegum hópum samtakanna hafi verið fyrirskipað að losa sig við vopn sín og hætta öllum aðgerðum, frá kl. 16 að staðartíma í gær að telja. „Forysta (samtakanna) hefur formlega fyrirskipað að hinni vopnuðu baráttu skuli hætt,“ segir þar, en yfirlýsinguna las Seanna Walsh, sá IRA-maður sem lengst hefur setið í fangelsi, í 21 ár.

„Öllum sjálfboðaliðum hefur verið sagt að leggja aðeins pólitískum og lýðræðislegum verkefnum lið og eingöngu með friðsamlegum aðferðum. Sjálfboðaliðar eiga ekki að taka þátt í neinum öðrum aðgerðum,“ segir í yfirlýsingunni, sem beint er til hinna á að giska 500 til 1.000 meðlima samtakanna.

IRA-forystan skorar í yfirlýsingunni á Breta og hinn Bretlandsholla meirihluta mótmælenda á Norður-Írlandi að viðurkenna þetta útspil hennar sem fullnægjandi til að viðræður um að koma á samstjórn beggja fylkinga Norður-Íra verði teknar upp að nýju. Slíkar viðræður voru meginmarkmið friðarsamninganna frá 1998, sem kenndir eru við föstudaginn langa.

audunn@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**LEGGJA NIÐUR VOPN** Mæðgin ganga hjá herskáu veggmálverki í hverfi kaþólskra í Ballymurphy í Belfast í gær.

Bæjaryfirvöld Hafnarfjarðar halda kynningarfund um álverið í Straumsvík:

# Hugsanlega kosið um stækkun

**ÁLVER** Hafnfirðingar fá hugsanlega að kjósa um stækkun álversins í Straumsvík á haustmánuðum, að sögn Lúðvíks Geirssonar bæjarstjóra.

„Bæjarráð hefur rætt óformlega um slíkar kosningar í tengslum við kosningarnar um sameiningu Hafnarfjarðar og Voga hinn 8. október,“ segir Lúðvík en þegar er búið að samþykkja tillögu að deiliskipulagi fyrir álverssvæðið sem nú er í kynningu.

Almennur kynningarfundur fyrir íbúa bæjarins verður haldinn síðari hluta ágústmánaðar. „Þar verður farið yfir áform um stækkun og allar tillögur og áherslur sem þeim tengjast,“ segir Lúðvík. „Í kjölfar þess verður síðan ákveðið hvort farið verður í almennar kosningar um málið en ég tel fulla ástæðu til þess ræða það mál vel.“

Lúðvík segir umræðu um stækkun álversins litla enn sem komið er. „Fólk er margt hvert ekki nógu upplýst um stækkunina og þess vegna er mjög mikilvægt að íbúar fái góðar upplýsingar um hvað málið snýst.“

- ht



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**STRAUMSVÍK** Bæjaryfirvöld í Hafnarfirði skoða nú hvort kjósa eigi um stækkun álversins í Straumsvík í byrjun október.



Skyr
smoothie
SKYRDRYKKUR

KEA-skyr Smoothie er skyrdrykkur sem byggir á hollustu KEA-skyrs og inniheldur náttúrulegar trefjar og er nánast fitulaus. Hann er ríkur af hágæða mysupróteinum og inniheldur fáar hitaeiningar.

KEA-skyr Smoothie er gerður fyrir fólk sem stundar heilbrigðan lífsstíl og er annt um hreysti og gott útlit.



Hágæða prótein

Nánast fitulaus

Náttúrulegar trefjar

FEGURÐ HREYSTI HOLLUSTA



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**Á RÆKJUVEIÐUM** Flæmski rækjuveiðimaðurinn Stefaan Hancke sést hér að störfum við strönd Norðursjávar við Oostduinkerke í Belgíu í gær. Þar er hefð fyrir því að stunda rækjuveiðar af hestbaki.

Bæjarstjórinn segir það geta orkað tvímælis að bæjaryfirvöld kanni stjórnmálaskoðanir fólks:

# Tilgangurinn ekki að mæla fylgi flokkanna

**STJÓRNMÁLASKOÐANIR** Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóri á Akureyri, segir það geta orkað tvímælis að stjórnmálaskoðunum fólks sé blandað í rannsókn sem fjármögnuð er af bæjaryfirvöldum. Segir hann tilganginn með spurningunni um hvaða flokk eða lista fólk hefði kosið, ef gengið hefði verið til kosninga þegar könnunin var gerð, hafa verið að varpa skýrara ljósi á ýmsar aðrar gagnlegar upplýsingar sem ætlunin var að ná fram.

„Bæjarstjórn Akureyrar hefur í þrígang gert lífskjarakannanir. Meðferð þeirra upplýsinga sem þar hafa komið fram hefur alltaf verið með sambærilegum hætti og á síðasta kjörtímabili voru bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar í meirihlutanum og tóku þátt í að gera slíkar kannanir. Í ljósi umræðunnar að undanförnu má hins vegar vel vera að það hafi verið mistök að hafa þessa spurningu með en tilgangurinn var alls ekki að mæla fylgi flokkanna enda hefur bæjarstjórnin ekkert með slíkar upplýsingar að gera,“ segir Kristján.

- kk



**BÆJARSTJÓRINN Á AKUREYRI** Kristján segir að bæjarstjórnin sem slík hafi engin not fyrir upplýsingar um fylgi flokkanna.

Þjónustukannanir í Reykjavík:

## Fylgi flokkanna ekki mælt

**REYKJAVÍKURBORG** Eiríkur Hjálmarsson, aðstoðarmaður borgarstjórans í Reykjavík, segir að borgin geri á tveggja ára fresti þjónustukannanir þar sem viðhorf borgarbúa til margvíslegra þjónustu Reykjavíkurborgar séu könnuð. „Borgaryfirvöld hafa hins vegar ekki gert könnun þar sem borin eru saman lífsgæði í Reykjavík og á Akureyri og borgin hefur heldur ekki gert könnun þar sem spurt er um stjórnmálaviðhorf borgarbúa. Ef það er sérstakt hagsmunamál Akureyringa að vita pólitíska afstöðu Reykvíkinga þá er það þeirra mál en borgaryfirvöld telja það ekki sitt hlutverk,“ segir Eiríkur.

- kk



**AÐSTOÐARMAÐUR BORGARSTJÓRA** Eiríkur segir að Reykjavíkurborg hafi ekki fjármagnað kannanir þar sem spurt hafi verið um stjórnmálaskoðanir borgarbúa.



**SKIPTAR SKOÐANIR Á AKUREYRI** Akureyringar hafa flestir hverjir fagnað þeim niðurstöðum rannsóknarinnar sem þegar hafa verið kynntar opinberlega en nokkrar niðurstöður, sem bæjaryfirvöld hafa enn ekki kynnt, hafa vakið deilur.

# Eldfimar upplýsingar í umdeildri lífskjararannsókn

**Niðurstöður lífskjararannsóknar sem IMG Gallup framkvæmdi á Akureyri og á höfuðborgarsvæðinu í vor hafa vakið deilur. Út úr þeim má lesa laun fylgismanna stjórnmálaflokkanna, menntun og í hvaða hverfum þeir eru búsettir. Bæjaryfirvöld á Akureyri hafa í höndum sambærilegar upplýsingar varðandi Reykvíkinga.**

**KÖNNUN** Í ítarlegri lífskjararannsókn sem IMG Gallup framkvæmdi á Akureyri og á höfuðborgarsvæðinu í vor, að ósk bæjaryfirvalda á Akureyri, má lesa margvíslegar niðurstöður og ef svör eru samkeyrð má fá enn fleiri og nákvæmari upplýsingar.

Margar gagnlegar og lítt umdeildar upplýsingar er að finna í niðurstöðunum sem bæjaryfirvöld á Akureyri geta notað við uppbyggingu bæjarins, bæjarbúum öllum til hagsbóta, en þar er einnig að finna upplýsingar sem sumir telja viðkvæmar og vakið hafa deilur á Akureyri. Þar á meðal eru upplýsingar sem bæjaryfirvöld á Akureyri lögðu ekki upp með að kanna sérstaklega en fylgja með í pakkanum sem bakgrunnsbreytur sem notaðar voru við rannsóknina. Ein slík bakgrunnsbreyta er spurning númer 58 en þar eru Akureyringar spurðir hvaða flokk eða lista þeir hefðu kosið í vor ef gengið hefði verið til kosninga á þeim tíma sem könnunin var framkvæmd.

Í endanlegri skýrslu sem IMG Gallup afhenti bæjaryfirvöldum á Akureyri eru svör við þeirri spurningu keyrð saman við svör við öðrum spurningum og þá má meðal annars sjá að nær helmingur stuðningsmanna Sjálfstæðisflokksins á Akureyri er með 300 þúsund krónur eða meira í mánaðarlaun. Fjölskyldutekjur 60 prósenta fylgismanna Sjálfstæðisflokksins eru hærri en 550 þúsund krónur á meðan fjölskyldutekjur 8,6 prósenta stuðningsmanna Vinstri grænna eru hærri en 550 þúsund krónur.

Fylgismenn Sjálfstæðisflokksins á Akureyri er frekar að finna á meðal þeirra sem búið hafa lengi á Akureyri á meðan stór hluti stuðningsmanna Samfylkingarinnar á fremur stutta búsetu á Akureyri að baki.

Aðeins 5,6 prósent kjósenda Framsóknarflokksins á Akureyri hafa háskólapróf en 35,2 prósent kjósenda Sjálfstæðisflokksins hafa slíkt próf. Hátt í þriðjungur kjósenda Samfylkingarinnar hefur einungis grunnskólapróf.

Ýmsar fleiri slíkar upplýsingar má lesa úr rannsókninni, svo sem aldurs- og kynjasamsetningu fylgismanna flokkanna og í hvaða hverfum á Akureyri þeir búa. Bæjaryfirvöld á Akureyri hafa einnig í höndum sambærilegar upplýsingar varðandi íbúa höfuðborgarsvæðisins.

kk@frettabladid.is




Nafnlaus könnun:

## Svörin ekki rakin

**KÖNNUN** Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, rannsóknarstjóri hjá Gallup, segir að um nafnlausa könnun hafi verið að ræða og bæjaryfirvöld á Akureyri geti því ekki séð hvaða einstaklingar standi að baki svörunum. „Það var tekið tilviljunarkennt úrtak og farið eftir öllum reglum um persónuvernd,“ segir Guðbjörg.



**GUÐBJÖRG ANDREA JÓNSDÓTTIR**

Þórður Sveinsson, lögfræðingur hjá Persónuvernd, segist ekki vita til þess að kvörtun hafi borist vegna þessarar tilteknu könnunar. „Ef kannanir eru nafnlausar er ekki hægt að rekja upplýsingar sem aflað er með könnunum til einstaklinga og þá reynir ekki á lög um persónuvernd,“ segir Þórður.

- kk

Gagnrýni varaþingmanns:

## Bæjaryfirvöld á gráu svæði

**GAGNRÝNI** Lára Stefánsdóttir, Akureyringur og varaþingmaður Samfylkingarinnar í Norðausturkjördæmi, er ein þeirra sem gagnrýnt hafa bæjaryfirvöld á Akureyri harðlega vegna lífskjararannsóknarinnar. „Það er gríðarlega alvarleg staða að Akureyrarbær noti fé bæjarbúa til að kanna lífskjör og stöðu stjórnmálaflokka í bænum og heimti að niðurstöður séu trúnaðarmál. Hitt er einnig alvarlegt að sú spurning vaknar hvort bæjaryfirvöld hafi seilst inn á grátt svæði hvað varðar upplýsingaöflun og lög um meðferð persónuupplýsinga,“ segir Lára.



**LÁRA STEFÁNSDÓTTIR**

- kk

# Hafðu gaman um helgina

BT býður betur!

## SONY
Sony Cybershot 4.1 MI DSC-S80

Risa skjár

4.1 megapixlar

SONY GÆÐI

BT Bestu kaupin

**2.499**
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST
**29.988** STAÐGREITT

RAFHLAÐA

**Hleðslurafhlöður**
Með STAMINA tækninni eða allt að 440 myndir á hverri hleðslu.

**2" litaskjár**
Stór og vandaður 2.0" litaskjár og þú sérð vel allar myndir sem sem eru teknar á DSC-S80.

**MPEG Movie**
Það er ekkert mál að taka videomyndir eins lengi eins og minnið leyfir.

**Carl Zeiss linsa**
Með 3x optical Carl Zeiss Vario Tessar linsunni í DSC-S80 eru gæðin tryggð jafnvel niður í minnstu smáatriði.

## Panasonic
MiniDv videóvél NVGS17B

BT MEÐ MÆLI

**2.999**
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST
**35.988** STAÐGREITT

FYLGIR

Lækkað verð

**DV tengi og USB2**
Miklir tengimöguleikar við PC og Apple vélar

**800x aðdráttur**
Með 800x digital og 24x optical aðdrætti nærðu öllum smáatriðum sem þú vilt.

**2.5" Litaskjár**
Hágæða LCD litaskjár sem þú snúið eftir hentugleika. Allar stillingar koma á skjáinn.

**NightView 0 LUX**
Það skiptir ekki máli þótt birtan sé engin - þú nærð samt góðum upptökum.

## GSM sími

NOKIA

NOKIA1100
**GSM NOKIA 1100**
- Dual band 900/1800
- Ending rafhlöðu allt að 400 klst. í biðstöðu og allt að 4 klst í tali
- 250 númera minn titrarii
- Innbyggt vasaljós
- Stærð: 106x46x20 mm
- Þyngd: 86 gr.
- ATH: Án Íslensks Stýrirkerfis

Besta verðið

**6.999**

## Ferða DVD spilari

MEDION®

MD80401
**Medion ferða DVD spilari**
- DVD ferðaspilari
- Tveir 7" LCD skjáir
- Spilar tónlistardiska og MP3 diska
- Innbyggðir víðóma hátalarar
- Fjarstýring
- Taska og tvö vönduð heyrnatól fylgja
- Bíltengi - 12 volt

**Hentugt í bústaðinn eða bílinn, auðvelt að tengja ýmist í 12 volta tengi eða í rafmagn. Auðvelt að tengja leikatölvur við.**

Tveir skjáir

**3.499**
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST
**41.988** STAÐGREITT

FYLGIR

## Ótrúlegur GSM sími

– MP3 spilari, 2 Mega pixla stafræn myndavél, útvarp og fullkominn farsími.

Sony Ericsson K750

2 MEGA PIXEL
**Um myndavélina:**
Myndavél: 2.0 Megapixel, með auto focus, mest 1632x1224 punkta upplausn, með ljósi. Tekur upp hreyfimyndir í upplausninni 176x144 punktar, lengdin fer eftir lausu minni.

98 MB
**Minni:**
34 Megabyte innbyggt í símann, 64 MB Minniskort fylgir (Mesta stærð: 2GB)

**Fullkominn tónlistarspilari**
með lagalistum (spilar MP3, AAC og M4U). Valmyndakerfi á Íslensku.

FM RDS
**Útvarp**
FM útvarp með RDS

**2.999**
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST
**35.988** STAÐGREITT

## MP3 spilari

Pláss fyrir 60 lög!

**7.999**

9.999

aigo

U-WATCH
AIGO ARMBANDSÚR
- Úr með MP3 spilara
- 256MB innbyggt minni

Mössuð græja

## MP3 spilari

allt að 120 lög!

Innbyggt útvarp!

**12.999**

14.999

aigo

E808A-512MB
AIGO E808A 512MB MP3

Fyrir töffarana

## Tónlist á tilboði

Verslunarmannahelgin hefst í BT

Rugl verð

**1.799** Hver diskur

BT Skeifan • BT Kringlan • BT Smáralind • BT Hafnarfjörður • BT Spönginni • BT Akureyri • BT Egilsstaðir • BT Selfoss • BT Ísafjörður • www.bt.is • Sími 550 4444

„ORÐRÉTT“

*„Það er nú eiginlega bara af mannúðarástæðum sem ég bauð [mótmælendunum við Kárahnjúka] að koma til mín. Kirkjan var búin að hrekja þau í burtu sem samrýmist nú ekki kenningum biblíunnar.“*

GUÐMUNDUR ÁRNASON, BÓNDI Á VAÐI Í SKRIÐDAL, Í FRÉTTABLAÐINU.

*„Það er misskilningur að við viljum varpa skugga á helgina hjá fólki með því að láta það hugsa um eitthvað óþægilegt, við viljum einfaldlega að hver einn og einasti njóti helgarinnar.“*

FULLTRÚAR KARLAHÓPS FEMÍNISTAFÉLAGSINS OG V-DAGSSAMTAKANNA Í MORGUNBLAÐINU.

*nær og fjær*

# tilveran

**HALTUR LEIÐIR BLINDAN:** PÓSTKORT FRÁ BJARKA OG GUÐBRANDI

## *Guðbrandur festist í malbikinu*

Þegar þetta er skrifað eigum við fjóra kílómetra eftir að Brú í Hrútafirði. Við erum svo reifir og hressir að við ætlum að þjóta framhjá Brú, sem annars ætti að vera lokastöðin í dag, og vinna af okkur sem mest af morgundeginum. Bæði hlakkar Guðbrandur svo til að veiða lunda og svo viljum við ganga sem minnst í þeirri umferð sem von er á.

Á miðvikudag gengum við um Húnaþing vestra. Þar tóku á móti okkur Elín R. Líndal oddviti og Guðrún Ragnarsdóttir og gengu með okkur að Laugarbakka þar sem við hittum tuttugu manna hóp sem rölti með okkur í verslunina Bakkabúð. Í hópnum var yngsti samferðamaður okkar til þessa, tveggja ára stúlka sem lét engan bilbug á sér finna.

Í gær var hitinn svo yfirþyrmandi að malbikið á þjóðveginum því sem næst bráðnaði undan fótum okkar. Það slettist upp á



hlaupaskóna, bílinn og fellihýsið. Á Laugarbakka tóku tveir menn málið í sínar hendur og tjöruhreinsuðu bæði bíl og tjaldvagn. Það var hins vegar verra þegar við þurftum næstum að skilja Guðbrand eftir á miðjum vegi þar sem hann stóð fastur í malbikinu. Það fór þó betur en á horfðist og Guðbrandur gat haldið göngunni áfram.

Við fundum einnig yfirgefna myndavél á göngu okkur um Húnavatnssýslur. Hún virðist vera í góðu lagi og meira að segja filma í hólfinu. Við ætlum að framkalla hana þegar við komum heim og spennandi verður að sjá hvað leynist á myndunum.

Nú heyrist ekki frá okkur aftur fyrr en eftir helgi en þá eigum við ekki nema nokkra kílómetra ófarna heim. Gangið hægt um gleðinnar dyr um helgina.

Kær kveðja, Bjarki og Guðbrandur.

**SJÓNARHÓLL**

**METSALA Á ÁFENGI**



**JÓNA HRÖNN BOLLADÓTTIR**
prestur

## *Furðuleg helgi*

Forsvarsmenn ÁTVR gera ráð fyrir því að selja samtals 700 þúsund lítra af áfengi fyrir verslunarmannahelgi, sem er tíu prósenta aukning frá því í fyrra. Aldrei hefur jafn mikið áfengi verið selt á einni viku en söluandvirðið er hálfur milljarður króna. Yfirgnæfandi hluti af því magni er bjór og má gera ráð fyrir að hver Íslendingur yfir tvítugu drekki að meðaltali um þrjá lítra af öli fyrir og um helgina.

„Þessar tölur minna fyrst og fremst á það að verslunarmannahelgin er stórfurðulegt fyrirbæri,“ segir séra Jóna Hrönn Bolladóttir miðborgarprestur.

„Það er undarlegt að fólk á eyju lengst norður í hafi skuli taka sig til eina helgi á ári, keyra út á land og drekka sig ofurölvi úti í móa í mikilli vosbúð.“

Þótt Jóna hafi vissulega gert sér grein fyrir að áfengissala ykist fyrir helgina koma þessar tölur henni á óvart.

„Þetta er mjög mikið magn og staðfestir að það er ekki tímabært að losa um hömlurnar og auðvelda aðgengi að áfengi með því að leyfa vínsölu í matvöruverslunum eða lækka áfengiskaupaaldurinn.“ Jóna Hrönn þjónaði meðal annars í Vestmannaeyjum í sjö ár. „Ég þekki vel til Þjóðhátíðar í Eyjum og bakhlið hennar gat verið átakanleg.“

# Gáttaður á áhuga Íslendinga

**Færeyski listamaðurinn Hilmar Hoøgaard gladdi ófáa listunnendur með veru sinni hér á landi og er gáttaður á frábærum viðtökum sem hann hlaut hér á landi. Hann er rafmagnsverkfræðingur að mennt en kýs frekar að vinna með fötluðum og gerir það nú gott í myndlistinni.**

„Ég er alveg gáttaður á þessum áhuga Íslendinga á verkum mínum,“ segir færeyski myndlistarmaðurinn Hilmar Hoøgaard en hann hélt myndlistarsýningu í Eden í Hveragerði í síðasta mánuði.

Það er kannski ekki nema von að Hilmar sé gáttaður því hann mætti hingað til lands með þrjátíu og níu myndir en hafði aðeins með sér tæpan helming til baka. Hinn helmingurinn prýðir stofur íslenskra myndlistarunnenda, sem tóku Hilmari svo sannarlega vel.

Hann var einnig upp með sér vegna peningaupphæðanna hér og þóttist hafa himin höndum tekið þegar verk hans seldust á tugi þúsunda króna en þó dróst aðeins úr kæti hans þegar honum varð ljóst að mikill munur er á íslensku og dönsku krónunni.

En þó er hann ekki mikill efnishyggjumaður. „Ég kýs frekar að hafa gaman af lífinu,“ segir hann. „Þess vegna er ég til dæmis að vinna á sambýli fyrir fatlaða, sem er mjög gefandi og skemmtilegt starf. Ég lærði rafmagnsverkfræði en mér fannst ekkert skemmtilegt að eiga við það svo ég lít ekki við því lengur.“

Hilmar er frá bænum Toftum, sem er vinabær Hveragerðis, og var sýning hans liður í menningarlegu samstarfi bæjanna. Hann dvaldi í Hveragerði í hálfan mánuð á meðan á sýningunni stóð og ber hann Íslendingum vel söguna. „Þið eruð góðir grannar og margir hafa sagt mér að myndirnar mínar minni um margt á Ísland. Til dæmis er ég heillaður af sjón-



FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

**HILMAR HOØGAARD** Hilmar hinn færeyski var kátur í Hveragerði enda seldust verk hans eins og heitar lummur á sýningunni í Eden. Af myndunum í bakgrunni að dæma skyldi engan undra þó listunnendur hafi tekið við sér. Engan nema Hilmar sjálfan, sem var gáttaður á viðtökunum.

um og fiskimennsku eins og sést á verkum mínum og þetta leggst vel í Íslendingana,“ segir hann upp með sér.

En verk Hilmars leggjast ekki aðeins vel í Íslendinga því undanfarin ár hefur orðstír hans sem myndlistarmanns farið vaxandi í heimalandi hans. „Þótt ég hafi alltaf málað var það ekki fyrr en í hittifyrra sem ég fór að gera þetta af einhverri alvöru og smátt og smátt er ég að „meika“ það í Færeyjum. Gefðu mér tvö ár í viðbót og þá verð ég orðinn verulega frægur,“ segir Hilmar og hlær.

jse@frettabladid.is





Stuðmannatónleikar í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum, laugardagskvöldið 30. júlí kl. 21.

Forsala á Olís-stöðvunum í Reykjavík. Aðeins 500 kr. miðinn.

olís

www.olis.is



Nýjar vörur
Kúrekastígvél
svört, st. 36-41
4.999kr
TILBOÐ
5.499kr
Verð áður 5.999-
Kúrekastígvél
svört, brún, st. 36-40
bullboxer
Ekta leður
TILBOÐ
5.999kr
Verð áður 7.999-
Indíánastígvél
drapplit, st. 36-41
oxmo
Bolur
st. S-XL
1.999kr
Bolur
margir litir,
st. S-M
1.299kr
true
Gallabuxur
bláar,
st. 10-20
3.999kr
bullboxer
Ekta leður
TILBOÐ
4.999kr
Verð áður 5.999-
Mokkasínur
brúnir, drappaðir, st. 36-41
ICHI
Ekta leður
TILBOÐ
3.999kr
Verð áður 4.999-
Mokkasínur
margir litir, st. 36-41
b.young
TOGO
Heklaðir skór
rauðir, st. 36-41
2.999kr
TILBOÐ
999kr
Verð áður 1.299-
Kínaskór m/riflás
margir litir, st. 30-41
Gildir til 5. ágúst eða á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla




Jón Nordal
Íslandsmeistari




Farðu inn á **landsbanki.is** og búðu til þitt eigið kort

**MARKAÐSVIRÐI SÍMANS**
við sölu 2001 og 2005




# baksvið
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** VERÐBREYTINGAR Á DÍSILOLÍU

## *Gjaldtakan mikið breytt*

Atvinnubílstjórar eru margir mjög óánægðir með verðhækkanir á dísilolíu og grípa jafnvel til aðgerða í mótmælaskyni. Ný lög um olíugjald og kílómetragjald tóku gildi um síðustu mánaðamót og felldu um leið úr gildi lög um fjáröflun til vegagerðar en þar kveður á um að greiða eigi sérstakan þungaskatt af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín.

**Hvað er olíugjald?**
Olíugjald nemur 41 krónu á hvern lítra af olíu til 31. desember næstkomandi. Öll olía sem nothæf er á ökutæki er skattlögð. Þungaskatturinn, sem aflagður var við breytingarnar, byggði hins vegar á álestri af ökumælum. Þannig breyttist gjaldtakan úr því að vera gjald á ekna vegalengd yfir í að vera gjald á notað eldsneytismagn. Greiða þarf virðisaukaskatt af olíugjaldinu.

**Hvað er kílómetragjald?**
Kílómetragjald er tiltekin fjárhæð á hvern ekinn kílómetra og er þannig sambærileg þeirri gjaldtöku sem tíðkast hefur í þungaskattskerfinu. Gjaldið er þó mun lægra en fjárhæð þungaskatts og álestrartímabil verða færri. Kílómetragjald er óháð orkugjafa og leggst jafnt á bifreiðar sem knúnar eru bensíni, dísilolíu eða öðrum orkugjafa. Gjaldið verður einungis innheimt vegna aksturs bifreiða og eftirvagna sem eru tíu tonn eða meira og eru bifreiðar til fólksflutninga undanskildar.

**Hverjir eru undanþegnir greiðslu olíugjalds?**
Lituð olía er til að mynda ekki gjaldskyld ef hana á að nota á skip og báta, til húshitunar eða hitunar almenningssundlauga. Einnig er gjaldið undanþegið til notkunar í iðnaði og á



vinnuvélar auk þess sem notendur dráttarvéla í landbúnaði þurfa ekki að greiða olíugjald.

**SPURT & SVARAÐ**
**ERFÐAMENGI ÍSLENDINGA KORTLAGT**



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

AGNAR HELGASON
mannfræðingur

## *Erfðamengi Íslendinga*

Nýlega voru birtar niðurstöður úr rannsókn Agnars Helgasonar mannfræðings á erfðafræðilegum mun á Íslendingum eftir landsvæðum.

**Er merkjanlegur munur á Íslendingum eftir því af hvaða landshorni þeir koma?**
Já, það kom fram í þessari rannsókn. Munurinn er ekki mikill, en merkjanlegur. Það sýnir að fólk hefur flest haldið sig á slóðum sinna forfeðra og -mæðra, haldið sig í heimasveitinni. Það stangast svolítið á við það sem sumir hafa haldið um Íslendinga fyrri alda. Ég held að það sé vegna þess að frásagnir frá fyrri tímum hafa yfirleitt verið af fólki sem flutti sig milli svæða. Sem var undantekningin. Þeir sem hvergi fóru þóttu síður í frásögur færandi.

**Ertu að fletta ofan af fleiri leyndardómum um erfðir Íslendinga?**
Almennt séð snúast rannsóknir mínar um að skilja erfðamengi Íslendinga, uppbyggingu þess, hvernig breytileiki erfðamengisins er, hvernig það skiptist upp eftir landsvæðum, hver saga þess er og hvaðan það kom. Mannfræðingar eru í auknum mæli að tengjast svona rannsóknum eins og fara fram hjá Íslenskri erfðagreiningu, af því að þessar upplýsingar eru í auknum mæli álitnar vera verðmætar. Þarna liggja upplýsingar sem geta hjálpað þeim sem eru að leita að orsökum sjúkdóma.

# Síminn hefur loks verið seldur

**Verðið sem fékkst fyrir Símann í gær er mun hærra en gert var ráð fyrir árið 2001. Síminn hefur verið seldur fyrir tæpa 67 milljarða króna en 2001 var reiknað með að hann yrði seldur á um 40 milljarða. Einnig er áhugavert að bera saman einkavæðinguna núna og sölu ríkisbankanna á sínum tíma.**

Í gær var Síminn seldur á tæpa 67 milljarða til fjárfestahópsins Skipti ehf. sem félagið Exista ehf. og Kaupþing banki hf. eiga samtals þrjá fjórðu hluta í. Miðað við verðið sem hin tvö félögin sem börðust um Símann buðu mætti ætla að Skipti væri að greiða ansi hátt verð fyrir fyrirtækið. Nýja símafélagið ehf. bauð tæpa 55 milljarða og Símstöðin ehf. bauð um 60 milljarða.



**FRÉTTASKÝRING**
SALA SÍMANS

**ODDUR ÁSTRÁÐSSON**
BLAÐAMAÐUR

Ef miðað er við misheppnaða einkavæðingu Símans árið 2001 má ætla að ríkisstjórnin geti vel unað við kaupverðið núna. Þá var gert ráð fyrir að Síminn færi á um 40 milljarða og gert ráð fyrir að salan færi fram í þremur þrepum. Einnig er áhugavert að miða við verðið sem fékkst fyrir ríkisbankana tvo, Landsbankann og Búnaðarbankann, sem samtals fóru á vel innan við helming þess verðs sem nú fæst fyrir Símann.

### Misheppnuð einkavæðing 2001

Í ársbyrjun árið 2001 lá fyrir skýrsla einkavæðingarnefndar um fyrirhugaða sölu Símans. Gert var ráð fyrir að fyrirtækið yrði selt í þremur hlutum, fyrst til starfsmanna og almennings og svo til stofnanafjárfestis. Þá var gert ráð fyrir að stofnanafjárfestir væri tilbúinn að greiða nokkuð hærra verð en almenningur, enda um margfalt stærri hlut að ræða. Frumvarp samgönguráðherra um söluna var samþykkt á vorþinginu og gert ráð fyrir því að salan hæfist jafnvel strax þá um vorið. Svo varð þó ekki, á haustmánuðum var fyrirkomulag sölunnar kynnt og almenningi boðið að kaupa hlutabréf í fyrirtækinu á genginu 5,75, verði sem almennt þótti of hátt. Áhugi almennings og fjárfesta var mjög dræmur og útboðið gekk því síður en svo sem skyldi. Þá var hafist handa við að reyna að finna hugsanlegan kjölfestufjárfesti og um tíma stóðu samningaviðræður við danska símarisann TDC. Þær umræður sigldu í strand eftir að það kvisaðist út að TDC teldi uppsett verð of hátt. Fljótlega í kjölfarið var ákveðið að bíða með einkavæðinguna.

### Viðburðarík sala Landsbankans

Haustið 2002 var gengið frá sölu 45,8 prósenta hlutar í Landsbankanum til fjárfestahópsins Samson ehf. fyrir um 12,3 milljarða króna. Áður höfðu 33 prósent verið seld af bankanum í almennu hlutafjárútboði.

Framkvæmdanefnd um einkavæðingu hafði vorið 2002 unnið að því að allur eftirstandandi hlutur ríkisins í Landsbankanum, þá rétt undir 50 prósentum, yrði seldur á almennum markaði eftir vel heppnað hlutafjárútboð til almennings fyrr á árinu og misheppnaða sölu á kjölfestuhlut í bankanum til erlends aðila haustið 2001. Forsvarsmenn fjárfestingahópsins Kaldbaks voru ósáttir við vinnubrögð einkavæðingarnefndarinnar enda höfðu þeir talið að mun minni hlutur væri til sölu. Þeir höfðu með sér í liði sænskan fjárfestingarbanka sem taldi kaupin ekki hagkvæm nema til sölu væri að minnsta kosti 35 prósenta hlutur. Kaldbakur hafði þó boðið hærra verð á hlut en Samson, en fyrir minni hlut bankans.

Miðað við gengi bréfanna sem keypt var á haustið 2001 hefur markaðsvirði Landsbankans nær fimmfaldast á tæpum fjórum árum. Í milliuppgjöri bankans fyrir fyrri hluta þessa árs kemur svo fram að hagnaður hans eftir skatta á hálfu ári nemur um 11 milljörðum króna.

### Búnaðarbankinn seldur

Í janúar 2003 var svo gengið frá sölu seinni ríkisbankans. Kaupandi var svokallaður S-hópur sem keypti 45,8 prósenta hlut í bankanum á 11,9 milljarða króna. Þýski einkabankinn Hauck & Aufhäuser keypti 35,6 prósent af hlutnum með hópnum fyrir rúma fjóra milljarða króna. Gengi hlutabréfanna var þá 4,81. Sala bankans þótti takast með ágætum á sínum tíma en hefur þótt umdeild á síðari stigum.

Búnaðarbankinn sameinaðist Kaupþingi þá um vorið og hefur sameinaður KB banki vaxið ört síðan. Markaðsvirði bankans hefur þannig nær sexfaldast á tæpum tveimur árum. Í milliuppgjöri fyrir fyrri helming þessa árs kemur fram að hagnaður bankans á þeim tíma nemi tæpum 35 milljörðum. ■




FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



**TÓKUST Í HENDUR EFTIR OPNUN TILBOÐA** Jón Sveinsson, formaður einkavæðingarnefndar, tók í hönd Erlends Hjaltasonar, framkvæmdastjóra Exista, eftir að í ljós kom að hópur undir forystu Erlends bauð hæst í Símann. Kaupsamningur liggur fyrir og er gert ráð fyrir að hann verði undirritaður á föstudag eftir viku.







## GERÐU ÞÉR MAT ÚR BLÓMKÁLI

### BLÓMKÁLSGRATÍN MEÐ GRÁÐOSTASÓSU

um 800 g íslenskt blómkál
salt
250 ml matreiðslurjómi eða rjómi
100 g gráðaostur
75 g rjómaostur
1/4 tsk timjan, þurrkað
nýmalaður pipar
2 egg
nokkrir valhnetukjarnar
smjör til að smyrja formið

Ofninn hitaður í 200°C. Blómkálið snyrt, skipt í kvisti og soðið í saltvatni í 3–4 mínútur. Hellt í sigti og látið renna vel af því. Rjóminn hitaður í potti, muldum gráðaosti og rjómaosti hrært saman við og hrært þar til osturinn er bráðinn. Kryddað með timjani, pipar og salti. Eggin þeytt létt í skál, heitri gráðaostassósunni hrært saman við í mjórri bunu og hrært rösklega á meðan. Blómkálinu dreift í vel smurt form, valhneturnar muldar yfir og síðan er sósunni hellt jafnt yfir allt saman. Sett í ofninn og bakað í 15–20 mínútur, eða þar til fyllingin hefur stífnað og tekið góðan lit.

íslenskt blómkál

**www.islenskt.is - fleiri ljúffengar uppskriftir og fróðleikur**

# skoðun

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Vægar reglur?

Ýmsum finnst að reglur Kauphallarinnar um vinnubrögð fyrirtækja á markaði séu ekki nógu strangar. Hafa orðið umræður um þetta í framhaldi af hluthafafundi FL-Group á dögunum, þar sem fráfarandi stjórnarmaður, Inga Jóna Þórðardóttir, gagnrýndi stjórnarformanninn, Hannes Smárason, harðlega fyrir að láta ekki ræða meiriháttar fjárfestingar í stjórn félagsins áður en ákvarðanir um þær væru teknar. Hannes svaraði engu efnislega og kvaðst ekki vilja standa í orðaskaki við Ingu Jónu.



### Strangari

Í Viðskiptablaðinu á miðvikudaginn segir að FL-Group hafi hins vegar á dögunum fengið að kynnast því hvernig það er að þurfa að lúta ströngum leikreglum. Það hafi ekki verið í Kauphöllinni í Reykjavík heldur London. Rekur blaðið söguna og segir að dagblaðið Scotsman hafi fyrir stuttu haft eftir Jóni Karli Helgasyni, forstjóra Icelandair, dótturfyrirtækis FL-Group, að fyrirtækið hygðist ekki sameinast lággjaldafélaginu easyJet og ekkert væri að gerast á því sviði. Þessi yfirlýsing vakti athygli því margir voru gagnstæðrar skoðunar.

### Sex mánaða bann

Reglur bresku Kauphallarinnar kveða á um að eitt fyrirtæki megi ekki gera yfirtökutilboð í annað félag fyrr en sex mánuðum eftir að það neitar því opinberlega að hafa uppi slík áform. Sama gildir ef fyrirtækið vill eignast meira en en 30% hlutafjár í viðkomandi félagi. Ummæli Jóns Karls voru því til þess fallin að takmarka möguleika FL-Group. Af þeim sökum sendi félagið frá sér tilkynningu til fréttaveitu bresku Kauphallarinnar 20. júlí þar sem sagði að fjárfestingarákvarðanir fyrir Icelandair væru teknar af stjórn móðurfélagsins. Ummæli Jóns Karls endurspegluðu ekki viðhorf hennar til fjárfestinga í easyJet. „Með tilkynningunni neyðist F-Group til að upplýsa meira en nauðsynlegt er um hernaðaráætlanir félagsins, sem sérfræðingar túlka sem svo að félagið hafi áhuga á því að auka hlut sinn í easyJet, eða jafnvel taka félagið yfir," segir Viðskiptablaðið.

**gm@frettabladid.is**

SJÓNARMIÐ
GUÐMUNDUR MAGNÚSSON

Sveitarfélög eiga ekki að borga skoðanakannanir fyrir stjórnmálaflokka.

## Endurgreiða ber kostnað leynikönnunar

Þeir stjórnendur Akureyrarbæjar sem bera ábyrgð á því að sveitarfélagið var látið greiða fyrir skoðanakönnun um fylgi stjórnmálaflokkanna í bænum eru vonandi búnir að átta sig á því að þarna var misfarið með almannafé. Þeir hljóta að endurgreiða bæjarsjóði kostnaðinn og biðja bæjarbúa afsökunar. Það er ekki hlutverk sveitarfélaga að standa fyrir skoðanakönnunum eða rannsóknum af þessu tagi.

*Þessar upplýsingar mættu flokkarnir nota en aðeins kynna niðurstöðurnar í innsta hring. Svo nákvæm eru gögnin sem aflað var, segir Ríkisútvarpið.*

Fréttir sem Ríkisútvarpið hefur flutt um mál þetta benda til þess að þeir stjórnendur Akureyrarbæjar sem að könnuninni stóðu hafi gert sér grein fyrir því frá upphafi að athafnir þeirra orkuðu tvímælis. Þeir leyndu minnihlutann í bæjarstjórninni því að samhliða lífskjarakönnun, sem bærinn kostaði, hefði verið spurt um flokkafylgi. Eftir að þeir voru búnir að fá minnihlutaflokkana til að samþykkja að trúnaður gilti um upplýsingarnar skýrðu þeir fulltrúum þeirra frá því að meðfram lífskjarakönnuninni hefði þeim látið kanna fylgi við flokkana í bænum og frambjóðendur þeirra. Þessar upplýsingar mættu flokkarnir nota en aðeins kynna niðurstöðurnar í innsta hring. Svo nákvæm eru gögnin sem aflað var, segir Ríkisútvarpið, að flokkarnir geta séð í hvaða hverfi kjósendur þeirra búa, hve miklar tekjur þeir hafa, hver aldur þeirra er og svo framvegis. Útvarpið segir að þetta þýði að þeir sem hafa óheftan aðgang að gögnunum geti séð hvar veikleikar og styrkleikar liggi pólitískt. Hvar sóknarfæri séu og hvar skóinn kreppi.

Ekki er annað hægt en hrista höfuðið yfir einu viðbrögðum bæjarstjórans á Akureyri, Kristjáns Þórs Júlíussonar, að ekki hafi staðið til að halda niðurstöðum könnunarinnar leyndum „til frambúðar". Ekki eru viðbrögð annarra í bæjarstjórninni rismeiri.

Stjórnmálaflokkarnir afla sér fjár með félagsgjöldum og styrktarframlögum einstaklinga og fyrirtækja. Þeir njóta einnig framlaga úr ríkissjóði. Um það skipulag hefur í höfuðatriðum ríkt sátt. Af þessu fé eiga þeir að greiða fyrir skoðanakannanir hafi þeir áhuga á því að afla upplýsinga um viðhorf kjósenda til starfsemi sinnar og stefnumála með þeim hætti. Þeir eiga ekki að láta almenning borga brúsann með því að seilast í opinbera sjóði.

Fáir höfðu líklega hugmyndaflug til að ímynda sér að forystumönnum stjórnmálaflokkanna mundi detta í huga að láta sveitarfélög borga verkefni eins og þetta sem tengist á engan hátt lögboðnu hlutverki þeirra. Ástæða er til að staldra við og spyrja hvað sé að gerast, þegar upp kemst að flokkarnir eru í algjöru óleyfi farnir að skammta sér fé úr sjóði sveitarfélags. Sú spurning vaknar hvort verið geti að þetta sé ekki eina dæmið um vinnubrögð af þessu tagi. ■

## Gutta cavat lapidem?

Í DAG
FORVARNIR UM VERSLUNARMANNAHELGI



BIRGIR GUÐMUNDSSON

Hjarðmennska fjölmiðla er vel þekkt. Það eru sömu hlutirnir sem fjallað er um á vel flestum miðlum. Ef einn byrjar að tala um eitthvað, þá er viðbúið að aðrir komi á eftir með sinn vinkil á málinu. Stundum er þetta fullkomlega eðlilegt og sjálfsagt, sérstaklega í fréttum þar sem nokkur samhljómur er í skilgreiningu á því hvað telst frétt. Hins vegar gengur þetta stundum mun lengra. Öll þekkjum við klisjur sem fjölmiðlar fjalla árvisst um í löngu máli og enginn skilur í rauninni hvers vegna. Iðulega tengist slík umfjöllun tilteknum dögum og verður viðamest í dagskrárgerð útvarpsstöðvanna þar sem dagskrárgerðarmenn spjalla daginn út og inn um málið eins og þeir hafi himin höndum tekið að hafa loksins fengið eitthvað að tala um. Þorláksmessuskatan er dæmi um þetta, konudagurinn, bóndadagurinn og mæðradagurinn. Því miður er þessi umfjöllun iðulega auglýsingatengd í þokkabót. Verslunarmannahelgin er á góðri leið með að verða á svona fyrirbæri enda miklir fjárhagshagsmunir í húfi - þrátt fyrir að ýmiss konar raunverulegt fréttaefni tengist raunar þeirri helgi líka.

Látlaus síbylja á nær öllum rásum gegn hraðakstri, nauðgunum, unglingadrykkju í bland við misvel dulbúinn áróður og auglýsingar fyrir útihátíðum og bjórdrykkju er að komast á það stig verða að suði í eyrum fólks. Suði sem fer inn um annað eyrað og út um hitt. Óvíst er hversu miklum árangri réttmætar forvarnir og viðvörunarorð eru að ná í þessu mótsagnakennda áróðursstríði - en miðað við frétt í Fréttablaðinu í gær virðist áfengisáróðurinn ná tilætluðum árangri. Nú stefnir í nýtt sölumet hjá ÁTVR, 700 þúsund lítrar á einni viku eða meira en tveir lítrar áfengis á hvert einasta mannsbarn í landinu. Grænlendingar hvað?!

Þegar síðan fréttir berast af því að hraðakstur tíðkist enn í stórum stíl og að tugir séu teknir á hverjum sólarhring nálægt þéttbýlissöðum vaknar grunur um að forvarnar- og viðvörunarskilaboðin séu mun síður að ná í gegn en glansmyndir töfraraskaparins.

Ein frétt úr hinu hannaða verslunarmannarhelgar-fréttaflóði vakti öðrum fréttum frekar athygli vegna þess að hún hafði ekki verið sögð mjög oft áður. Sú frétt kom frá tryggingafélaginu Sjóva, sem hafði tekið saman áætlaðan heildarkostnað vegna umferðarslysa síðustu fimm verslunarmannahelgar. Tölurnar eru byggðar á málum sem komu til félagsins og eru því í raun áætlaður kostnaður tryggingafélaganna. Niðurstaðan er að umferðarslysin þessar fimm verslunarmannahelga kosta ekki undir 1,5 milljörður króna eða um 300 milljónir hverja helgi. Þetta eru háar tölur og erfitt fyrir okkur, þetta venjulega fólk, að átta sig á þeim. Hins vegar er ég sannfærður um, að ef það bankaði upp hjá mér maður frá tryggingafélaginu mínu eftir helgina og rukkaði mig um 1.000 kr. umferðartoll fyrir hvern fjölskyldumeðlim vegna umferðarslysa helgarinnar - samtals 4.000 kr. í mínu tilfelli - yrði mér brugðið. Reikni nú hver fyrir sig. Hér er þó einungis um að ræða þann peningalega kostnað sem verslunarmannahelgarflóðið kostar. Inni í þessum tölum leynast vitaskuld ómældir harmleikir fólks sem hefur örkumlast, dáið, eða misst í slysum.

Síbylja forvarnarskilaboðanna virðist ekki vera að ná þeim árangri sem vonast er eftir og ugglaust eru margir hættir að heyra þau eða hreinlega slökka á tækjunum þegar síendurtekin varnaðarorð félagslega meðvitaðra embættismanna, lögreglu og útvarps Umferðarráðs koma enn einu sinni og segja sömu hlutina og þeir sögðu í fyrra og árið þar áður. Hjá Umferðarráði er þetta vandamál raunar ekki bundið við verslunarmannahelgina þótt umferðarþunginn sé augljóslega mestur þá. Þeir starfa á heilsársgrundvelli og þurfa því að slást um athyglina alla daga. Nýleg og umdeild auglýsingaherferð þeirra var einmitt dæmi um tilraun til að yfirtrompa á því sviði, þótt þau hafi raunar náð athyglinni á annan hátt en þau bjuggust við, þ.e. með því að krafist var banns á auglýsingar þeirra.

Hins vegar er því ekki að neita að það eru miklir kraftar sem vinna gegn forvarnar- og viðvörunarskilaboðunum. Kraftar tísku og augýsinga og efnahagslegir hagsmunir sem tengjast sölu á vörum og þjónustu. Því er nauðsynlegt að velta fyrir sér hvar við stæðum ef ekki hefðu komið til þessar hvimleiðu síendurteknu forvarnir og viðvaranir? Slíkt verður vitaskuld aldrei mælt af neinu viti. Rómverjar til forna sögðu „Gutta cavat lapidem", að dropinn holaði steininn. Út á það gengur þessi forvarnarhugmyndafræði, að skilaboðin komist til skila séu þau endurtekin nægjanlega oft. Vonandi er það rétt, og í því ljósi hljóta menn að sætta sig við þau. En er ekki kominn tími til að auglýsa eftir nýrri hugmyndafræði í þessum efnum - einhverju sem kynni að virka betur og gerði um leið pirruðum fjölmiðlafíklum aðeins bærilegra að hlusta á útvarp? Góða verslunarmannahelgi! ■









FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

# Útsala







**Gelert Monodome** rúmgott 2ja manna tjald, einfalt í uppsetningu, með flugnaneti




**Svefnpoki** stærð: 2330 x 80 x 50 cm, þyngd: 1,4 kg, þolir hitastig -5°C




**Vindsæng** einföld
86 x 78 x 20 cm




**Brauðrist**
fyrir 4 brauðsneiðar




**Svefnpoki** stærð: 2330 x 80 x 50 cm, þyngd: 1,7 kg, þolir hitastig -8°C




**Barnasvefnpoki** stærð: 170 x 70 x 50 cm
þyngd: 800 g, þolir hitastig -3°C

Gildir á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

PÓSTVERSLUN
www.hagkaup.is
grænt númer 800 6680
sími 568 2255
HAGKAUPA

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Bónus

**Borðáhöld í sveitina**

VELJIÐ SJÁLF!
25 bollar,
25 diskar,
25 hnífar,
25 teskeiðar,
25 skeiðar
eða 25 gafflar

99 KR. 25 stykki

**Glóandi flúorskartgripir í úrvali!**

VELJIÐ SJÁLF!
149 KR.

HÁLFUR LÍTRI
59 KR.
STÓR DÓS

EKKERT BRUÐL

# Kipputilboð!

KAUPTU ÞÉR KIPPU
AF PEPSI EÐA PEPSI MAX
og þú færð frábæra KODAK FUN
einnota myndavél í kaupbæti við kassann
í Bónus meðan birgðir endast!

139 KR.
POKINN

BÓNUS SAMLOKA
98 KR.

EKKERT BRUÐL

BÓNUS
**Samlokur**
FRÁBÆRAR Í FERÐALAGIÐ

FRAMPARTUR Í BITUM MEÐ BEINI
**Hangikjötið**
HANGIFRAMPARTUR MEÐ BEINI
699 KR.

ÍSLANDS GRILLSNEIÐAR
778 KR.
40% afsláttur við kassann
Merkt verð 1298kr.

**Svína grillsneiðar**

98 KR.
350g

259 KR.
280g

12 LÍTRA POTTUR
KLÁR Í HANGIKJÖTIÐ!
2999 KR.
12 lítra

Spyrjum EKKI að leikslokum!
SMOKKAR OG SLEIPIEFNI
1499 KR.

2x 100 ml
99 KR.
2 kælikubbar

**2 kælikubbar**

**Frábær kælitaska**
KÆLITASKA
699 KR.

ÚTILEGUSTÓLL
749 KR.

**Draumastóll í helgartöskuna!**

**Helgartaskan**
1599 KR.
Ótrúlega rúmgóð
75x50x35 sm

VASALJÓS+ 8 RAFHLÖÐUR
399 KR.

299 KR.
REGNHLÍFIN

2 TEGUNDIR
**Regnhlífar**

99 KR.
REGNSLÁ
132 x 203 SM
**Regnslá**

VORVERSLANIR

-á hjólum...

REGNHLÍFIN, REGNSLÁIN, HITABRÚSINN OG ÞETTA SMÁA Í HELGARTÖSKUNA-VERUM KLÁR FYRIR ALLT!

# býður betur

INNANLÆRISSTEIK
1699 KR.
## Innanlærissteik
VILLIBRÁÐARKRYDDAÐ LAMB

ÍSLANDS GRÍSASTEIK
978 kg KR.
30% afsláttur við kassann
Merkt verð 1398kr.

## Grísasteik
SÓLPURRKAÐIR TÓMATAR OG BASIL
30% afsláttur við kassann

139 KR.
270g

## ALI grillkótelettur og úrbeinaður hnakki
EKKERT BRUÐL

ALI úrb. hnakki og kótelettur
1049 kg KR.
30% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
Merkt verð 1498kr.
30% afsláttur við kassann

HVÍTLAUKS MARINERAÐUR LAX
779 kg KR.
35% afsláttur við kassann
Merkt verð 1198kr.
## Hvítlauksmarineraður LAX Á GRILLIÐ

ÍSLENSKT SJÁVARFANG

KJARNAFÆÐI

# Skynsemin velur Bónus

BÓNUS SVÍNALÆRISSNEIÐAR
839 kg KR.
40% afsláttur við kassann
Merkt verð 1398kr.
## Svínagrill lærissneiðar

EKKERT BRUÐL

BÓNUS SVÍNAHNAKKASNEIÐAR
839 kg KR.
40% afsláttur við kassann
Merkt verð 1398kr.
## Svínagrill hnakkasneiðar

BÓNUS SVÍNAKÓTELETTUR
929 kg KR.
40% afsláttur við kassann
Merkt verð 1549kr.
## Svínagrill kótelettur
40% afsláttur við kassann

79 KR.
250 ml

2 LÍTRAR
96 KR.

BBQ RIFJASTEIK
998 kg KR.
FORSOÐIN
## Chicago BBQ rif

PESTO/VILLBRÁÐAR
699 kg KR.
40% afsláttur við kassann
Merkt verð 1169kr.
40% afsláttur við kassann

PESTO ROSSO KRYDDAÐAR FRAMPARTSSNEIÐAR
VILLIBRÁÐARKRYDDAÐAR FRAMPARTSSNEIÐAR
## Lambasneiðar

139 KR.
GRAND í potti

## Grandsalat
FERSKT OG ÍSLENSKT Í POTTI

## Kjúklingalæri
BBQ KRYDDLEGIN HVÍTLAUKS
BBQ
40% afsláttur við kassann
BBQ/HVÍTLAUKS
359 kg KR.
40% afsláttur við kassann
Merkt verð 599kr.
Hvít lauks

30% afsláttur við kassann
HÁLFÚRBEINUÐ LÆRI
697 kg KR.
30% afsláttur við kassann
Merkt verð 995kr.
## Kjúklingalæri
HÁLFÚRBEINUÐ HOLTA

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

DV Helgarblað

ÞAU LÉTUST






Hefur þú séð DV í dag



# Er Garðasókn í gíslingu?

**HELENA GUÐMUNDSDÓTTIR OG ODDNÝ ÞÓRA HELGADÓTTIR**
SKRIFA UM DEILURNAR Í GARÐASÓKN

*Þessir aðilar verða að fara að gera sér grein fyrir því að Garðasókn er ekki einkahlutafélag þar sem fáir aðilar stjórna og ráða ríkjum eftir eigin geðþótta heldur eru þeir þar fyrir hönd fólksins sem býr í bænum sem hefur lýðræðislegan rétt til að láta skoðun sína í ljós.*

Af hverju er aðalsafnaðarfundur Garðasóknar ekki haldinn eins og lög kveða á um? Venjulega er aðalsafnaðarfundurinn haldinn í mars ár hvert en núna telja formaður og varaformaður Garðasóknar sig ekki bundna af neinni tímasetningu. Hvað skyldu þeir vera að fela? Samkvæmt ákvörðun sóknarnefndar þá var beðið með að halda aðalsafnaðarfund þar til eftir að úrskurður áfrýjunarnefndar kirkjunnar lægi fyrir. Hinn 29. júní sl. kom svo úrskurðurinn, svo eftir hverju er verið að bíða? Er það ekki síðlaust að nokkrir einstaklingar haldi heilli sókn í gíslingu með geðþóttaákvörðunum sínum?

Samkvæmt úrskurði áfrýjunarnefndar kirkjunnar þá telur hún framkomu formanns, varaformanns, prestsins sr. Friðriks J. Hjartar og djáknans Nönnu Guðrúnu Zoéga, verulega ámælisverða og fela í sér brot samkvæmt 12. gr. laga nr. 78/1997 og leggur til að þau verði áminnt sbr. a-lið 4. mgr. 12. gr. laga nr. 78/1997. Biskup hefur núna áminnt alla þessa aðila. Af hverju var þetta fólk áminnt? Samkvæmt okkar skilningi boðar kristin trú sátt og samlyndi, umburðarlyndi, kærleika og fyrirgefningu svo eitthvað sé nefnt. Einhverra hluta vegna hafa fjórmenningarnir ekki treyst sér til að fara eftir þessum boðskap. Fyrir utan að hafa hlotið áminningu hafa allir þessir einstaklingar, þ.e. formaður, varaformaður, prestur og djákni hafnað allri sáttargjörð sem er með öllu óskiljanlegt þar sem þau eru öll í þjónustu innan kirkjunnar og þá er ekki nema von að spurt sé: Er þetta fólk hæft til að vera í þjónustu og forsvari fyrir heila sókn? Af hverju neituðu þau sáttargjörð?

Sóknarpresturinn séra Hans Markús er sá eini af deiluaðilum sem enga áminningu hefur fengið en þrátt fyrir þessa ljótu herferð á hendur honum er hann sá eini sem rétt hefur út sáttarhönd. Samkvæmt úrskurði áfrýjunarnefndar er honum gert að víkja, sem er alls óskiljanlegt þar sem biskup segir í bréfi til formanns sóknarnefndar 14. júlí 2004 að sóknarpresturinn hafi ekkert brotið af sér í starfi og því séu engar forsendur fyrir því að hann verði fluttur til. Á fundi stuðningsmanna séra Hans Markúsar sem haldinn var 13 júlí síðastliðinn kom skýrt fram ánægja sóknarbarna með sóknarprestinn og krafa um að hann haldi sínu góða starfi áfram. Fundurinn lýsti yfir vantrausti á störf forystu sóknarnefndar. Ýmsir tóku til máls á fundinum og má nefna að ritari sóknarnefndar sagði að sóknarpresturinn væri ekki venjulegur maður, líklegast hefur hún þar átt við að umburðarlyndi sóknarprestsins til sátta væri einstakt miðað við það hvernig að honum hefur verið vegið. Enda um sl. páska ritaði ritarinn bréf þar sem kom fram yfirlýsing hennar um að deilurnar í Garðasókn fjölluðu í raun um ekki neitt. Hvernig er hægt að réttlæta það að sóknarpresturinn sé fluttur til í starfi sem ekkert hefur brotið af sér en áminntu fjórmenningarnir sitji áfram? Skaðinn er orðinn nógur í sókninni og telur núverandi forysta sóknarinnar að ekki hafi verið hægt að halda uppi eðlilegu sóknarstarfi. Það er hárrétt hjá þeim, þeir hafa bara ekki áttað sig á því að vandinn er hjá þeim sjálfum. Er það ekki mergur málsins, þeir sjá flísina í auga náungans en ekki bjálkann í eigin auga. Hluti sóknarnefndar hefur þurft að eyða heilmiklum tíma í að halda úti þessari ógeðfelldu herferð á hendur sóknarprestinum, tíma sem nota hefði átt í uppbyggjandi starf innan sóknarinnar. Þessir aðilar verða að fara að gera sér grein fyrir því að Garðasókn er ekki einkahlutafélag þar sem fáir aðilar stjórna og ráða ríkjum eftir eigin geðþótta heldur eru þeir þar fyrir hönd fólksins sem býr í bænum sem hefur lýðræðislegan rétt til að láta skoðun sína í ljós. Þrátt fyrir áminningar biskups á formann og varaformann þá brjóta þeir enn af sér með því að neita að halda aðalsafnaðarfund. Eru þeir ekki búnir að dæma sjálfa sig úr leik og orðnir vanhæfir til starfa í sóknarnefnd? Formaður heldur enn áfram, þrátt fyrir áminningu biskups, að skipta sér af máli þessu með fundi með ráðherra. Formaður og varaformaður Garðasóknar: finnst ykkur ekki skaðinn nægur og siðferðislega rétt að segja af ykkur svo hægt sé að koma á eðlilegu starfi innan sóknarinnar? Í það minnsta boðið til aðalsafnaðarfundar strax!

*Höfundar eru sóknarbörn í Garðasókn.* ■



**STUÐNINGSMENN** Fundir hafa verið haldnir í Garðasókn til stuðnings séra Hans Markúsi Hafsteinssyni.

# Nýjar fræðibækur um Surtsey

**STURLA FRIÐRIKSSON**
SKRIFAR UM FRÆÐSLU UM SURTSEY

*Surtseyjar er getið í fjölmörgum tímaritum um allan heim, blaðamenn sækjast eftir að skrifa um Surtsey og margar heimildamyndir hafa verið gerðar, og er enn verið að vinna að, um þróun Surtseyjar og rannsóknirnar þar.*



**FRÁ SURTSEY** Lífríki eyjarinnar yrði fljótt raskað og rannsóknir þar lítils virði ef ferðafólki yrði hleypt þangað hömlulaust, segir greinarhöfundur.

Í Fréttablaðinu 27. júlí er ágæt grein um Surtseyjarrannsóknir. Þar er einnig viðtal við Hjálmar Árnason alþingismann, sem réttilega telur fram, að almenningur eigi að fá aukna fræðslu um landnám lífvera og alla þessa stórbrotnu þróun, sem á sér stað í eynni. Ekki er ég þó sammála Hjálmari um, að það fáist endilega með því að hleypa öllum erlendum og íslenskum ferðamönnum þangað í eyjuna, sem það vilja. Þá yrði lífríki eyjarinnar fljótt raskað, og rannsóknir þar yrðu lítils virði.

Viðvíkjandi spurningunni um fræðslu á Surtsey og þróun lífsins þar, er því við að bæta, að til eru hátt í 600 vísindalegar ritgerðir um eyna. Er hennar getið í fjölmörgum tímaritum um allan heim, blaðamenn sækjast eftir að skrifa um Surtsey og margar heimildamyndir hafa verið gerðar, og er enn verið að vinna að, um þróun Surtseyjar og rannsóknirnar þar.

Ég hef ritað fjórar bækur fyrir almenning um framvindu lífs í Surtsey. Fyrsta bókin kom út hjá Butterworths í London 1975. Bók fyrir almenning kom út á íslensku 1994. Var hún gefin út af Hinu íslenska náttúrufræðifélagi og Surtseyjarfélaginu. Nú hef ég endursamið þessa bók og fært til nútíma horfs. Hefur hún í ár, 2005, bæði verið gefin út á þýsku og ensku. Sér Háskólaútgáfan um dreifingu þeirra bóka.

Þessar síðustu bækur mínar eru einkum ætlaðar erlendum ferðamönnum. Skemmtiferðaskip koma mörg til Vestmannaeyja. Síðan sigla þau flest umhverfis Surtsey og lóna fyrir sunnan eyna. Er ferðamönnum þá gefinn kostur á að taka myndir af Surtsey, sem þeir gera óspart. Mér hefur verið boðið að flytja erindi um Surtsey um borð í þessum skipum. Geta ferðamenn nú einnig fengið lesningu um hvað er að sjá fróðlegast á eynni, en fáir væru bættari þótt þeir kæmu þar í land, og það væri illt fyrir lífið á eynni, því hinu verndaða umhverfi yrði þá fljótt raskað. Þessar fræðibækur mínar um Surtsey munu vera fáanlegar í flestum bókaverslunum og almenningi til fróðleiks. ■

**BRÉF TIL BLAÐSINS**

# Kirkjuklukkurnar í Hallgrímskirkju

**LILJA SIF ÞORSTEINSDÓTTIR NEMI**
SKRIFAR:

Ég get ekki orða bundist yfir pistli sem Borghildur Gunnarsdóttir skrifaði í Fréttablaðið þann 27. júlí síðastliðinn. Takk! Takk fyrir að vekja máls á þessu! Ég hélt að ég væri ein í heiminum með að hata þessar kirkjuklukkur! Hvers á maður að gjalda fyrir það eitt að búa nálægt Hallgrímskirkju, alltaf vakinn fyrir allar aldir á meðan þessir kirkjumenn fara hamförum á kirkjuklukkurnar, finnst alveg ógurlega sniðugt að spila heilu lögin á heila, hálfa og fjórðungstímanum. Og fyrst um jólin tekur nú steininn úr. Ég þarf að flýja heimilið mitt ef ég á að ná að lesa fyrir jólaprófin, ég veit ekki hvað á að vera sniðugt eða frábært við að spila þessi endalausu jólalög alltaf á kirkjuklukkurnar, vitiði, ef ég vil hlusta á jólalög þá á ég geislaspilara, takk fyrir. Kirkjumenn Hallgrímskirkju, slakið á. ■

# Á að hleypa útlendingum í sjávarútveginn?

**UMRÆÐAN**
SJÁVARÚTVEGUR



**BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON**

Mikil umræða hefur átt sér stað að undanförnu um fjárfestingar útlendinga á Íslandi. Bent hefur verið á, að erlend fjárfesting á Íslandi hefur ekki aukist í takt við aukningu fjárfestingar Íslendinga erlendis. Verslunarráð Íslands telur að greiða þurfi fyrir fjárfestingu útlendinga á Íslandi og ryðja úr vegi hindrunum sem eru í vegi fyrir erlendri fjárfestingu hér á landi. Þar er hreyft mjög viðkvæmu deiluefni en fram til þessa hefur Alþingi ekki viljað opna hömlulaust fyrir erlenda fjárfestingu í íslenskum sjávarútvegi. Sá þáttur íslensks sjávarútvegs sem er viðkvæmastur í þessu sambandi er útgerðin, fiskveiðarnar. Það hefur verið einhugur meðal íslenskra stjórnmálamanna um að leyfa ekki erlenda fjárfestingu í íslenskum fiskveiðum þannig að útlendingar gætu náð yfirráðum í þeirri grein. En þegar kemur að fiskvinnslunni eru skoðanir hins vegar skiptar. Í dag er það svo, að erlend fjárfesting er óheimil í íslenskum fiskveiðum og frumvinnslu fisks, svo sem frystingu, söltun og þurrkun. Hins vegar er úrvinnsla fisks leyfileg svo og reyking og niðursuða. Framleiðsla úr frystum og söltuðum fiski er því leyfileg, t.d. hvers konar pökkun og framleiðsla til þess að gera fiskinn hæfari til neyslu og matreiðslu. Ég hygg hins vegar að erlendum fjárfestum sé almennt ekki kunnugt um það að frjálst sé að fjárfesta í úrvinnslunni.

Ég tel að ekki komi til greina að hleypa erlendum fjárfestum inn í íslenskar fiskveiðar. Ef við gerðum það væru útlendingar komnir inn í okkar fiskveiðilögsögu. Barátta okkar fyrir útfærslu fiskveiðilögsögunnar hefði þá verið til lítils. Hins vegar má ræða það hvort opna eigi fyrir erlenda fjárfestingu í frumvinnslu fisks svo sem frystingu. Fara verður þó varlega í því efni, þar eð víða er eignarhald á fiskiskipum og frystihúsum á einni hendi. Hugsanlegt væri að leyfa takmarkaða fjárfestingu í fyrstihúsum, t.d. í einu til tveimur frystihúsum til að byrja með, til þess að sjá hvort ný þekking kæmi inn í landið. Fram til þessa hafa útlendingar fyrst og fremst sýnt áhuga á því að komast inn í íslenskar fiskveiðar. Þeir vita um hin góðu fiskimið hér við land og þeir vilja komast inn í íslenska fiskveiðilögsögu með því að eignast íslenskt fiskiskip. Útlendingar hafa hins vegar sýnt lítinn áhuga á því að komast inn í fiskvinnsluna. Það hefur heldur ekki verið kynnt nægilega fyrir erlendum fjárfestum að þeir mættu kaupa í úrvinnslufyrirtækjum hér á landi eða stofna slík fyrirtæki.

Ein aðalástæðan fyrir því að Íslendingar vilja ekki ganga í Evrópusambandið er sú að þá fengi Evrópusambandið yfirráð yfir íslenskum fiskimiðum, þ.e. fiskveiðikvótum hér við land. Þeim yrði úthlutað í Brussel. Það vilja Íslendingar ekki samþykkja. Þess vegna ganga þeir ekki í Evrópusambandið. ■

## AF NETINU

### Stutt í molbúaháttinn

Undarlegt þetta fár út af fáeinum hræðum sem hafa sett upp tjöld til að eiga hægara með að mótmæla austur við Kárahnjúka. Nú er búið að reka fólkið burt - með aðstoð kirkjunnar - það á helst að senda það úr landi.

Á fréttamyndum sér maður ábúðarmikla löggæslumenn standa yfir vesældarlegum mótmælendum sem eru að taka saman eigur sínar. Við viljum ekkert svonalagað hér, eru skilaboðin. Þrátt fyrir öll mannalæti smáþjóðarinnar er stutt í molbúaháttinn.

**Egill Helgason á visir.is**

### Kjarni málsins

En þá komum við að kjarna málsins. Hvað er best fyrir Samfylkinguna? Mín skoðun er sú að Samfylkingin eigi að bjóða sig fram undir sínum eigin merkjum í borginni. Öllum er það ljóst að Samfylkingin ber höfuð og herðar yfir samstarfsflokka sína í Reykjavíkurlistanum og hefur því alla burði til þess að sigra borgina í eigin nafni. Allar hugmyndir um að bjóða Samfylkinguna fram eina og sér en undir merkjum Reykjavíkurlistans þykja mér ansi undarlegar svo ekki sé meira sagt. Einhver sagði að með því hefðu menn ekki trú á sínu eigin vörumerki og verð ég að taka undir slíka gagnrýni. Bjóðum því fram undir eigin merki í komandi borgarstjórnarkosningum, því þannig eigum við sætan sigur í vændum.

**Halldór Reynir Halldórsson á politik.is**

### Engan endi að taka

Eins og vel hefur komið fram í fjölmiðlum seinustu dagana framkvæmdi IMG Gallup viðamikla könnun á lífskjörum íbúa á Akureyri í marsmánuði. Samhliða þeirri könnun var spurt um afstöðu fólks til þeirra fimm framboða sem hafa fulltrúa í bæjarstjórn Akureyrar eftir sveitarstjórnarkosningarnar 2002. Úrtakið var handahófsvalið úr þjóðskrá. 750 manns á Akureyri voru spurðir í þessari könnun IMG Gallup. Svarhlutfall í könnuninni var 53,7%. Sjálfur lenti ég í þessari könnun. Hún var verulega umfangsmikil. Hringt var í mig miðvikudagskvöld eitt í marsmánuði og þar spurt um allt mögulegt og ómögulegt. Var ég í símanum að mig minnir í kortér og man ég að ég taldi að þetta ætlaði engan endi að taka.

**Stefán Friðrik Stefánsson á stebbifr.blogspot.com**

### Aldrei í strætó aftur

Ég fer líklega aldrei í strætó aftur. Ég hef tekið strætisvagn af og til síðustu árin enda geta treyst á að strætóinn sem stoppar heima sé fjarkinn, að ég geti stigið upp í þristinn og fleiri vagna á Hlemmi o.s.frv. Núna er svo gjörsamlega búið að snúa öllu á haus að ég hætti mér ekki nálægt strætisvagni lengur. Það á enginn eftir að taka strætó hér eftir fyrir utan þá sem neyðast til þess. Ekki mun þessi breyting stuðla að minni bílisma eins og R-listinn vill heldur öðru nær.

**Ágúst Borgþór Sverrisson á agustborgthor.blogspot.com**

### Þröngt skilgreind fegurð

Ólíkt því sem oft er haldið fram snýst andstaða við fegurðarsamkeppnir ekki endilega um að verið sé að hampa fríðum konum á kostnað ófríðra. Á hinn bóginn hlýtur það að vekja athygli hversu þröngt fegurðin er skilgreind í þessum keppnum. Í raun er ekki verið að keppa um fegurð heldur fegurð af tilteknu, afar sérhæfðu tagi. Og í keppni um staðlaða fegurð felst sigurinn í því að komast næst staðlinum. Í raun eru þær keppni um að ná fullkomnun í venjuleika af tilteknu tagi.

**Sverrir Jakobsson á murinn.is**



# KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

**ICEX-15** 4.303,86 **+0,39%**

**Fjöldi viðskipta:** 472
**Velta:** 3.956 milljónir

MESTA HÆKKUN

| | |
|---|---|
| **Össur** | +3,64% |
| **Og Vodafone** | +1,91% |
| **Landsbankinn** | +1,60% |

MESTA LÆKKUN

| | |
|---|---|
| **Straumur** | -0,79% |
| **Íslandsbanki** | -0,71% |
| **Mosaic Fashions** | -0,38% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 41,60 +0,48% ... Bakkavör 38,70 +0,26%... Burðarás 16,40 +0,61%... FL Group 14,60 +0,69% ... Flaga 4,72 +0,00% ...HB Grandi 8,50 +0,00% ... Íslandsbanki 13,95 -0,71% ... Jarðboranir 21,60 +0,00% ... KB banki 559,00 +0,54% ... Kögun 58,50 +0,17% ... Landsbankinn 19,00 +1,60% ... Marel 58,40 +0,00% ... SÍF 4,83 +0,00 ...Straumur 12,50 -0,79% ... Össur 85,50 +3,64%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*

### Bankastjóri á biðilsbuxum

Forsvarsmenn bankanna ættu að geta farið kátir í helgarútilegu um verslunarmannahelgina, enda rekstrarárangur þeirra allra með miklum ágætum. KB banki sló met Burðaráss hvað varðar hagnað á fyrstu sex mánuðum ársins með 24,7 milljarða hagnaði. Met Burðaráss á einum ársfjórðungi stendur þó óhaggað. KB banki hefur verið að auka markaðshlutdeild sína innanlands og sagði Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri bankans, á kynningarfundi að þegar litið væri til markaðshlutdeildarinnar ætti bankinn nú bara eftir að taka fram úr einum. Þrátt fyrir gott uppgjör hækkuðu bréf bankans ekki mjög mikið enda mikið af bréfum á innlendum markaði. Hreiðar Már hefur að undanförnu verið að kynna bankann fyrir erlendum fjárfestum og bjóst við að mikill tími myndi fara í slíkt á haustmánuðum. Hann sagði erfitt að fjármagna áframhaldandi vöxt bankans með því að sækja fé á innlendan markað og því væri verkefnið að fá erlenda fjárfesta að bankanum. Biðilsbuxurnar verða því aðalklæðnaður forstjórans á næstunni.



### Vösunum snúið

Þrátt fyrir spennuþrungið andrúmsloft þegar tilboð í Símann voru opnuð göntuðust menn aðeins með tilboðin. Tilboð hópsins sem Atorka fór fyrir var 54.674.780.332 krónur. Höfðu menn það á orði að tilboðið liti út eins og menn hefðu snúið við öllum vösum til að finna síðustu krónurnar í tilboðið. Tilboð Burðarásshópsins var hins vegar sléttir 60 milljarðar, enda aðstandendur svo fjáðir að ekki þarf að leita að klinki á þeim bænum. Höfðu menn samt að orði að tilboðið liti út eins og að menn hefðu aldrei gert skattskýrslu. Vísasta leiðin til að skattayfirvöld heimti gögn um frádráttarliði á skattskýrslu er að talan sé grunsamlega slétt.

## MARKAÐSFRÉTTIR...

Krónan veiktist um 0,62 prósent í gær og er það talið tengjast sölu Símans. Á gjaldeyrismarkaði töldu menn í gær að innstreymi erlends lánsfjár vegna kaupanna yrði minna eftir að í ljós kom að hópur leiddur af Exista átti hæsta boð í Símann.

Talsverður bati varð á rekstri Flögu á öðrum ársfjórðungi, miðað við sama tímabil í fyrra. Unnið er að breytingum á stjórnun og rekstri félagsins og segja forsvarsmenn þess að þrátt fyrir að þegar megi greina nokkurn árangur af því starfi sé niðurstaðan nú ekki til marks um þann árangur sem stefnt er að. Hagnaður félagsins var 50 þúsund dollarar eða 3,2 milljónir króna, en töluvert tap var á sama tímabili í fyrra.

Úrvalsvísitala Kauphallarinnar fór yfir 4.300 stig í gær og hefur aldrei verið hærri.



FRÉTTABLAÐIÐ/E. ÓL.

**HAGNAÐUR STÓREYKST** TM hagnaðist um 1.449 milljónir á öðrum ársfjórðungi, sem var rétt undir spám markaðsaðila.

# Afkoma undir væntingum

**Hagnaður TM sexfaldast milli ára. Vátryggingarstarfsemin enn í járnum.**

Tryggingamiðstöðin (TM) hagnaðist um 1.449 milljónir króna á öðrum ársfjórðungi. Það er sexfalt meiri hagnaður en á sama tímabili í fyrra. Afkoman er heldur undir spám greiningardeildanna, sem höfðu spáð hagnaði á bilinu 1,5-2,0 milljörðum. Samanlagður hagnaður á fyrri hluta ársins var því um 2,9 milljarðar króna.

Enn er það góður árangur á fjármálamörkuðum sem skýrir afkomu TM en þó hefur vátryggingarstarfsemin verið að rétta úr kútnum. Eigin iðgjöld drógust saman um tíu prósent en fjárfestingatekjur jukust um nærri tvö hundruð prósent. Bæði tjóna- og rekstrarkostnaður dragst saman frá fyrra ári. Hagnaður, sem varð á vátryggingarstarfseminni á fjórðungnum, nær ekki að vega upp tapið sem varð á tryggingarhlutanum á fyrsta ársfjórðungi.

Heildareignir TM aukast um fimmtán prósent og eru um 23 milljarðar króna. Eigið fé var yfir ellefu milljarðar króna. **- eþa**

**AFKOMA TM Á ÖÐRUM ÁRSFJÓRÐUNGI**
- í milljónum króna

| | |
|---|---|
| Hagnaður | 1.449 |
| Spá Íslandsbanka | 1.506 |
| Spá KB banka | 2.000 |
| Spá Landsbankans | 1.660 |

# „Rétt og sanngjarnt verð fyrir fyrirtækið“

**Hópur fjárfesta undir stjórn Exista kaupir Símann fyrir 66,7 milljarða króna. Enginn erlendur fjárfestir skilaði inn tilboði. KB banki ætlar að selja sinn hlut til almennings en ekki hefur verið upplýst hvenær af því verður. Kaupendur benda líka á að þátttaka lífeyrissjóða tryggi aðkomu fjölda fólks að Símanum.**



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**FJÁRFESTAR FAGNA ÞEGAR TILBOÐ ERU LJÓS** Árni Guðmundsson, framkvæmdastjóri Gildis, Þorgeir Eyjólfsson, forstjóri Lífeyrissjóðs verslunarmanna, og Erlendur Hjaltason, framkvæmdastjóri Exista, takast í hendur eftir að ljóst er að þeirra hópur kaupir Símann. Á bak við þá er Jakob Möller hæstaréttarlögmaður, sem var einkavæðingarnefnd til ráðgjafar í söluferlinu.

„Það gat hvað sem er gerst en við erum mjög sannfærð um að það sem við buðum er rétt og sanngjarnt verð fyrir fyrirtækið,“ segir Erlendur Hjaltason, framkvæmdastjóri Exista.

Hópur sem Exista tilheyrir ásamt KB banka, nokkrum lífeyrissjóðum, MP Fjárfestingarbanka og Skúla Þorvaldssyni, buðu hæsta verð í Símann, 66,7 milljarða króna. Er það um tíu prósentum hærra verð en það sem Burðarásshópurinn bauð, sem hljóðaði upp á slétta sextíu milljarða. Lægst var tilboð Atorku Group og fleiri, upp á tæpa 55 milljarða.

Exista er fjárfestingarfélag sem Lýður og Ágúst Guðmundssynir, kenndir við Bakkavör, stjórna.

Erlendur sagði ekki tímabært að fjalla um breytingar á rekstri Símans fyrr en hópurinn tekur við stjórn fyrirtækisins. Jón Sveinsson, formaður einkavæðingarnefndar, segir að það eigi ekki að taka langan tíma. Stefnt sé að undirritun kaupsamnings á föstudaginn eftir viku. Þá þurfi Samkeppniseftirlitið að samþykkja kaupin. Eftir það staðgreiða fjárfestarnir Símann og fá lyklana að fyrirtækinu afhenta.

Aðspurður um fjármögnun kaupanna segir Erlendur verulegan hluta vera greiddan með eigin fé. Það þýðir að kaupendurnir ætli ekki að fjármagna öll kaupin með lánsfé. Hann vill þó ekki tilgreina nákvæmlega hlutföllin þarna á milli.

Sextán erlendir fjárfestar skoðuðu rekstur Símans en enginn þeirra skilaði inn bindandi tilboði. Jón Sveinsson segir að erlendu aðilarnir hafi fljótt skynjað að íslensku félögin væru tilbúin að greiða hátt verð fyrir fyrirtækið. Þeir hafi ef til vill ekki verið tilbúnir að kosta háum fjárhæðum í tilboðsvinnu. Þá gæti það hafa haft áhrif að fyrirtækið væri lítið í alþjóðlegum samanburði og reglur um hámarkshlut hvers bjóðanda gætu hafa fælt menn frá. Hann er hins vegar mjög ánægður með það verð sem kom upp úr síðasta umslaginu við opnun tilboða.

Eitt af skilyrðum einkavæðingarnefndar var að selja þrjátíu prósent til almennings. Verður það hlutur KB banka sem verður seldur en Erlendur vildi ekki gefa upp hvenær það yrði. Það verður að gerast fyrir árslok 2007, um leið og búið á að vera að skrá Símann á aðallista Kauphallarinnar.

bjorgvin@frettabladid.is

**KAUPENDUR SÍMANS**

Hér að neðan gefur að líta hversu stóran hlut hver aðili innan fjárfestahópsins kaupir í Símanum. Að hámarki má einn aðili eða tengdir aðilar eiga 45 prósent í fyrirtækinu eftir að það er selt. Í sviga er sú upphæð sem hver fjárfestir þarf að reiða fram vegna kaupanna.

| Félag | Eignarhlutur |
|---|---|
| Exista ehf. (30 milljarðar kr.) | 45% |
| Kaupþing banki hf. (20 milljarðar kr.) | 30% |
| Lífeyrissjóður verslunarmanna (5,5 milljarðar kr.) | 8,25% |
| Gildi - lífeyrissjóður (5,5 milljarðar kr.) | 8,25% |
| Sameinaði lífeyrissjóðurinn (1,5 milljarðar kr.) | 2,25% |
| Samvinnulífeyrissjóðurinn (1,5 milljarðar kr.) | 2,25% |
| MP Fjárfestingarbanki hf. (1,3 milljarðar kr.) | 2% |
| Imis ehf. (Skúli Þorvaldsson) (1,3 milljarðar kr.) | 2% |






# KB banki hagnast um 25 milljarða

**70 prósent af tekjum bankans koma frá útlöndum.**

KB banki hagnaðist um 25 milljarða á fyrstu sex mánuðum ársins og hefur bankinn aldrei skilað jafn miklum hagnaði. Hagnaður á hlut á fyrstu sex mánuðum ársins var 37,9 samanborið við 35,7 krónur á hlut allt árið í fyrra.

Vaxtatekjur bankans tvöfölduðust frá sama tíma árið 2004. Hreinar þóknanatekjur jukust mikið milli ára og námu rúmum níu milljörðum á fyrstu sex mánuðum ársins. Aukningin skýrist að mestu leyti af miklum vexti í þóknanatekjum hjá Fyrirtækjaráðgjöf.

Gengishagnaður bankans á fyrstu sex mánuðum ársins nam 18,5 milljörðum króna og nam gengishagnaður 40 prósentum af tekjum tímabilsins.

Heildareignir bankans voru 1.900 milljarðar í lok júní en með kaupunum á Singer & Friedlander eru eignir bankans meiri en 2.200 milljónir króna. **- dh**



FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

**AFKOMA KB BANKA Á ÖÐRUM ÁRSFJÓRÐUNGI**
- í milljónum króna

| | |
|---|---|
| Spá Íslandsbanka | 11.495 |
| Spá Landsbankans | 11.265 |
| Hagnaður | 13.673 |

**HAGNAÐURINN ÚTSKÝRÐUR** Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri KB banka.

# Össur kaupir Royce Medical

**Samanlögð sala Össurar og Royce var 13 milljarðar króna á tólf mánaða tímabili sem lauk 30. júní.**

Össur hefur keypt allt hlutafé í bandaríska stuðningstækjafyrirtækinu Royce Medical Holding fyrir um 14 milljarða króna. Kaupin eru gerð með fyrirvara um samþykki bandarískra samkeppnisyfirvalda.

Rekstur Royce Medical hefur gengið vel undanfarin ár og nam hagnaður félagsins fyrir vexti, skatta og afskriftir tæplega 1,2 milljörðum Bandaríkjadala fyrir það tólf mánaða tímabil sem lauk 30. júní. Samanlögð sala Össurar og Royce Medical nam á sama tímabili tæplega 13 milljörðum króna.



**HÖFUÐSTÖÐVAR ÖSSURAR** Össur hefur nú keypt Royce Medical og hyggur á landvinninga á bandarískum stuðningstækjamarkaði.

Jón Sigurðsson, forstjóri Össurar, segir fyrirtækið um árabil hafa verið í fremstu röð í hönnun og framleiðslu stoðtækja á Bandaríkjamarkaði en með kaupunum á Royce Medical sé ætlunin að ná sama árangri með stuðningstæki: „Í sameiningu verða Össur og Royce öflugri og verða í forystu á sviði stuðningstækja á Bandaríkjamarkaði.“ **-jsk**

# Landsbankinn hagnast um fimm milljarða

**Heildareignir bankans eru yfir þúsund milljarðar króna og hafa aukist um 40 prósent frá áramótum.**

Landsbankinn hagnaðst um 11 milljarða á fyrstu sex mánuðum ársins samanborið við sex milljarða króna á sama tíma í fyrra. Hagnaður bankans á öðrum ársfjórðungi var fimm milljarðar sem var nokkuð yfir væntingum greiningardeilda bankanna. Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóri Landsbankans, var mjög ánægður með uppgjör bankans og segir það vera það besta hingað til. Arðsemi eigin fjár eftir skatta á tímabilinu var 56 prósent samanborið við 54 prósent á sama tímabili í fyrra.



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**SEGIR UPPGJÖRIÐ ÞAÐ BESTA HINGAÐ TIL** Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóri Landsbankans.

Þjónustutekjur bankans hafa tvöfaldast frá sama tíma í fyrra og námu 7,6 milljörðum á fyrstu sex mánuðum ársins. Hreinar vaxtatekjur námu rúmum níu milljörðum fyrstu sex mánuði ársins og hafa þær aukist um 50 prósent frá sama tíma í fyrra.

**AFKOMA LANDSBANKANS - Í MILLJÓNUM KRÓNA**

| | |
|---|---|
| Spá Íslandsbanka | 3.567 |
| Spá KB banka | 3.700 |
| Hagnaður | 5.058 |

Heildareignir bankans voru rúmir þúsund milljarðar í lok júní og hafa þær aukist um 40 prósent frá áramótum.

Um 35 prósent af útlánum bankans eru til erlendra aðila, bæði í gegnum útibú bankans í London, Heritable bank í London og Landsbankann í Lúxemborg. **-dh**



**FRÁ FÆREYJUM** Eimskip hefur nú keypt færeyska skipafélagið Heri Thomsen. Fyrir tæpu ári keypti Eimskip stærsta skipafélag Færeyja, Faroe Ship.

# Eimskip kaupir í Færeyjum

Eimskip hefur fest kaup á færeyska flutningafyrirtækinu Heri Thomsen. Kaupverð var ekki gefið upp.

Heri Thomsen er markaðsleiðandi í landflutningum í Færeyjum, með þrjátíu flutningabíla í sinni þjónustu og rekur að auki þrjú flutningaskip.

Eimskip keypti Faroe Ship fyrir tæpu ári, sem er stærsta skipafélag Færeyja, og segir í tilkynningu að talsverð samlegð verði milli vikulegra Danmerkur siglinga Heri Thomsen og þeim sem Faroe Ship sinnir. **-jsk**



**EFTIRSPURN EFTIR TÍSKUVARNINGI** Puma skilaði methagnaði á fyrri helmingi árs. Mikil eftirspurn er eftir tískuvarningi frá fyrirtækinu.

# Methagnaður hjá Puma

Hagnaður þýska sportvöruframleiðandans Puma jókst um 10,5 prósent á fyrri helmingi árs miðað við sama tímabil í fyrra. Er aukinni eftirspurn eftir tískuvarningi frá fyrirtækinu þökkuð söluaukningin.

Sala á skóm jókst um sautján prósent og á fatnaði um 23 prósent. Forsvarsmenn Puma vonast til að hagnaður ársins í heild verði umtalsvert meiri en í fyrra þegar fyrirtækið hagnaðist um 120 milljarða króna.

„Við erum í skýjunum yfir árangrinum“, sagði Jochen Zeitz stjórnarformaður Puma. **-jsk**

birta
SJÓNVARPSDAGSKRÁ VIKUNNAR »



GERTRUDE STEIN (1874-1946)
lést þennan dag.



*„Mér líkar gott útsýni en ég vil fá að sitja og snúa baki í það.“*

*Gertrude Stein var bandarískur rithöfundur, skáld og feminísti sem lengst af bjó í Frakklandi.*

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST

# *Demjanjuk er ekki Ivan hræðilegi*

Ísraelskur dómstóll sýknaði þennan dag árið 1993 John Demjanjuk af öllum sökum. Hann hafði áður verið fundinn sekur um að vera einn hataðasti fangavörður í útrýmingarbúðum Nasista í Treblinka í Póllandi sem gekk undir nafninu Ivan hræðilegi.

Demjanjuk var 73 ára þegar þetta gerðist og starfaði sem bifvélavirki í Ohio. Fimm árum áður var hann dæmdur til dauða fyrir að stjórna gasklefa í útrýmingarbúðunum í Treblinka þar sem yfir 870 þúsund gyðingar voru myrtir. Hann hélt því ætíð fram að hann hefði verið tekinn í misgripum fyrir hinn rétta Ivan.

Nýjar sannanir fundust árið 1992 í KGB-skýrslum þar sem talið var að Ivan hræðilegi hefði heitið Ivan Marchenko en ekki Ivan Demjanjuk. Ekki voru þó allir sannfærðir um sakleysi hans og var hann því færður í fangelsi eftir úrskurðinn til að vernda þar til hann gat yfirgefið Ísrael.

Demjanjuk missti bandarískan ríkisborgararétt sinn árið 1981 og var afhentur Ísraelum árið 1986. Hann fékk að snúa aftur til Bandaríkjanna eftir dóminn og endurheimti ríkisborgararéttinn árið 1998. Hins vegar var hann tekinn af honum á ný árið 2002. Í dómsúrskurði sagði að þótt Demjanjuk væri ekki Ivan hræðilegi væri ljóst að hann hefði starfað sem vörður í útrýmingarbúðum. Mál Demjanjuks velkist enn í bandaríska réttarkerfinu.



29. JÚLÍ 1993

## MERKISATBURÐIR

**1890** Vincent van Gogh fremur sjálfmorð í Frakklandi.

**1934** Ríkisstjórn Hermanns Jónassonar tekur við völdum.

**1954** Föruneyti hringsins, fyrsta bók Hringadróttinssögu eftir JRR Tolkien, er gefin út í Bretlandi.

**1968** Páll páfi sjötti ákveður að getnaðarvarnir verði áfram bannaðar af kaþólsku kirkjunni.

**1977** Þýskur bankaræningi er handtekinn í Reykjavík með 277 þúsund mörk. Fé hafði verið lagt til höfuðs honum erlendis.

**1981** Karl Bretaprins gengur að eiga Díönu Spencer í dómkirkju St. Pauls. Talið er að um 750 milljónir manna hafi fylgst með athöfninni með einum eða öðrum hætti.

## ANDLÁT

**Sigríður Skúladóttir**, Hraunbæ 103, Reykjavík, andaðist á hjúkrunarheimilinu Eir miðvikudaginn 13. júlí. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Sigurður Gunnarsson** húsasmíðameistari, Dalbraut 14, Reykjavík, lést föstudaginn 15. júlí. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Guðmunda Sigurey Sigurðardóttir**, Hringbraut 128h, Keflavík, lést þriðjudaginn 19. júlí. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Sigríður Elísabet Tryggvadóttir**, Skúlagötu 72, Reykjavík, andaðist þriðjudaginn 19. júlí. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Berta Bergsdóttir**, dvalarheimilinu Höfða, Akranesi, andaðist mánudaginn 25. júlí.

**Iðunn Björnsdóttir**, Einimel 7, Reykjavík, lést á heimili sínu mánudaginn 25. júlí.

**Júlíus Eiðsson**, Kirkjuvegi 11, áður Höfn, Dalvík, lést á Dalbæ, heimili aldraðra á Dalvík, mánudaginn 25. júlí.

## JARÐARFARIR

11.00 **Sigurborg Sigurðardóttir** frá Núpsseli, Miðfirði, V-Húnavatnssýslu, Gullsmára 11, Kópavogi, verður jarðsungin frá Digraneskirkju.

13.00 **Guðrún Konráðsdóttir**, Hrafnistu í Reykjavík, verður jarðsungin frá Grafarvogskirkju.

15.00 **Örn Jákup Dam Washington**, verður jarðsunginn frá Neskirkju.

15.00 **Þorgerður Sveinsdóttir** kennari, frá Kolsstöðum í Miðdölum, síðast til heimilis að Droplaugarstöðum, Snorrabraut 58, Reykjavík, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju.

## AFMÆLI

Sigurjón Sigurbjörnsson, blikksmiður og hlaupari, Álftamýri 58 Reykjavík, er fimmtugur í dag.

Sigurður P. Haukson, framkvæmdarstjóri, Espigerði 6 Reykjavík, er fimmtugur í dag.



Erla Sveinsdóttir, Fögruhlíð 3 Hafnarfirði, verður fimmtug 2. ágúst næstkomandi. Af því tilefni munu hún og eiginmaður hennar, Einar Skagfjörð, taka á móti vinum og vandamönnum laugardaginn 30. júlí á tjaldstæðinu á Siglufirði.

## FÆDDUST ÞENNAN DAG

1214 Sturla Þórðarson, sagnaritari og lögmaður.



1805 Alexis de Tocqueville stjórnmálaheimspekingur.

1871 Gregorí Efímóvítsj Raspútín, ráðgjafi Romanov-keisarafjölskyldunnar rússnesku.





1883 Benito Mussolini, fasistaleiðtogi á Ítalíu.

1905 Dag Hammarskjold, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna 1953 til 1961.






Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.



✝

**Þráinn Þórisson**

fyrrverandi skólastjóri, Skútustöðum, Mývatnssveit,

verður jarðsunginn frá Skútustaðakirkju þriðjudaginn 2. ágúst kl. 14.00.

Þeim sem vildu minnast hins látna er bent á Krabbameinsfélag Suður-Þingeyinga (reikningur í Íslandsbanka, Húsavík, s. 440 4000) eða Krabbameinslækningadeild Landspítala - háskólasjúkrahúss (s. 543 1151).

Margrét Lárusdóttir

| | |
|---|---|
| Höskuldur Þráinsson | Sigríður Magnúsdóttir |
| Brynhildur Þráinsdóttir | Baldvin Kristinn Baldvinsson |
| Sólveig Þráinsdóttir | |
| Steinþór Þráinsson | Oddný Snorradóttir |
| Hjörtur Þráinsson | |

og fjölskyldur



**DROTTNING Í HEIMSÓKN** Túvalú var bresk nýlenda til ársins 1978 þegar það hlaut sjálfstæði. Elísabet Bretadrottning kom í heimsókn til eyjanna árið 1982.

ÍSLAND STOFNAR TIL STJÓRNMÁLASAMBANDS VIÐ TÚVALÚ:

# Einn fangaklefi í öllu ríkinu

Ísland hefur stofnað til stjórnmálasambands við fjórða minnsta land í heimi, Túvalú. Það er smámennt eyríki í Kyrrahafi um 650 sjómílur norðan Fíjí-eyja. Auk þess að vera eitt hið fámennasta í heiminum er ríkið einnig mjög fátækt. Margir spyrja sig eflaust hver sé tilgangurinn með að hefja stjórnmálasamband við slíkt land.

Grétar Már Sigurðsson skrifstofustjóri í utanríkisráðuneytinu segir það stefnu stjórnvalda að koma á stjórnmálasambandi við öll ríki Sameinuðu þjóðanna. „Það eru margir sem halda að þetta sé annað og meira en það er. Þetta þýðir almennt að stjórnvöld geti talað saman með formlegum hætti. Það er enginn kostnaður sem þessu fylgir,“ segir Grétar Már sem telur að alltaf sé gott að eiga sem best sambönd við allar þjóðir innan Sameinuðu þjóðanna sérstaklega þegar upp komi mál sem snerti hagsmuni Íslands.

Þóra Arnórsdóttir fréttamaður hefur sérstakan áhuga á smáríkinu Túvalú eftir að hún fjallaði um inngöngu þess í Sameinuðu þjóðirnar. „Ég er hissa á því að við höfum ekki stofnað til stjórnmálasambands við Túvalú fyrr,“ segir Þóra, sem hefur lengi langað að heimsækja eyjarnar. „Þetta er ofboðslega afskekkt og erfitt að komast þangað. Maður verður að eiga mikið af peningum og hafa mikinn tíma,“ segir hún. Henni finnst margt heillandi við eyjarnar enda samfélagið virkt þrátt fyrir mikla smæð, en á eyjunum búa eingöngu ellefu þúsund íbúar á níu eyjum sem samtals eru um 27 ferkílómetrar. Í höfuðstaðnum er einn fangaklefi sem sjaldan er notaður og dómari kemur til eyjanna tvisvar á ári til að rétta í öllum málum.

Túvalú er sjálfstætt konungsríki. Það var áður bresk nýlenda og hét þá Ellice Islands. Landið hlaut sjálfstæði frá Bretum árið 1978. Nafnið Túvalú þýðir í raun „átta sem standa saman“ og vísar til átta eyja en sú níunda og minnsta var ekki byggð fyrr en eftir 1950.

Fúnafatí er höfuðstaður Túvalú en öll helsta stjórnsýsla fer fram í þorpinu Vaíakú. Íbúar eyjanna tala túvalúísku, I-Kiribati og ensku. 93 prósent íbúanna eru læs enda er skólaskylda frá sex til fimmtán ára aldurs.

Eyjarnar eru flatar og rísa sjaldan hærra en fimm metra yfir sjólínu en sjósókn er aðalatvinnuvegurinn á Túvalú. Þar sem eyjarnar eru afskekktar koma færri en þúsund ferðamenn þangað á hverju ári. Ríkið er því fremur fátækt. Það vakti þó athygli fyrir nokkrum árum þegar stjórnvöld Túvalú buðu upp internettengingu landsins og seldu hæstbjóðanda. Telja margir að það hafi bjargað fjárhag ríkisins.

Ein útvarpsstöð er starfandi á eyjunum og sendir hún út 40 tíma á viku á ensku og túvalúísku. Um þúsund símar eru í notkun en enginn farsími. Vegir á eyjunum eru samtals átta kílómetrar að lengd og enginn þeirra malbikaður. Hljómar svolítið eins og Ísland fyrir all nokkrum árum. ■



**STOFNAÐ TIL STJÓRNMÁLASAMBANDS** Fastafulltrúar Íslands og Túvalú hjá Sameinuðu þjóðunun skrifa undir yfirlýsingu um stofnun stjórnmálasambands ríkjanna í New York.




Túvalú eyjar eru 650 sjómílur norðan Fíjí eyja.

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| REYKJAVÍK | 4.25 | 13.34 | 22.41 |
| AKUREYRI | 3.51 | 13.19 | 22.44 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

FRÉTTABLAÐIÐ

# allt

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS NÁM FERÐIR **MATUR** BÍLAR ATVINNA BRÚÐKAUP FJÁRMÁL **TILBOÐ** o.fl.


## tilboð o.fl.

Ray Ban á tilboði

BLS. 5



SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000 OG Á visir.is

*Góðan dag!*

**Í dag er föstudagur 29. júlí, 210. dagur ársins 2005.**




**Smáauglýsingar**

*byrja í dag á bls. 6*


**Flokkar**

**Bílar & farartæki**

**Keypt & selt**

**Þjónusta**

**Heilsa**

**Skólar & námskeið**

**Heimilið**

**Tómstundir & ferðir**

**Húsnæði**

**Atvinna**

**Tilkynningar**



**ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is**

vísir


FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Jón Gunnar Þórðarson leikstjórnarnemi er mikill matmaður.

# Ljóstrar upp fjölskylduleyndarmáli

***Jón Gunnar Þórðarson segir að leikstjórn og matargerð eigi margt sameiginlegt. Hvort tveggja sameini ástríðu hans fyrir því að blanda mismunandi efnum saman í von um að fá góða útkomu.***

„Mér finnst mjög gaman að fara út í búð og finna eitthvað gott til að blanda saman," segir Jón Gunnar Þórðarson. Hann nemur leikstjórn og á ekki erfitt með að finna samlíkingu í matnum og leikhúsinu. „Matargerð er eitt af mínum helstu áhugamálum. Eiginlega er þetta svipað og leikstjórnin þar sem maður blandar mismunandi efnum saman og vonast til að útkoman sé góð."

Matargerðarástríðan hefur fengið að blómstra í London þar sem Jón Gunnar er við nám enda nóg af spennandi hráefni þar í boði. Honum finnst gaman að bjóða til veislu og vill helst ekki hafa matinn tilbúinn þegar fólkið kemur. „Það er gaman að sinna eldamennskunni eftir að gestirnir eru komnir. Það er svo mikil stemning."

Einn rétt öðrum fremur eldar Jón Gunnar þegar hann fær gesti. Það er humarpasta eftir uppskrift sem hingað til hefur verið leyndarmál í fjölskyldu Jóns Gunnars. „Best er að gera réttinn í sumarbústaðnum en ég hef meira að segja tekið hann með mér til London og eldað hann þar. Þetta er réttur sem ég nýti mér oft þegar ég býð gestum í mat og gerir ávallt mikla lukku," segir hann og bætir við að hægt sé að elda humarpastað í mismunandi útgáfum svo það sé fyrir alla. „Dóttir mín sem er fjögurra og hálfs árs borðar það líka ef hvítvínssafanum er ekki hellt yfir." Góður smekkur það.

Humarpastað er vitaskuld með humri en Jón Gunnar segir að lítið mál sé að búa til ódýrari útgáfu og nota skötusel, hörpuskel eða fiskinn búra í stað humarsins. Uppistaðan í réttinum er blekpasta sem er svart pasta sem gefur réttinum skemmtilegan lit. „Nú er blekpastað farið að fást á fleiri stöðum en fyrst komu foreldrar mínir alltaf með það frá Ítalíu."

Uppskrif að humarpasta Jóns Gunnars er að finna á næstu opnu.

*annat@frettabladid.is*

## LIGGUR Í LOFTINU *í tilboðum*

**Sólgleraugu** eru á tilboði í gleraugnaversluninni Sjón. Þar er hægt að fá sólgleraugu með styrkleika á aðeins 9.900 krónur. Þá er einnig linsutilboð í gangi. Hægt er að fá þriggja mánaða skammt á aðeins 3.500 krónur. Innifalið í því er linsuvökvi og linsubox. Verslanir Sjón eru að Laugavegi 62 og á Garðatorgi.

**Grill** og grillvörur eru meðal þess sem fá má á góðu verði á Hagkaupsútsölunni. Grillin eru flest á 30 prósenta afslætti en einnig má finna grill á allt að 60 prósenta afslætti. Tilboðin gilda meðan birgðir endast. Þótt langt sé liðið á sumarið er grilltíminn hvergi nærri liðinn. Það má grilla allan ársins hring og því er tilvalið að kaupa grill fyrir haustið.

**Smyril-line** sem rekur Norrænu er með ágústilboð fyrir farþega sína. Hægt er að komast til Færeyja, Noregs og Danmerkur á góðu verði. Fjögurra manna fjölskylda getur til dæmis farið í ferð með Norrænu til Danmerkur og Noregs og tekið bílinn með fyrir 19.600 krónur á manninn.

**Betra bak** stendur fyrir heilsu- og hægindadögum þessa dagana. Mikið er um góð tilboð í verslunum Betra baks og má meðal annars fá alls konar stillanleg rúm á góðu verði. Þá er sýningarsalurinn fullur af skemmtilegum svefnsófum sem eru á tilboði.




*tilbod@frettabladid.is*


# ENGRI LÍK!

**Ný kynslóð af Super CCD**



- Miklu minni líkur á hreyfðum myndum.
- Ótrúleg flassdrægni.
- Margfalt lengri rafhlöðu ending, allt að 500 skot!
- Eldsnögg að kveikja - 1,3 sek og tökutöf 0,01 sek.

Finepix F10 hefur tekið næsta skref í stafrænni ljósmyndun.
Með ljósnæmi allt að ISO 1600 í fullri upplausn!

**Finepix F10**
6.3M Super CCD
3X linsuaðdráttur
2.5 tommu skjár
ISO allt að 1600
Verð kr. 49.900



LJÓSMYNDAVÖRUR

FUJIFILM
www.ljosmyndavorur.is

Ljósmyndavörur Skipholti 31, Reykjavík, s: 568 0450 og Kaupvangsstræti 1, Akureyri, s: 461 2850 ı Myndsmiðjan Egilsstöðum

**Afgangar**
Gakktu vel frá öllum afgöngunum, settu þá í loftheldar umbúðir og geymdu í ísskápnum. Láttu matarafgangana ekki standa of lengi á matarborðinu, settu þá í ísskápinn um leið og þú hættir að borða. Kjötafganga má geyma í þrjá daga en annar matur geymist lengur.

## HOLLANDIA: Einn sá ódýrasti




Nýlega kom í Vínbúðirnar nýr ódýr 4,8% bjór á aðeins155 kr. dósin og gerist það vart ódýrara. Bjórinn er t.d. 4 kr. ódýrari en Faxe. Holland er lítill blettur á heimskortinu en Hollendingar hafa frá fornri tíð verið leiðandi í heimsverslun og síðast en ekki síst frábærir bjórframleiðendur. Holland er gífurlega stór bjórútflytjandi og er því að þakka góðum bjór, góðum gæðum og umfram allt góðum viðskiptatengslum frá fornu fari sem nær til allra landa. Hollandia-bjórinn er háklassa pilsner-bjór sem á sívaxandi vinsældum að fagna bæði innan og utan Hollands. Hollandia-bjórinn er framleiddur eingöngu úr náttúrulegum hráefnum, fyrirtækið maltar sitt eigið bygg og á sína eigin vatnsuppsprettu sem tryggir gæðinn. Hollandia er í pilsner-stíl með góðri fyllingu; frískandi og þægilegur bjór 5% að styrkleika sem tryggir gott bragð.

*Verð í Vínbúðum 155 kr. í 500 ml dós.*

## Suðrænt og svalandi hanastél

***Mojito-drykkurinn er tilvalinn í sumarpartíið enda afar bragðgóður.***



Mojito hentar vel á dansgólfinu til að svala þorstanum.

Kokteillinn Mojito er búinn að vera heitur sem aldrei fyrr á skemmtistöðum bæjarins í sumar og því ekki seinna vænna en að læra að blanda þetta suðræna og svalandi hanastél.

**MOJITO:**

6 myntulauf
2 skvettur af Gold rommi
1 tsk. súraldinsafi
2 tsk. mjög fínn sykur

Kremdu myntulaufin í skál eða botni glassins. Heltu romminu, súraldinsafanum og sykrinum saman við. Bættu klaka við, hrærðu saman og fylltu upp í með sódavatni. Skelltu þér síðan í dansskóna og dansaðu samba eins og þér sé borgað fyrir það!




Matreiðslumaðurinn á Angelo.

# Réttir sem fara vel á grillið

***Matreiðslumaðurinn á veitingahúsinu Angelo deilir uppskriftum með lesendum Fréttablaðsins.***

Veitingastaðurinn Angelo er á besta stað í bænum og býður upp á fjölbreytta rétti. Matargerðin er undir áhrifum frá Miðjarðarhafinu en öðruvísi hráefni eins og hrefnukjöt er einnig þar á boðstólnum. Staðurinn er í gömlu húsi á Laugavegi 22a og fallegar innréttingarnar ásamt sólríkum pallinum bjóða upp á skemmtilegt andrúmsloft.

Eldhúsmeistarinn á Angelo hafði til uppskriftir fyrir Fréttablaðið annars vegar af kjötrétti og hins vegar af sjávarrétti. Að hans sögn er hægt að útbúa báða réttina á grillinu og gefa þeim þannig sumarbragð. Jafnvel er hægt að útbúa þá þannig að hægt sé að taka þá með í útileguna um helgina. Í öllu falli eru þeir auðveldir, fljótlegir í undirbúningi og umfram allt gómsætir.

Tígrisrækjurnar eru einn vinsælasti rétturinn á matseðlinum og ekki að ástæðulausu enda eru þær sérlega bragðgóðar. Sítrónusósan gefur réttunum líka ferskt bragð. Rækjurnar eru þræddar á venjuleg grillspjót en einnig er gott að nota rósmarínspjót sem hægt er að fá í betri verslunum. Um rækjurnar gildir sama lögmál og um lambið - eftir því sem kjötið er marinerað lengur því betra verður það. ■



**TÍGRISRÆKJUR Á SPJÓTI**
Tígrisrækjur eru marineraðar í hvítlauk og rósmaríni í sólarhring. Þær eru síðan þræddar á spjót og grillaðar í nokkrar mínútur. Gott er að bera þær fram með ferskri sítrónu og spínati.

**Sítrónusósa:**
Sýrður rjómi
Karrý
Franskt sinnep
Sítrónusafi
Salt og pipar



**RÓSMARÍNLAMBAFILLET MEÐ RAUÐVÍNSSÓSU**
Kjötið er fituhreinsað og marínerað í rósmaríni og sítrónu í sólarhring hið minnsta. Kartöflurnar eru bakaðar og grænmeti gufusoðið, til dæmis gulrætur, aspas og brokkolí.

**Rauðvínssósa:**
Lambasoð
Rósmarín
Rauðvín
Salt og pipar
Bláberjasulta



Veitingastaðurinn Angelo er í fallegu húsnæði.

## Plastið sigrar um verslunarmannahelgina!

Sala á bjór í plastflöskum hefur margfaldast undanfarin ár og sífellt fleiri neytendur taka plastflöskurnar fram yfir umbúðir í gleri og áli. Nýverið var Egils Gulli, Tuborg Grön og Litla-Jóni tappað á plastflöskur en sala á Egils Pilsner í plastflöskum hófst í fyrrasumar. Viðtökurnar voru mjög góðar og þá sérstaklega hjá yngra fólki sem er vant drykkjum í plastumbúðum. Egils Pilsner og Litli-Jón fást í flestum vínbúðum en Tuborg og Egils Gull í Kringlunni og Heiðrúnu.

Kostir plastflasknanna eru óumdeilanlegir og hafa löngu sannað gildi sitt þegar gos- og vatnsdrykkir eru annars vegar. Þær vega ekki nema einn sjöunda af þyngd glerumbúða, með skrúfanlegum tappa, brotna ekki og eru því mjög hentugar í ferðalagið.



*Verð í Vínbúðum: Pilsner 153 kr., Gull 199 kr., Tuborg Grön 179 kr. í 500 ml flöskum og Litli-Jón 339 kr. í 1.250 ml flöskum.*

NÝJAR VÖRUR
aman
Skeifunni 11d
Sími 533 1020



LAUGARDAGSMORGUNN
Í umsjón Eiríks Jónssonar.
Á Talstöðinni alla laugardaga kl. 10.
GOTT FÓLK McCANN

# Kaffi frá Galapagoseyjum

TE OG KAFFI BÝÐUR UPP Á KAFFIBAUNIR ÚR MIÐJU KYRRAHAFINU.



Frá Galapagoseyjum.

Íslenskir kaffisælkerar geta nú keypt kaffibaunir frá Galapagoseyjum. Eyjarnar eru ekki þekktar fyrir kaffið sem þar er framleitt heldur mikla náttúrufegurð og fjölskrúðugt og framandi dýralíf. Á Galapagoseyjum eru þó úrvalsaðstæður fyrir kaffirækt en kaffið þar er framleitt í miklum gæðum þrátt fyrir að ræktunin sé ekki stunduð af miklum móð.
Baunirnar frá Galapagoseyjum eru fáanlegar í verslunum Te og kaffi og eru sérstaklega stórar og fallegar. Kaffið er í frábæru jafnvægi, með fyllingu, sérlega góðu eftirbragði og er á tilboði það sem eftir er mánaðarins. Fyrir þá sem halda uppi á slíkt má nefna að kaffið telst til lífrænna afurða enda er með öllu bannað að nota kemísk efni á eyjunni.



# MASTINO: Ítölsk vín á tilboði

Ítölsku Mastino-víninn frá Veneto eru búin að vera í sumar á sérstöku tilboði í reynslubúðum ÁTVR sem svo eru nefndar, Vínbúðunum Heiðrúnu og Kringlunni.

Mastino kemur frá héraðinu Valpolicella og nefnist svæðið þar sem vínið er ræktað Classico. Víngerðin er í eigu hinnar frægu víngerðarfjölskyldu Tommasi. Mastino dregur nafn sitt af Mastino Della Scala, einna hinna goðsagnakenndu fornu höfðingja Veróna. Aðalþrúgurnar í vínunum eru corvina, rondinella og molinera. Víninn verða til 31. ágúst áfram á þessu sérstaka kynningarverði og eru vínáhugamenn hvattir til þess að bera saman verð og gæði þessara vína við önnur sambærileg ítölsk vín. Verðlækkunin nemur allt frá 200-500 krónum og verður að segjast að leitun er að jafn hagstæðu Amarone-víni í árgangi 2000 svo dæmi sé tekið.

*Mastino Valpolicella: Lækkar úr 1.290 kr. í 990 kr.*
*Mastino Ripasso: Lækkar úr 1.490 kr. í 1.290 kr.*
*Mastino Amarone: Lækkar úr 2.990 í 2.490 kr.*




UPPSKRIFT JÓNS GUNNARS



## Humarpasta

- Góð ólífuolía
- Nokkur hvítlauksrif
- Sterkt chilli
- Þurrt hvítvín
- Svart blekpasta
- Gróft sjávarsalt
- Safi úr sítrónu
- Góður humar
- Fersk steinselja

Á pönnunni er eru tvö til þrjú hvítlauksrif og chilli steikt upp úr ólívuolíu. Þurru hvítvíni er síðan hellt yfir. Í pottinum er blekpastað soðið „al dente“ og saltað með grófu sjávarsalti. Á grillið fer humarinn sem er smurður með olíu, hvítlauk og sítrónu áður en hann er grillaður í örskamma stund. Pastað er sett í fat og steinseljan klippt yfir. Hvítvínssafanum er síðan hellt yfir pastað og humarnum raðað snyrtilega ofan á.

*Hollráð*

## Hrátt fuglakjöt

Notið plastskurðarbretti þegar hrátt fuglakjöt er skorið. Það er auðveldara að hreinsa það en viðarskurðarbretti. Skurðarbretti sem er ekki hreinsað nógu vel getur borið með sér skaðlega gerla sem geta spillt öðrum mat og valdið matareitrun.



Seljalandsfoss er einn skemmtilegasti nestisstaður á landinu og ekki leiðinlegt að tylla sér þar með hollustubitann sinn.

# Hollusta við þjóðveginn

***Margir missa tökin á mataræðinu þegar lagt er upp í ferðalag en hollusta á þjóðveginum er ekki mikið mál.***

Fyrir mörgum kalla ferðalög út á landsbyggðina sjálfkrafa á að allur besti ásetningur og reglugerðir varðandi mataræði fjúki út um bílgluggann áður en komið er upp fyrir Elliðaár. En það þarf þó alls ekki að vera þannig og í rauninni er með smá skipulagningu og aga hægt að halda sig við hollustuna án þess þó að fara í einhverja meinlætaútilegu. Venjulega lætur naslþörfin fyrst á sér kræla strax í bílnum. Þá er ráð að hafa með sér ávexti og hrátt grænmeti, sneiða það niður í litla bita, setja í box og narta í það á leiðinni.

En það er líka allt í lagi að grípa með sér tilbúna hollustu í poka sem fæst í stærri verslunum við þjóðveginn. Þar má fá mun hollara nasl en hið hefðbundna, kartöfluflögur og súkkulaði, eins og til dæmis allskonar hnetur, þurrkaða ávexti og fræ. Til að viðhalda hollustunni er líka ráð að borða ekki á bensínstöðvum eða þjónustumiðstöðvum heldur gera frekar skemmtun úr því að borða nestið sitt úti undir berum himni, sitja á teppi og snæða hollar samlokur og speltkökur með ávaxtasafa eða kaffi af brúsa á einhverjum fallegum áningarstað ekki fjarri þjóðveginum, til dæmis við fallegan foss eða í litlu gili. Í heilsubúðunum er hægt að fá alls kyns girnilega hollustu sem hentar vel í ferðalagið, bæði hollustubrauð, kex og hrökkbrauð og svo ýmis heilsustykki sem eru einstaklega ljúffeng. Þá eru ótaldar alls konar kæfur og álegg svo það ætti ekki að vera mikið mál að halda hollustuveislu við vegkantinn, að maður tali nú ekki um þegar á áfangastað er komið. ■



Í Manni lifandi við Borgartún er hægt að fá ýmislegt hollt til að narta í á ferðalaginu.






# allt tilboð o.fl.

**Stoðmjólk**
*Í versluninni Spar í Bæjarlind má fá stoðmjólk á 75 prósenta afslætti. Hálfur lítri kostar nú aðeins 18 krónur en kostaði áður 75 krónur. Tilboðið gildir til 2. ágúst.*

**75%**


Landsins mesta úrval af yfirhöfnum

S: 588 5518 Opnunartími • Mörkinni 6
mán. – fös. 10 – 18 • lau. 10 – 16
Topp Húsið

GÍTARINN ehf.
Stórhöfða 27 • 110 Reykjavík • Sími: 552-2125
gitarinn@gitarinn.is • www.gitarinn.is




*** NÝ SENDING ***
Þjóðlagagítar
poki, ól, DVD kennsludiskur, neglur, stilliflauta, auka strengir
kr. 12.900,-
Opið: Mán-Fös kl. 10-18 • Lau kl. 11-16



Ashtanga jóga

Námskeið fyrir byrjendur

Framhalds-námskeið

Frá 4-10 ágúst í Kramhúsinu



Kennari er Ingibjörg Stefánsdóttir

Talstöðin FM 90,9

FYLGSTU MEÐ!
SIRKUS

birta
SJÓNVARPSDAGSKRÁ VIKUNNAR »


**FJARÐARKAUP**

**Tilboðin gilda til 29. júlí**

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Kryddaður úrb. svínahnakki | 1.198 | 1.398 | 1.198 | 15 |
| Fjallalambs glóðarsteik framp. | 1.148 | 1.615 | 1.148 | 30 |
| Fjallalambs grillsneiðar | 798 | 1.299 | 798 | 40 |
| SS Grand orange helgarsteik | 1.263 | 1.579 | 1.263 | 20 |
| Lamba rib eye | 1.998 | 2.698 | 1.998 | 25 |
| FK jurtakryddað lambalæri | 995 | 1.659 | 995 | 40 |
| FK hrásalat 320 g | 88 | 148 | 275 | 40 |
| FK kartöflusalat 320 g | 88 | 148 | 275 | 40 |
| Matfugl kjúklingabringur | 1.998 | 2.495 | 1.998 | 20 |
| Matfugl kjúklingalæri | 419 | 599 | 419 | 30 |
| Fersk laxaflök | 898 | 1.098 | 898 | 20 |
| Sóma samlokur | 129 | 186 | 129 | 30 |
| Nektarínur | 198 | 489 | 198 | 60 |
| Plómur | 198 | 489 | 198 | 60 |
| Ferskjur | 198 | 489 | 198 | 60 |
| BBQ hraðgrill einnota | 298 | 354 | 298 | 15 |

**BÓNUS**

**Tilboðin gilda til 31. júlí**

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Fe Bónus lærissneiðar | 839 | 1.258 | 839 | 35 |
| Íslandsgrís kótilettur | 1.084 | 1.394 | 1.084 | 22 |
| Íslandsgrís helgarsteik | 978 | 1.258 | 978 | 20 |
| Pepsi og Pepsi max 2 l | 98 | 143 | 49 | 30 |
| KF soðið hangikjöt | 1.599 | Nýtt | 1.599 | |
| Ávaxtasalat frá Nonna litla 280 g | 259 | 279 | 925 | 10 |
| Bónus grillsósur 270 ml | 139 | 159 | 514 | 10 |
| Red devil orkudrykkur 250 ml | 79 | Nýtt | 316 | |
| Kók í dós 500 ml | 59 | 79 | 118 | 25 |
| Einnota kolagrill | 95 | Nýtt | | |

**SPAR** Bæjarlind

**Tilboðin gilda til 2. ágúst**

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Dreitill 1 l D-vítamínbætt mjólk | 59 | 79 | 59 | 25 |
| Stoðmjólk 500 ml | 18 | 75 | 36 | 75 |
| Lamba grill framhr.sneiðar, kryddað | 989 | 1.598 | 989 | 40 |
| Lamba grill kótilettur, kryddað | 1.098 | 1.698 | 1.098 | 35 |
| Lamba grill lærisneiðar, kyddað | 1.198 | 1.798 | 1.198 | 35 |
| Lamba grill sirlonsneiðar, kryddað | 989 | 1.298 | 989 | 25 |
| Vöffluduft 500 g Katla | 299 | 386 | 598 | 20 |
| Clubs saltkex 200 g | 89 | 124 | 445 | 30 |
| Vatnsmelónur | 89 | 129 | 89 | 30 |
| Maarud-flögur 175 g 3 teg. | 164 | 328 | 937 | 50 |

**NÓATÚN**

**Tilboðin gilda til 3. ágúst**

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Íslenskir tómatar í pakka, 1 kg | 199 | 249 | 199 | 20 |
| Tuborg grön léttöl 1/2 l | 49 | 99 | 98 | 50 |
| Sprite Zero 2 l | 99 | 199 | 49 | 50 |
| Myllu heimilisbrauð 770 g | 99 | 169 | 129 | 40 |
| Vestfirsk ýsukrili 60 g | 279 | 389 | 4.650 | 30 |
| Eðalfiskur – ítalskt salat 200 g | 69 | 125 | 345 | 45 |
| Ungnautahamborgari 1 stk. | 79 | 139 | 79 | 45 |
| Lambalærissneiðar úr miðlæri | 998 1 | .598 | 998 | 40 |
| Gourmet rauðvínsl. grísagrillsneiðar | 615 | 1.025 | 615 | 40 |
| Goða svið, frosin í poka | 349 | 499 | 349 | 30 |

**KASKÓ**

**Tilboðin gilda til 1. ágúst**

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Gott hrásalat | 59 | 199 | 59 | 70 |
| Gott kartöflusalat | 59 | 199 | 59 | 70 |
| BK lambasirlonsneiðar BBQ | 999 | 1.669 | 999 | 40 |
| BK grísahnakkasneiðar BBQ | 839 | 1.199 | 839 | 30 |
| Matfugls kjúkl. læri, magnkaup | 359 | 599 | 359 | 40 |
| Ísfugls salsa vængir | 499 | 998 | 499 | 50 |
| Pepsi cola 2 l | 89 | 179 | 44 | 50 |
| Egils pilsner 1/2 l | 29 | 79 | 58 | 60 |
| Náttúra bakaðar baunir í dós | 19 | 63 | 19 | 70 |
| Ananas | 99 | 199 | 99 | 50 |

**nettó**

**Tilboðin gilda til 1. ágúst**

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Villikryddað hátíðarlambalæri | 983 | 1.639 | 983 | 40 |
| Goða pylsur | 214 | 428 | 214 | 50 |
| Bautabúrs hamborgarar 4 stk. | 299 | 528 | 299 | 45 |
| Nettó þurrkr. lærissneiðar | 1.259 | 2.099 | 1.259 | 40 |
| Jarðarber 200 g | 99 | 269 | 495 | 65 |
| Bláber 340 g | 149 | 359 | 438 | 60 |
| Rifsber 125 g | 199 | 399 | 1.592 | 50 |
| Kirsuber 500 g | 259 | 798 | 518 | 70 |
| Hindber 125 g | 99 | 299 | 792 | 65 |
| Vínber rauð og græn | 199 | 399 | 199 | 50 |

**Þín verslun**

**Tilboðin gilda til 3. ágúst**

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Tex Mex kjúklingavængir | 250 | 499 | 250 | 50 |
| Kjúklinga grillleggir m/ jurtakryddi | 350 | 699 | 350 | 50 |
| Búrfells hamborgarar 4 stk. og brauð | 430 | 538 | 430 | 20 |
| Kryddaður helgargrís | 1.166 | 1.665 | 1.166 | 30 |
| Hunt¥s tómatsósa 680 g | 109 | 139 | 152 | 20 |
| Hatting hvítlauksbrauð 2 stk/pk | 189 | 269 | 94 | 30 |
| Neskaffi gull 100 g | 309 | 398 | 3.090 | 20 |
| Lúxus lakkrís íspinnar 4 stk. | 319 | 399 | 79 | 20 |

**KRÓNAN**

**Tilboðin gilda til 2. ágúst**

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| 7Up Free 2 l | 99 | 192 | 49 | 50 |
| Vestfirskur krónubitafiskur 100 g | 399 | 499 | 3.990 | 20 |
| Krónu hrásalat, ferskt 350 g | 98 | 169 | 280 | 40 |
| Krónu kjúklingur, frosinn | 299 | 399 | 299 | 25 |
| Bautabúrs hangikjöt, soðið | 999 | 1.998 | 999 | 50 |
| Lay¥s flögur, 4 teg. 200 g | 169 | 198 | 845 | 15 |
| Bautabúrs lambagrillsneiðar | 579 | 698 | 579 | 15 |
| Goða vínarpylsur, 10 stk. | 257 | 428 | 26 | 40 |

# Sumartilboð á myndavélum

***Stafrænar myndavélar eru á tilboði hjá Hans Petersen.***

Hægt er að fá Kodak EasyShare C3000 3,2 milljón pixla með 5 x starfrænan aðdrátt, Kodak linsu, 1,5" skjá sem tekur video á 9.900 krónur eða aðeins 1.980 krónur á mánuði. Kodak EasyShare LS755 er nú á 34.900 krónur, eða 6.980 krónur á mánuði, en hún var áður á 39.900 krónur. Hún er fimm milljón pixla, með 3 x optískan og 5 x stafrænan aðdrátt, Schneider linsu, 2,5" skjá, Lithium lon rafhlöðu og tengistöð fylgir. Einnig býður vélin upp á 22 tökustillingar.

Einnig er hægt að fjárfesta í Kodak EasyShare LS743 fjögurra milljón pixla með 2,8 x optískan og 3,6 x stafrænan aðdrátt, Schneider linsu, 1,8" skjá, videó með hljóði, Lithium lon rafhlöðu og hleðslutæki. Hún er nú á 24.900 krónur, eða 4.980 krónur á mánuði.

Hægt er að skoða vélarnar á heimasíðu verslunarinnar, hanspetersen.is.



Kodak EasyShare LS755 er nú á 34.900 krónur.

# Regnbogadagar í Belladonnu

***Verslunin býður aukaafslátt af fötum í réttum stærðum, eða frá númeri 42 og upp í 60.***



Nú standa yfir regnbogadagar í versluninni Belladonnu við Hlíðarsmára 11 í Kópavogi. Þar er hægt að gera frábær kaup á fötum fyrir alls konar konur í stærðum frá 42 og upp í 60. Útsala hefur staðið yfir í versluninni undanfarið og nú á að gera lokahnykkinn með því að allt sem ekki var á útsölu er komið á útsölu og það sem var á útsölu er nú selt með 40% meiri afslætti.

Tilboðið gildir ekki um samkvæmiskjóla og undirföt. Að sögn verslunarstjóra er verið að rýma til fyrir vetrarvörunum en fötin í búðinni koma helst frá Hollandi og Þýskalandi.

Þessa glæsilegu flík og ýmislegt fleira má fá á mjög góðu verði í Belladonna um þessar mundir.



Tjöldin í Intersport eru á 30 til 50 prósenta afslætti um þessar mundir.

# Útivistarvörur á afslætti

GÓÐUR AFSLÁTTUR ER VEITTUR AF ÝMSUM ÚTIVISTARVÖRUM Í INTERSPORT ÞESSA DAGANA.

Þessa dagana er útsala í verslunum Intersport og útivistarvörur eru þar á sérlega góðu verði. Öll tjöld eru seld með 30 til 50 prósenta afslætti sem ætti að koma sér vel fyrir helgina. Þá fást flíspeysur og svefnpokar með 30 prósenta afslætti. Ýmsan fatnað, sem kemur sér vel í útileguna, má einnig fá á góðum afslætti. Gönguskór sem áður kostuðu 12.990 krónur eru nú á 7.990 og útivistarbuxur sem áður kostuðu 4.690 krónur fást nú á 3.490.

Verslanir Intersport eru þrjár. Í húsi Húsgagnahallarinnar, í Smáralind og á Selfossi.

# Ray Ban dagar

Ray Ban sólgleraugun eru ein þau þekktustu í heiminum en nú standa yfir sérstakir Ray Ban dagar í gleraugnaversluninni Optical Studio Sól í Smáralind.



Tuttugu prósenta afsláttur er veittur af Ray Ban sólgleraugum til 1. ágúst og ef það var ekki nóg þá fylgir vegleg gjöf hverju sólgleraugnapari frá Ray Ban.

# Afmælistilboð Aktu taktu

Skyndibitastaðurinn Aktu taktu er tíu ára um þessar mundir og því stendur yfir sérstakt afmælistilboð út mánuðinn á öllum stöðum keðjunnar - en þeir eru við Skúlagötu, í Fellsmúla, Mjódd og Garðabæ.

Hægt er að fá sér ostborgara og Pepsi í gogginn á aðeins 299 krónur og fyrir 149 krónur er hægt að bæta frönskum við. Einnig er barnaísinn á fimmtíu krónur í allt sumar af þessu tilefni.




Eitt líf – njótum þess



Heilsu og hægindadagar
Tilboðin í fullum gangi!

Mesta úrval landsins af stillanlegum rúmum - komdu og finndu þitt rúm

**Fjöldi tilboða á stillanlegum rúmum!**



**Amerískir gaflar með hönnun í takt við tímann**

King 193x203 cm.
Cal. King 183x213 cm.
Gafl
Botn
Lappir
Dýna
AÐEINS KR
162.900,-




Queen 152x203 cm.
Gafl
Botn
Lappir
Dýna
AÐEINS KR
134.900,-

The NeverTurn Mattress

www.design.is @ 2005



15 sekúndur

**Áttu von á gestum? Glæsilegur sýningarsalur okkar er fullur af nýjum svefnsófum – NÚ Á TILBOÐI!**

Ekki missa af þessu!!!

Betra BAK

Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477
betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opið virka daga frá kl. 10-18
Lokað á laugardögum í júní og júlí

# allt - sem þig vantar

[ ALLAR SMÁAUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is ]

SMÁAUGLÝSINGA-SÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22

TIL BIRTINGAR NÆSTA DAG ÞARF AÐ PANTA FYRIR KL. 14.30

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
MÁNUDAG TIL MIÐVIKUDAGS 8–18
FIMMTUDAG OG FÖSTUDAG 8–19
LAUGARDAG 9–17 SUNNUDAG 11–16



## Mótorhjól



Harlet Davidson Sportster 1200 árg. 1996 ekið 3.800 mílur. Stórglæsilegt hjól, mikið króm Toppbílar Kletthálsi 2, 110 Reykjavík www.toppbilar.is.



Til sölu eitt glæsilegasta hjól landsins, Honda Valkyrie 1600cc, árgerð 2000, ekið 5.100 mílur, nánari upplýsingar eru í síma 696 8558 og á www.ec.is/valkyrie



BMW 1000 árg. '95 fjallahjól með ferðatöskum. Verð 600 þús. S. 567 9642 & 868 7177.



Honda CBR600RR '04, ek. 3.500 km, 117 hp, galli fylgir, geggjað hjól. V. 950 þús. Uppl. í s. 616 6360.

Icebike auglýsir. www.icebike.is. S. 867 1282 og 421 5452.

Yamaha XT 600 Enduro hjól árg. '01. Ek. 11 þús. Uppl. í s. 899 7353.

## Hjólhýsi



Til sölu 20 feta Sun Lane hjólhýsi á fallegum stað í Þjórsárdal. Upplýsingar í s. 897 2735.



Tilboð óskast í Hobby Landhaus hjólhýsi mjög vel með farið. Einnig sumarbústaðaland tæpur hektari í landi Svínavatns. Selst saman eða í sitthvoru lagi. Skipti á góðum fólksbíl koma til greina. Uppl. í s. 897 6302.




## Fellihýsi



Fleetwood Sedona árg. 2004. Sem nýtt. Grjótgrind fylgir. Flott hús á flottu verði. Kr. 930.000 Netsalan ehf, s. 517 0220.







**Fellihýsaleiga.**
Til leigu fellhýsi og tjaldvagnar. Sími 899 6277 & 461 5077, Tjalda og Seglaþjónustan ehf, Óseyri 6c, Akureyri.

Palomino Colt árg. 2000. Til sölu, í góðu ástandi. Upphækkað 5 cm, nýl. fortjald m/hitara. Uppl. í s. 820 1870, buland34@isl.is

Til sölu 10 feta Coleman Sea Pine fellihýsi árg. 2000. Fortjald, sólarrafhlaða, 220V. og sjónvarpsloftnet. Uppl. í síma 895 9505.

Sá flottasti frá Coleman 12 feta fellhýsi af gerðinni Bayside Elite árg. '01. Með ferðapakka, grjótgrind, sólarrafhlöðu, upphækkaður, nýr rafgeymir. Verð 1.350.000. Lítið notaður, vel með farinn. Uppl. s 893 7900

12 feta Jaco fellihýsi til sölu á góðu verði, á Austurlandi. Í góðu ástandi. S. 899 4705.

Til sölu næstum ónotað fortjald á Palomino Yearling, passar á 9-11 feta Palomino fellihýsi. Uppl. í s. 695 9175.

Coleman Cheyanne '00 fellhýsi til sölu. Vel með farið. Upphækkað, sólarsella, fortjald, skyggni, heitt vatn og fl. S. 896 2964.

Til sölu Viking fellihýsi, kom á götuna 2000, 8 fet, topplúga, svefntjöld, stór rafgeymir, festing fyrir 2 gaskúta. Mjög vel með farið. Uppl. í síma 897 9410.

Palomino Colt árg. '99 með fortjaldi til sölu. Uppl. í s. 896 3894.

Coleman Mesa 12 fet. Nýtt og ónotað, útdraganleg hlið(eldhús). Stórt fortjald, 2 eldavélar, útisturta, heitt og kalt vatn, gasísskápur, gaskútur, rafgeymir. Klárt í útileguna. Verð 1.490 þús. Uppl. í síma 896 3233.

Til sölu Coleman Cheyenne '02 ('03) 8 manna, h & k vatn, sólarsella, stór geymir, miðstöð, upphækkaður, sjónvarpsloftnet, geymslukassi, ísskápur, útvarp og geislaspilari. Verð 1.200 þús. Uppl. í síma 844 4553.

Til sölu Palomino Colt árg. '99 fellihýsi í góðu standi. Uppl. í síma 462 1085 & 860 7631.

Fortjald af 10 feta Coleman fellihýsi til sölu á 65 þús. (nýtt kostar 132 þús.) Uppl. í s. 845 6553.

Coleman árg. '95 gott fellihýsi með fortjaldi til sölu. Verð 440 þús. Uppl. í síma 863 0373.

Til sölu 8 feta Coleman fellihýsi árg. '88. Verð 140 þús. Uppl. í síma 847 4800.

Coleman Cheyenne '04 ásamt fortj., sólarsellu, 220w. rafm., heitu og köldu vatni, eggjab.dýnur o.fl. Verð 1.300 þ. Sími 894 1772.

**Eitt með öllu, eins og nýtt**
Coleman Utah árg. 2003 Geymslu box að framan, útdraganleg hlið, sólarsella, sjónvarps og útvarps loftnet, ný dekk, sturta og cd. Gott verð 1.400.000. Uppl. í s. 898 2111.

**Eitt með öllu**
Coleman Fleetvot Utah. árg. júní 2005 grjótgrind, upphækkaður, hleðsla í bíl, sólarsella, fordtjald + skyggni, MP3 spillari. Eitt með gjörsamlega öllu. Verð. 1.750.000. Uppl. í s. 898 2111.

## Tjaldvagnar



Til sölu Montana 2001 með fortjaldi, lítið notaður, á 390 þús. Uppl. í s. 899 5335.

Camplet Concorde tjaldvagn til sölu ásamt fylgihlutum. Árgerð '01. Sími 824 1836.

Til sölu Combi Camp gamall og góður Straumsvíkurvagn, með fortjaldi. Verð 100 þús. Uppl. í síma 897 2316.

Til sölu Camp-let Appollo '98, litur vel út. Verð ca 280 þús. Uppl. í s. 660 9712.

Ferðaeldhús í tösku frá Coleman. Verð 20 þús. Uppl. í síma 567 1596 & 694 7196.

Til sölu Combi Camp family árg. 2000, vel með farinn og góður vagn, geymslukassi á beisli. Verð 310 þ. Uppl. í s. 896 1168.

Inefca árg. '94, fljótlegt og þægilegt að tjalda. Verð 150 þús. Uppl. í síma 660 1180 & 660 1188.

## Vinnuvélar




Mikið úrval af minni bensín og disel rafstöðvum á lager. Sérpantanir á stærri stöðvum sniðnar að óskum kaupenda. Upplýsingar hjá sölufulltrúm Merkúr hf. 824-6063 og 824-6061.



Gerni 400GTA 200 bör, 930l/klst. Aðeins kr. 99.900 án vsk. kr. 124.376 m. vsk. Jötunn Vélar ehf. Austurvegur 69 Selfoss s. 480 0400. www.jotunn.is

Óska eftir traktor, má vera gamall og lúinn og þarfnast lagfæringa. Helst með tækjum. á sama stað til sölu vélsleði Yamaha '90 árg. Selst ódyrt. Uppl. í s. 487 8805 eða 896 7707.

## Lyftarar



Allar gerðir af vinnulyftum til leigu. Góð tæki & betra verð. Armar ehf s. 565 4646 & 660 1700. www.armar.is




## Bátar








Færeyskur trébátur (langæringur) í góðu standi til sölu. Tilvalin við sumarbústaðinn. Upplýsingar gefur Jóhannes í síma 565 1213 eða 893 6435.

**Bátaland, allt til báta.**
Utanborðsmótorar, bátahlutir, dælur, öryggisbúnaður, bátar, þurrkubúnaður og margt fleira. Bátaland, Óseyrarbraut 2 Hafnarfirði S. 565 2680, www.bataland.is

## Bílaþjónusta



Chipsaway frábærar rispuviðgerðir. Sparar tíma og peninga. Varanlegt. lögum einnig ryðbletti. S. 557 7200, Hjólko, Smiðjuvegur 26.

## Hjólbarðar

BMW álfelgur 18" 10 og 8" breiðar. Verð 70 þús. Uppl. í síma 868 7177 & 567 9642.

## Varahlutir




Bílakjallarinn Stapahrauni 11, s. 565 5310. Sérhæfum okkur í VW, Toyota, MMC, Suzuki og fl.

Partar Kaplahrauni 11, s. 565 3323. Varahlutir í bíla þ.á m. Ford, Opel, Suzuki, Mazda, VW, Daewoo. Kaupum bíla til niðurrifs.

**AB-VARAHLUTIR**
Bílavarahlutir í flestar gerðir Evrópu og Asíubíla, t.d. boddíhlutir, ljós, kúplingar, stýrishlutir, bremsuhlutir, handbremsubarkar, vatnsdælur, öxulliðir og hosur ljóskastarar, tímareimar, viftureimar, spirnur, spindilkúlur. Og allir varahlutir fyrir Toyota. Eingöngu ný vara.
**Opið frá 08.00-18.00 mánudaga-föstudaga. Betri vara, betra verð. Sími 567 6020. Bíldshöfði 18**

Partasalan VTS, s. 421 8090. Toyota, Nissan, Opel, Audi 100-95, Suzuki, Lancer. Opið virka daga frá 8-18, laugard. 10-15.

Partasala Guðmundar Tangarhöfða 2, S. 587 8040. Erum að rífa Mözdu, MMC og Nissan frá árg. '88-'97. Kaupum bíla til niðurrifs.

**Ópel partar**
Vectra, Astra, Corsa '94-'03. Kaupi bíla til niðurrifs. Sími 553-9900, 845-2996.

**bilapartar.is**
Bílapartar, erum flutt í Grænumýri 3 Mosfellsbæ, s. 587 7659. Erum eingöngu með Toyota. Kaupum Toyotabíla. Opið virka daga frá 10-18.

Partasalan Skemmuvegi 30, sími 557 7740. Eigum varahluti í Volvo, Opel, Nissan, Toyota, Renault, Honda og fleira.

**Peugeot-Citroen.**
Peugeot, Citroen. Er eingöngu að rífa Peugeot og Citroen. Franskir bílapartar ehf. S. 587 8200 & 694 9117.

Bílhlutir, Drangahrauni 6, S. 555 4940. Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

**Bílapartasalan Ás**
Skútahraun 15B, s. 565 2600. Honda, Mazda, MMC, Nissan, VW. Notaðir varahlutir í flestar gerðir bíla, Kaupum bíla til niðurrifs.

**Hedd 557 7551**
Bílapartasala sem sérhæfir sig í MMC, Nissan, VW, Subaru, Skoda og fl. Opið mán-föst 9-18.

Vélbúnaður og bodyhlutir í VW Golf, Polo og Yaris '98 og yngri. Einnig Airbag. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

**S. 555 3560**
Bílapartar og Þjónusta eigum varahluti í flestar gerðir bíla. Dalshrauni 20.

**Aðalpartasalan s. 565 9700**
Kaplahrauni 11 HF. Eigum varahluti í Hyundai, Peugeot, Mazda, MMC, Opel og fl. Kaupum bíla til niðurrifs.

Til sölu 2 hurðir úr Bronco '74, ódýrt. Upplýsingar í síma 862 9238.

Á varahluti í Charade '88/'93, Civic '91, Lancer Colt '92/'93, Galant '90, Corolla '92, '97, Touring '92, Sunny '92, Micra '91, Swift '90, Subaru '90, Justy, L300 '90, Primera '93, Escort '88. Hyundai Coupe Turbo '93. Sonata '92. S. 896 8568.

## Viðgerðir

Ef pústið pípir og bremsurnar braka, hættu að aka og láttu okkur laga. Kvikkþjónustan, Sóltúni 3, s. 562 1075.

## KEYPT & SELT

## Til sölu

Ísskápur 162 cm m/sér frysti á 12 þ., 142 cm á 10 þ., 118 cm og 85 cm á 8 þ. Eldavél á 5 þ. Þríhjól á 2 þ. Hjólabretti á 3 þ. Barnabílstóll á 5 þ. CD í bíl á 5 þ. Línuskautar 2 þ. Einnig varahlutir í ýmsa bíla og mikið af dekkjum á felgum á 1 þ.stk. S. 896 8568.



Full búð af nýjum vörum frá Austurlöndum. Frábært úrval. Vaxtalausar léttgreiðslur. Sigurstjarnan, S. 588 4545. Fákafeni (bláu húsin) Opið 11-18 virka daga og 11-15 laugardaga.



Frábær dægrastytting. Hljóðbækur á fínu verði fást á www.hljodbok.is og í bókabúðum.



Seljum Porta Potti ferðaklósett og fylgihluti, s.s. hreinsivökva og ferðaklósettpappír. Verslaðu við traustan aðila. Seglagerðin Ægir, Eyjarslóð 5-7, sími 511 2200.



Gasgrillhella steikaraborð fyrir veitingahús. Krómáferð á grillfleti, teg. Zanussi. Uppl. í síma 894 2275.

## Óskast keypt

Kaupum gamlar vínylplötur, gott verð, góð tilboð. Uppl. í s. 698 8629.

Óska eftir kamínu í sumarbústað. Uppl. í síma 864 5920.

## Hljóðfæri

Leigjum og seljum hljóðkerfi stór og smá. JBL, Crown, AKG HljóðX. Grensásvegi 12 sími 553 3050.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35, s. 552 7095.

## Tölvur




Þarftu aðstoð við tölvuna? Viðurkenndur af Microsoft. 10 ára reynsla. S. 616 9153 (Friðrik). Frá kl 8-23.

**Ódýrar tölvuviðgerðir!**
Alhliða tölvuviðgerðir og uppfærslur. Uppl. í s. 899 8894 eftir kl.18:00.

## Til bygginga







Pallaefni. Eigum fyrirliggjandi Massaranduba pallaefni 25 x 145mm. Endist í áratugi. Efnissalan ehf. S. 554 5400.

## Verslun



**100% Verðvernd!!!!**
Venus erotic store. Vorum að fá nýjar 10 og 12 tíma 2ja diska DVD, verð 3.990. Allar spólur 1990. 3 á 5.000. Venus Freyjugötu 1 sími 552 2525. www.venus6.is. Sendum í póskröfu um land allt.



Espadrillurnar eru komnar. 11 litir stærðir 35-41, kr. 990. Einnig með háum hæl kr. 2500. Hókus Pókus Laugavegi 69 S. 551 7955.




# ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar

Nostra Hreingerningarþjónusta. Tökum að okkur fyrirtækja-, heimilis-, flutnings-, stigagangaþrif og teppahreinsanir. Uppl. í s. 824 1455 eða senda fyrirspurnir á nostra@nostra.is

## Garðyrkja




**Túnþökur.**
Túnþökurúllur, túnþökur og holtagróður ávallt fyrirliggjandi
**Túnverk ehf. 892 3666 Gylfi Jónsson**

**Vorfáni - Hellulagnir**
Varmalagnir og drenlagnir ásamt tengingum. Tiltekt í görðum og önnur verk.
**S. 892 9141 eða 861 9142.**

**Tökum garðinn í gegn!**
Sláum gras, klippum/fellum tré, hreinsum beð, eitrum tré og túnfífla, þökuleggjum, helluleggjum og margt margt fleira. Gerum góð tilboð.
**Sláttumenn -Garðaþjónusta. Þórhallur s. 846 0864 Hjörleifur s. 868 2667.**

Túnþökur til sölu. Heimkeyrsla í RVK innifalin. S. 847 5007 grassalan@simnet.is

**Túnþökusala Oddsteins**
Gerum tilboð í minni og stærri verk. tek einnig að mér lagningu. Steini. s. 663 6666/663 7666

Alhliða garðyrkjuþjónusta. Halldór garðyrkjumaður sími 698 1215.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf., sími 511 2930

## Búslóðaflutningar




Búslóðaflutningar og búslóðageymsla. Stór bíll. Gerum tilboð í flutning út á land. S. 898 6565. Flutningaþjónusta Brynjars.

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560.

## Húsaviðhald

Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

**Móðuhreinsun glerja & háþrýstiþvottur!**
Er komin móða eða raki á milli glerja? Háþrýstiþvottur húseigna. Móðuhreinsun, Ólafur í s. 860 1180.

**Þak og utanhússmálun**
Málum þök og veggi. Gerum föst verðtilboð. Uppl. í s. 898 8218 & 894 5663.

## Stífluþjónusta




**Stífluþjónustan ehf**
Losum allar stíflur, hreinsum lagnir. Röramyndavél. Meindýraeyðing. 20. ára reynsla S. 554 2255 - 896 5800.

## Tölvur

Þarftu aðstoð við tölvuna? Kem á staðinn og geri við. Viðurkenndur af Microsoft. 10 ára reynsla. S. 616 9153 ( Friðrik). Milli kl 8-23 alla daga.

Ódýrar tölvuviðgerðir. Kem samdægurs í heimahús. Kvöld- og helgarþjónusta. 695 2095.

Tölvuvandamál? Kem á staðinn. Viðurk. af Microsoft. Mikil reynsla. Ríkharður s. 898 0690, til kl. 23 alla daga.

Dell GX280 + Dell 1704 FP skjár. Einnig nokkrar tölvur, skjáir og prentarar á góðu verði. Sjá http://tolvur.vortex.is S. 525 4994 & 893 4595.

## Innrömmun

Hjá Hirti verður lokað v/ sumarleyfa 23. júlí-7. ágúst. Upplýsingar á xnet.is/hjahirti

## Spádómar

**Alspá 908-6440**
Finn týnda muni. Andleg hjálp, Ráðgjöf, nýjar leiðir, NLP. Y. Carlsson.

**Örlagalínan 908 1800 & 595 2001**
Miðlar, spámiðlar, tarotlestur, draumráðningar. Fáðu svör við spurningum þínum.

**Hanna 908-6040**
Andleg leiðsögn, miðlun, tarot, spilaspá, draumar, og huglækningar. Frá kl. 13 til 01.

**Englaljós til þín.**
Ertu óhamingjusöm/samur? Tarot lestur og fáðu svör við spurningunum þínum. 908-5050. Lára & Laufey.

908 6116 er spákonan Sirrý. Ástir, fjármál, heilsa. Tímap. í s. 823 6393.




# SAMLESNAR AUGLÝSINGAR

! 90,9 98,9 FRÉTTABLAÐIÐ Létt 96,7 vísir

Jeppakerrur,
**Víkurvagnar**

Hefurðu heimsótt
**Árbæjarsafn í sumar?**

Útilegustóll með glasahaldara, 749 krónur.
**Hagkaup.**

Afsláttardagar föstudag og laugardag.
**Maður Lifandi**

Framlengingarspeglar
**Víkurvagnar**

Reimar í bíla
**Fálkinn**

Allt í útileguna.
Ótrúlegt verð.
**Hagkaup.**

Kúplingar í bíla
**Fálkinn**

Gott á allt-
**www.bestalambid.is**

Protools upptökukerfi.
**Hljóðfærahúsið Laugavegi 176**

Fleiri ferðalög með KK og Magga Eiríks í efsta sæti íslenska tónlistans.
Annað upplag komið í Verslanir
**Zonet**

Skógakaffi, léttar veitingar við hringveginn.
**Samgöngusafnið Skógum.**

Ársalir Fasteignamiðlun,
**533-4200.**

Útsölulok.
Ótrúlegt verð, yfirhafnir 4900,-
**Herrafataverslun Birgis.**

Síldarævintýri um Verslunarmannahelgina.
Söngvakeppni, dorgveiðikeppni.
Siglufjarðarskarð opið.
Frábær tjaldsvæði.
**www.siglo.is**

Hvað á að gera um helgina?
**Velkomin á Árbæjarsafn.**

Frábær tilboð fyrir Verslunarmannahelgina.
**Útilíf**

Ódýrir svefnpokar, 1499 krónur.
**Hagkaup.**

Skoðaðu
**www.bestalambid.is**

Nesbær,
**kaffihús Neskaupsstað.**

Skógasafn tilvalinn áningastaður fyrir fjölskylduna.
Aðgangur ókeypis fyrir börnin.
**Byggðasafnið Skógum**

Útsölulok.
Ótrúlegt verð, peysur aðeins 1900,-
**Herrafataverslun Birgis.**

Síldarævintýri um Verslunarmannahelgina.
**www.siglo.is**

Nylon.
Söngvakeppni, dorgveiðikeppni.
**Golf, sund, gönguferðir.**

Tjöld í miklu úrvali.
Verð frá 1.490,-
**Rúmfatalagerinn- Aðeins ódýrari.**

Allt í ferðalagið og útileguna.
**Rúmfatalagerinn... Aðeins ódýrari.**

Tjöld og svefnpokar í miklu úrvali.
**Rúmfatalagerinn,, Aðeins ódýrari.**

Tilboðsverð á svefnpokum.
**Útilíf**

Kringlukráin kynnir hljómsveitina Karma í kvöld.
**Kringlukráin**

Tjald í útileguna.
Aðeins 2.249 krónur.
**Hagkaup.**

Gamla góða Kaupmannahöfn.
**www.salkaforlag.is**

Smáauglýsingasími Blaðsins, 510-3737
Þar sem smáauglýsingarnar kosta aðeins
**555.- krónur stykkið.**

Kajakferðir fyrir alla fjölskylduna-
**Kajakferðir, Stokkseyri.**

Frábær tilboð á tjöldum fyrir Verslunarmannahelgina.
**Útilíf**

Sólskinsparadís í regni og sól.
**Eden Hveragerði.**

Tölvur, tölvuviðgerðir.
**Tölvukaup**

**hamraborgkopavogi.is**

Kaffivélarnar fást í Expert, opið allar helgar.

Verið velkomin í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn á mánudag.
**VR.**

Ársalir Fasteignamiðlun,
**www.arsalir.is**

75 lítra bakpoki 3.990 krónur.
**Útilíf**

Íslenskar kartöflur, nýuppteknar og bragðgóðar gullauga og rauðar komnar í verslanir.
**Íslenskt grænmeti, sérmerkt þér**

Hólavatn, veiðistaður fjölskyldunnar.
**Eyjafjarðarsveit**

Síldarævintýri um Verslunarmannahelgina.
Fjölbreytt barnadagskrá.
Hestaleiga.
Skemmtisiglingar.
**Nylon, Von, Terlín, Spútnik.**

Engin rigning við Ísafjarðardjúp.
Reykjanes við djúp.
**Sími: 456-4844.**

**Roðlaust og beinlaust.**

Ertu að fara Norður?
Dótakassinn Akureyri,
**þar sem leikföngin fást.**

Síldarævintýri um Verslunarmannahelgina.
Von, Terlín, Spútník, Nylon.
Gönguferðir, sund, hestaleiga.
**www.siglo.is**

Dráttarbeisli
**Víkurvagnar**

Vantar þig andlegt lesefni?
Andrés Önd og Myndasögusyrpur á næsta blaðsölustað.
**Edda-útgáfa.**

Þú berst á fáki fráum í fjörureið.
**Íshestar.is, sími 555-7000**

Ekki gleyma að taka Andrés Önd með í fríið.
**Edda-útgáfa.**

Ökum varlega og sýnum tillitsemi.
**VR.**

Óska eftir gröfumönnum og verkamönnum í Reykjavík. Mjög mikil vinna framundan. Uppl. í síma 695 2399 & 695 0556.

**Pizza Höllin Mjódd**
Óskar eftir að ráða starfsfólk í helgar og kvöld vinnu. Uppl. veitir verslunarstjóri í s. 577 6868.

Vélavörð vantar á tæplega 200 tonna netabát sem gerður er út frá Suðurnesjum. Uppl. í s. 892 5522.

**Bakarí-afgreiðsla**
Óskum eftir duglegum starfskrafti í afgreiðslu nú þegar. Framtíðarvinna. Upplýsingar í síma 897 7140, Björg.

**Vantar starfsmann sem fyrst**
Óskum eftir að ráða starfsmann í fast starf í bakarí okkar, ekki yngri en 20 ára.
**Kökuhornið, Bæjarlind. Uppl. í síma 544 5566 & 897 0702.**

**Aðstoð í eldhúsi**
Óska eftir að ráða starfsmann í aðstoð í eldhúsi sem allra fyrst.
**Upplýsingar í síma eða á staðnum.**
**Cafe Victor. Sími 697 9001 & 561 9555.**

**Óskum eftir að ráða menn í eftirfarandi stöður**
Óska eftir að ráða gröfumann sem fyrst, um er að ræða vinnu á höfuðborgarsvæiðinu og úti á landsbyggðinni, vinnuvélapróf áskilið. Verkamenn óskast í jarðvinnu, um er að ræða vinnu á höfuðborgarsvæðinu. Einnig óskast maður á jarðýtu til að vinna við plægingar, um er að ræða vinnu á ýmsum stöðum á landinu.
**Rafdrengir ehf, Tunguhálsi 7, 110 Reykjavík. Upplýsingar í síma 822 1551 & 595 1500.**

Rizzo Pizzeria. Okkur vantar fólk til starfa strax. Uppl. á staðnum Hraunbæ 121.

**Pizza Höllin Dalbraut**
Óskar eftir að ráða bílstjóra í kvöld og helgar vinnu. Vinnu tími 17.30-22.30. Uppl. í s. 568 6868 Helgi.

Hótel Valhöll, Þingvöllum leitar að einstaklingum sem hafa áhuga á að starfa í skemmtilegu umhverfi. Ath: aðeins 20 ára og eldri. Umsóknum skal skilað á hotelvalholl@hotelvalholl.is fyrir 04/08 nk. Óskað er eftir áreiðanlegu fólki í framtíðarstörf. Nánari uppl. í síma 480 7100 (Aníta/Kristbjörg)

Óska eftir röskum manni á hjólbarðaverkstæði Nýbarða Garðabæ. Uppl. í s. 565 8600.

## TILKYNNINGAR

### Tapað - Fundið



**Hefurðu séð Lubba?**
Lubbi hvarf frá heimili sínu Njálsgötu 84 á þriðjudag. Hann er svartur með bláa ól, gæfur og fer aldrei langt að heiman. Hans er sárt saknað. Allar upplýsingar vel þegnar. Fundarlaun í boði. S. 660 2002

### Einkamál

TANTRA
EROTÍSK VERSLUN
LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD OG LEIKFÖNGUM FYRIR FULLORÐNA
OPIÐ MÁN - FÖS 12:00 - 20:00
OG LAUGARD. 12:00 - 18:00
KOMIÐ Í VERSLUN OKKAR AÐ FÁKAFENI 1 EÐA SKOÐIÐ HEIMASÍÐU OKKAR
WWW.TANTRA.IS
SÍMI 588 6969.

XXX DVD
BESTA VERÐIÐ
DVD frá kr. 1990 nýjar myndir frá USA 2950, allar VHS á 1498

# Breyttur opnunartími í afgreiðslu

Mán.-mið. 8.00 - 18.00
Fim. og fös. 8.00 - 19.00
Lau. 9.00 - 17.00 og sun. 11.00 - 16

Smáauglýsingasíminn er 550 5000
og er opinn alla daga frá 8.00 - 22.00

FRÉTTABLAÐIÐ birta DV Talstöðin vísir

# Akkurat - fyrir þig!



**OPIÐ HÚS UM HELGINA! SKÓGARHÓLF - MIÐHÚSUM**

HEILSÁRSHÚS - MIÐHÚSUM,Skógarhólf 5, fyrir neðan þjóðveg.Rétt við Úthlíð milli Laugavatns og Geysis fallegur 78 fm. sumarbústaður .Heitur pottur er á verönd. Verönd er framan við hús, ca 70 fm. **VERÐ 12,7 millj.**

ELÍSA tekur á móti þér og þínum alla helgina GSM: 823-9109

Sími: 594 5000
Akkurat



# Framtíðarstarf og sumarafleysingar

**AÐFÖNG óska eftir starfsmönnum á lyftara og í lagerstörf.**

Um er að ræða framtíðarstörf og einnig í sumarafleysingar. Við bjóðum upp á góða tekjumöguleika, góða vinnuaðstöðu og mötuneyti er á staðnum. Leitað er að kraftmiklum og áreiðanlegum einstaklingum sem eru eldri en 18 ára og vilja framtíðarstarf hjá traustu og framsæknu fyrirtæki.

Umsóknareyðublöð má fá í móttöku Aðfanga að Skútuvogi 7, 104 Reykjavík einnig er hægt að sækja um á www.adfong.is upplýsingar gefur Trausti í síma 693-5602.

AÐFÖNG

# atvinna o.fl.

## Ertu að leita að góðum starfsmanni?

### Hvar ætlar þú að auglýsa?

Á sunnudögum fylgja bæði Morgunblaðinu og Fréttablaðinu sérblöð sem fjalla um atvinnumál og eru atvinnuauglýsingar helsta efni þeirra. Bæði blöðin eru svokölluð innblöð, þ.e. þau eru í miðju aðalblaðanna þannig að lesendur þeirra rekast á atvinnublöðin og ákveða þá hvort þeir skoða þau eða ekki.

**LESTUR:** DÆMI ÚR NÝRRI GALLUP KÖNNUN *

| | 20-40 ára |
|---|---|
| Sunnudagsblað Fréttablaðsins | 60,4% |
| Sunnudagsblað Morgunblaðsins | 37,0% |
| *Styrkur Fbl. umfram Mbl.* | *54,8%* |

* Upplýsingarnar í þessari auglýsingu eru fengnar úr nýafstaðinni fjölmiðlakönnun Gallup í júní sl. Ekki er tekið tillit til frídreifingar Morgunblaðsins.

**Rúmlega helmingi fleiri Íslendingar á aldrinum 20-40 ára lesa sunnudagsblað Fréttablaðsins framyfir Morgunblaðið. Um 60% Íslendinga á sama aldri _fletta ekki_ sunnudagsblaði Morgunblaðsins, sem getur varla hljómað vel fyrir fyrirtæki í leit að góðum starfsmönnum.**

allt
- markvissar auglýsingar -

GOTT FÓLK McCANN

MARGRÆTT
Með Ragnheiði Gyðu Jónsdóttur.
Á Talstöðinni alla virka daga kl. 9.



# SJÓNARHORN



MYND GVA

Ung stúlka nýtur fegurðar og veðurblíðu við Skaftafellsjökul.

## Vissir þú ...

...að rokkstjarnan Adam Ant heitir í alvörunni Stuart Goddard?

...að í Norður Ameríku eru leðurblöku þau landspendýr sem eru mestri í útrýmingarhættu?

...að í heiminum eru sex þúsund tegundir af skriðdýrum, 73 tegundir af köngulóm og þrjú þúsund tegundir af lúsum? Fyrir hverja manneskju eru um tvö hundruð milljón skordýr.

...að rúmlega sex hundruð milljónir símalína eru í heiminum í dag en helmingur mannkynsins hefur aldrei hringt símtal?

...að einn af hverjum tíu íbúum jarðar býr á eyju?

...að árið 1870 bjuggu fleiri Írar í London, höfuðborg Englands, en í Dublin, höfuðborg Írlands?

...að líkurnar á því að verða fyrir eldingu eru sex hundruð þúsund á móti einum?

...að helmingur mannkyns er yngri en 25 ára?

...að 1,7 milljarður manna aðhyllist kristinni trú?

...að fimmtíu Biblíur seljast á hverri mínútu?

...að breska konungsfjölskyldan breytti seinna nafni sínu úr Saxe-Goburg-Gotha í Windsor, nafn kastala síns, árið 1917?

...að þeir sem eru drepnir oftast í ránum eru ræningjarnir sjálfir?

...að Leonardo da Vinci gat skrifað með annarri hendi og málað með hinni á sama tíma?

...að Napóleon var alltaf með súkkulaði á sér í stríði?



FYRSTA STARFIÐ: KOLBRÚN BJÖRGÚLFSDÓTTIR MYNDLISTARMAÐURINN KOGGA

# Hnýtti tauma sjö ára gömul

„Ætli ég hafi ekki verið sjö ára þegar ég vann mér inn fyrstu launin,“ rifjar Kolbrún Björgúlfsdóttir myndlistarmaðurinn Kogga upp. „Ég er alin upp austur á fjörðum og þá kom fyrir að fólk tók með sér vinnu heim og hnýtti til dæmis tauma.“ Á línuveiðum eru taumar bundnir með reglulegu millibili á línuna og við þá eru festir krókar. Starf Koggu fólst í að binda króka á taumana sem síðar var sett beita á. „Þetta var hálfgerð baðstofuvinna, fjölskyldan sat saman og hnýtti á kvöldin,“ segir Kogga. Mér leiddist þetta aldrei því ég sat alltaf á gólfinu fyrir framan viðtækið og hlustaði á leikrit í Ríkisútvarpinu.“

Greitt var fyrir hvert knippi af hnýttum taumum og Kogga segir að það hafi verið hægt að hafa ágætan pening út úr þessu, að minnsta kosti fyrir sjö ára gamla tátu. „Ég gat lagt til hliðar og safnað í sarpinn fyrir gagnfræðiskólann. Svo tók auðvitað frystihúsið og síldarplanið við eins og hjá flestum,“ segir Kogga sem var ekki nema níu ára þegar hún var komin á kajann og ferjaði þorsk eftir bryggjusporðinum. „Það var ansi erfitt, enda var hlassið oft þungt og ég þurfti að nota alla mína krafta svo börurnar yltu ekki út á hlið og allt færi út um allt.“ Kogga telur að það hafi skipt miklu máli fyrir sig að hafa byrjað að vinna ung. „Ég er ekki í nokkrum vafa að það gerði mér gott.“ ■



KOGGA



**DANS DANS DANS** Ráðherrar geta líka dansað.

# Landsmót línudansara í ágúst

Landsmót íslenskra línudansara verður haldið í fimmta sinn í ár, í þetta sinn á Akranesi. Óli Geir Jóhannesson hefur stundað línudans í tólf ár. Hann byrjaði að kenna línudansinn ásamt kennslu í samkvæmis- og djassdönsum en nú kennir hann eingöngu línudans. Hann verður einn af aðalkennurum á Landsmótinu í ágúst ásamt Kate Sala frá Bretlandi sem hann segir einn færasta kennara í heimi.

„Við rennum algerlega blint í sjóinn,“ segir Óli Geir um þátttöku á mótinu en skráningu lýkur 3. ágúst. Í fyrra mættu um 70 þátttakendur á mótið og segir Óli Geir ánægjulegt að sjá að mikil nýliðun er í dansinum en aukinn áhugi virðist vera á honum hjá ungu fólki.

„Línudansinn er kominn í flest byggðarlög landsins,“ segir Óli Geir sem telur þó að dansinn sé mun vinsælli úti á landi. „Fólk notar þetta sem afsökun fyrir að hittast,“ segir hann en ekkert verður keppt á Landsmótinu heldur verður einungis dansað frá morgni til kvölds. Íslandsmót og bikarmót eru einnig haldin á hverju ári og segir Óli Geir að keppnin sé alltaf að stækka.

Hugmyndir fólks um klæðaburð við þessa iðju eru fastmótaðar. Kúrekastígvél, gallabuxur og köflótt skyrta. Óli Geir segir engar kröfur gerðar um klæðaburð á mótinu og sé hann með öllu frjáls. Mótið verður haldið 12. til 14. ágúst og hægt er að nálgast upplýsingar um það á www.akranes.is. ■



**TÖFRAFLAUTAN** Tónlistarhátíðin í Salzburg stendur nú yfir og meðal þess sem berja má augum er sýningin Töfraflautan eftir Wolfgang Amadeus Mozart, en þessi mynd er tekin af æfingu.



# Það er verslunarmanna

## til hamingju



**1.999** kr.kg.
SS púrtvínslegið lambafille
verð áður 2.898 kr.kg.



bomba

**983** kr.kg.
Borgarnes villikryddað hátíðar lambalæri
verð áður 1.639 kr.kg.



frábærar vörur

fyrir alla



**59** kr.pk.
Gott hrásalat og kartöflusalat
350 gr.



40%

**1.259** kr.kg.
Þurrkryddaðar lærissneiðar
verð áður 2.099 kr.kg.



**50%** afsl.
Goða vínarpylsur 10 stk.



**299** kr.pk.
Bautabúrs hamborgarar
verð áður 528 kr.pk.

Auglýsingastofa Víkurfrétta • www.vf.is

## allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda frá 29. til 31. júlí (nema annað sé tekið fram) eða meðan birgðir endast

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

# ahelgi... brostu maður

## verslunarf ló



salsa veisla!

50% afsl. v. kassa
Ísfugl Salsa vængir



389 kr.kg.
Íslandsfugl kjúklingaleggir magnpakkning




30% afsl.
Gómsæt Grand Orange helgarsteik



199 kr.kg.
Vínber



199 kr.kg.
Vínber



99 kr.pk.
Jarðarber



259 kr.pk.
Kirsuber



199 kr.pk.
Brómber



199 kr.pk.
Rifsber



99 kr.pk.
Hindber



149 kr.pk.
Bláber

n tt á Íslandi
Danefrost BBQ franskar og bátar







89 kr.pk.
Pepsi 2 ltr.

BBQ þrenna




30% afsl. v. kassa
Old West BBQ grísarif

netto



## Garðar á leið í Lyn

KR fékk í gær tilboð frá norska liðinu Lyn í sóknarmanninn Garðar Jóhannsson. Fyrr í þessari viku fór Garðar út til Lyn til æfinga og hefur staðið sig það vel að félagið vill fá hann í sínar raðir. Í samtali við Fréttablaðið í gær sagðist Garðar vera spenntur fyrir því að ganga til liðs við Lyn og að honum litist vel á félagið.

**sport**

sport@frettabladid.is

**INDRIÐI SIGURÐSSON:** HEFUR VERIÐ STERKLEGA ORÐAÐUR VIÐ STOKE CITY AÐ UNDANFÖRNU

# *Hef ekki hugmynd um hvort Stoke vilji mig*

Indriði Sigurðsson, leikmaður Genk í Belgíu og íslenska landsliðsins í knattspyrnu, hefur að undanförnu verið orðaður við Stoke City. Johan Boskamp, sem er fyrrverandi knattspyrnustjóri Genk, tók nýlega við stjórnartaumunum hjá Stoke City og reynir hann nú að styrkja leikmannahóp félagsins fyrir komandi átök.

Indriði sjálfur segist ekki hafa fengið það staðfest að Stoke vilji fá hann. „Ég veit ekki til þess að ég sé að fara neitt, enda er ég samningsbundinn Genk. Þjálfari Stoke City horfði á leik hjá mér um daginn gegn Celta Vigo.



Ég trúi því varla núna að hann kaupi mig miðað við frammistöðu mína í þeim leik, en þetta var nú bara æfingaleikur. Celta vann leikinn með tveimur mörkum gegn einu, og við vorum allir svona frekar þungir.“

Indriði segist vera ánægður hjá Genk, enda eitt stærsta félagið í Belgíu, en neitar því þó ekki að það væri virkilega gaman að spila á Englandi. „Það væri skemmtilegt að spila á Englandi, enda er áhuginn á knattspyrnu gríðarlega mikill þar, og meira að segja í öllum deildum. Stoke City er fínn kostur ef ég skipti um félag á annað borð, en ég hef ekki fengið það staðfest frá neinum að Stoke City hafi áhuga á því að kaupa mig.“

Undanfarnar vikur hafa leikmenn Genk æft af krafti fyrir komandi tímabil, sem hefst í næsta mánuði. „Það er alltaf svolítið erfitt á þessum tíma þegar leikmenn eru að komast í gott líkamlegt ástand. Maður reynir að komast í sitt besta form og vonandi gengur það vel. Leikmannahópurinn hefur líka verið að styrkjast. Sunday Oliseh, fyrrverandi leikmaður Dortmund, Juventus og Ajax, er til dæmis kominn, og vonandi smellur liðið vel saman fyrir átökin á næsta tímabili.“

### > Við mælum með ...

... að félög fari að gefa ungum íslenskum leikmönnum fleiri tækifæri í Landsbankadeildinni í stað þess að sækja hvern varamanninn á fætur öðrum til útlanda. Skagamenn hafa enn og aftur sýnt það í sumar hvernig þeir þora að gefa sínum strákum tækifærið og eru líka að uppskera í góðri spilamennsku liðsins.



### > Við hrósum ...

.... stuðningsmannasveit Keflavíkur sem skemmti sér og öðrum á Evrópuleik Keflavíkur í gær. Hápunkturinn var þegar þeir sendu kveðjur til Eyjamanna í Færeyjum og sungu Eyjalagið ógleymanlega „Komum fagnandi“.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**JÚLÍ**

26 27 28 **29** 30 31 1

**Föstudagur**

**SJÓNVARP**

- 13.30 **HM í sundi** á RÚV.
- 16.50 **DC United - Chelsea** á Sýn. Leikur hjá Eiði Smára og félögum í æfingaferð til Bandaríkjanna.
- 18.30 **Gillette-sportpakkinn** á Sýn.
- 19.00 **Motorworld** á Sýn.
- 19.30 **Mótorsport 2005** á Sýn.
- 20.00 **World Supercross** á Sýn.
- 21.00 **World Poker Tour** á Sýn.
- 22.30 **K-1** á Sýn.
- 23.10 **Gullmót í frjálsum íþróttum** á RÚV. Sýnt frá Gullmóti kvöldsins í frjálsum íþróttum sem fram fór á Bislett-leikvanginum í Osló.
- 01.10 **HM í sundi** á RÚV.

Unglingalandsmótið 2007:

## Þrír berjast um hnossið

**UNGLINGALANDSMÓT** Á setningarathöfn Unglingalandsmótsins í kvöld, sem fram fer í Vík að þessu sinni, mun Björn Bjarndal Jónsson, formaður UMFÍ, tilkynna hvar Unglingalandsmótið árið 2007 verður haldið.

Mikil spenna ríkir um það hvar mótið verður haldið en þrír aðilar sækjast eftir því. Þeir eru Þorlákshöfn, framkvæmdaaðili HSK, Hornafjörður, framkvæmdaaðili USÓ, og Blönduós þar sem framkvæmdaaðili er USAH.

Þegar hefur verið ákveðið að Unglingalandsmótið 2006 fari fram á Laugum í Þingeyjarsýslu og hafa framkvæmdaaðilar nú þegar hafið undirbúning. Búist er við 7-10 þúsund keppendum og gestum í Vík um helgina á hina vímuefnalausu fjölskylduhátíð sem Unglingalandsmótið er.

# Keflavík jafnaði Evrópumet Skagans

**Keflavík komst áfram í 2. umferð Evrópukeppni félagsliða með 2-0 sigri á Etzella frá Lúxemborg en Eyjamenn eru úr leik eftir 2-1 tap fyrir B36 í Þórshöfn þar sem ÍBV endaði leikinn með níu menn.**

| KEFLAVÍK–ETZELLA | 2–0 |
|---|---|
| 1–0 Hörður Sveinsson | 75. |
| **2–0 Gunnar Hilmar Kristinsson** | **82.** |

**FÓTBOLTI** Keflvíkingar fóru inn í síðari leikinn gegn Etzella í gær með fjögurra marka forskot og því ljóst að eitthvað mikið þurfti að gerast í Laugardalnum ef þeir áttu að falla úr keppni.

Fyrri hálfleikurinn var fremur tíðindalítill en Keflvíkingar sáu um að eiga færin og voru óheppnir að ná ekki að skora þegar Guðmundur Steinarsson og Hörður Sveinsson áttu tvö þrumuskot í tréverkið úr sömu sókninni.

Auk þess fengu þeir nokkur góð skallafæri, það besta fékk Guðmundur eftir frábæran undirbúning Hólmars Arnar Rúnarssonar. Etzella byrjaði síðari hálfleikinn af nokkrum krafti en gekk illa að halda boltanum innan liðsins og sóknir Keflvíkinga voru hættulegri.

Þegar stundarfjórðungur var eftir af leiktímanum kom fyrra markið en það skoraði Hörður Sveinsson. Guðjón Antoníusson fékk að líta rauða spjaldið tíu mínútum fyrir leikslok en þrátt fyrir að vera einum færri bættu Keflvíkingar við. Gunnar Hilmar Kristinsson gerði síðan síðara markið eftir sendingu frá Herði. Þetta var fyrsta mark Gunnars fyrir Keflavík en hann kom inn á sem varamaður í leiknum.

„Það var mögnuð tilfinning að ná að skora mitt fyrsta mark. Það er mjög góð reynsla að fá að taka þátt í Evrópukeppninni og sérstaklega þegar okkur gengur svona vel. Etzella er með alveg þokkalegt lið en vörnin er mjög léleg og þá voru þeir fullgrófir. Áherslan var lögð á að halda hreinu í þessum leik og það tókst,“ sagði Gunnar Hilmar.

Hörður Sveinsson var ánægður með sigurinn.



**KOM AÐ ÖLLUM MÖRKUM KEFLAVÍKUR** Liðsmenn Etzella frá Lúxemborg dreymir örugglega Keflvíkinginn Hörð Sveinsson næstu vikurnar en hann kom að öllum sex mörkum Keflavíkur í leikjum liðanna í 1. umferð forkeppni UEFA-bikarsins, skoraði 5 og lagði upp það sjötta. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Þetta gefur okkur aukið sjálfstraust sem kemur sér vel fyrir komandi leiki í deildinni og einnig fyrir næsta Evrópuleik,“ sagði Hörður, sem bætti við sitt eigið met með því að skora fimm mörk í umferðinni. Keflavíkurliðið jafnaði einnig Evrópumet Skagans frá 1995 með því að vinna samanlagt með sex marka mun.

**Mótlæti hjá ÍBV í Færeyjum**

| B36–ÍBV | 2–1 |
|---|---|
| 1–0 Alan Mörköre | 2. |
| **1–1 Ian Jeffs** | **42.** |
| 2–1 Sjálfsmark | 68. |

Eyjamenn eru úr leik eftir 2-1 tap fyrir færeyska liðinu B36 í Þórshöfn í gær en liðin gerðu 1-1 jafntefli í fyrri leiknum. Fyrrum leikmaður Eyjaliðsins, Alan Mörköre, nýtti sér varnarmistök ÍBV og kom færeyska liðinu yfir strax á fyrstu mínútu og eftir það var á brattann að sækja.

Ian Jeffs jafnaði þó þremur mínútum fyrir hálfleik með glæsilegu marki beint úr aukaspyrnu. ÍBV-liðinu tókst hins vegar ekki að skora markið sem hefði komið liðinu áfram og þess í stað skoruðu leikmenn B36 sigurmarkið á 68. mínútu sem var sjálfsmark Einars Hlöðvers Sigurðssonar.

Í kjölfarið voru tveir leikmenn ÍBV reknir út af, fyrst Ian Jeffs á 75. mínútu fyrir að slá til mótherja og svo Pétur Óskar Sigurðsson á 84. mínútu eftir átök við varnarmann færeyska liðsins. ÍBV getur því farið að einbeita sér að því að berjast fyrir sæti sínu í deildinni eftir að hafa dottið út úr bæði bikarnum og Evrópukeppninni á einni viku.

**-egm, -óój**

## LEIKIR GÆRDAGSINS

*1. deild karla í fótbolta:*

| ÞÓR AK.–KA | 2–2 |
|---|---|

0–1 Jóhann Helgason, 0–2 Pálmi Rafn Pálmason, 1–2 Dragan Stojanovic , 2–2 Ibra Jagne.

| KS–HK | 0–0 |
|---|---|

| VÖLSUNGUR–HAUKAR | 1–0 |
|---|---|

1–0 Hermann Aðalgeirsson, víti

**STAÐA EFSTU LIÐA:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| BREIÐABLIK | 12 | 10 | 2 | 0 | 23–7 | 32 |
| **VÍKINGUR** | **12** | **7** | **4** | **1** | **29–6** | **25** |
| KA | 12 | 6 | 3 | 3 | 25–12 | 21 |
| **HK** | **12** | **3** | **6** | **3** | **12–11** | **15** |
| VÍKINGUR Ó. | 12 | 4 | 3 | 5 | 10–24 | 15 |
| **HAUKAR** | **12** | **3** | **3** | **6** | **14–16** | **12** |
| FJÖLNIR | 12 | 4 | 0 | 8 | 18–26 | 12 |
| **ÞÓR AK.** | **12** | **3** | **3** | **6** | **16–28** | **12** |




**Nýjasta æðið!**

**Scooterhjól með mótor í fyrsta sinn á Íslandi!**

Engin trygging nauðsynleg – flokkast sem reiðhjól.

Notist á gangstéttum.

Engin aldurstakmörk

Munið eftir hjálmunum!

Salan er hafin!

**Sími: 869 0898**



**GÆÐAVARA Á BETRA VERÐI!**



SPARAÐU PENINGA

MICHELIN

BFGoodrich ...einfaldlega betri!

DEKKJA LAGERINN

LEIÐANDI Í LÆGRA DEKKJAVERÐI

755 3355

DEKK • FÓLKSBÍLADEKK • JEPPADEKK • FÓLKSBÍLADEKK • JEPPADEKK • FÓLKS


Dæmdur í fimmtán ára fangelsi fyrir manndráp í Búlgaríu:

# Jamie Carragher skorar á Tony Blair

**FÓTBOLTI** Jamie Carragher, varnarmaður Liverpool og enska landsliðsins, reynir nú hvað hann getur til þess að hjálpa átján ára gömlum dreng, Michael Shields að nafni, en hann var dæmdur í 15 ára fangelsi í Búlgaríu fyrir manndráp, þrátt fyrir að annar maður hafi játað.

„Ég hef fylgst náið með þessu máli frá því það kom upp. Það er skelfilegt að saklaus piltur sé dæmdur í fangelsi fyrir glæp sem hann framdi ekki. Ég get ekki ímyndað mér hvernig foreldrum hans líður. Ég á börn sjálfur og ef eitthvað þessu líkt kæmi fyrir mín börn gæti ég ekki hugsað um neitt annað. Þetta er hræðilegt og ég vona að ríkisstjórnin, helst Tony Blair sjálfur, sýni þessu máli áhuga og reyni að hjálpa þessum dreng sem er fórnarlamb óréttlátrar meðferðar dómstóla.“

Maðurinn sem lést hét Martin Georgiev, en hann var þjónn á hótelinu þar sem Shields dvaldi, eftir að hafa verið áhorfandi á úrslitaleik Evrópukeppninnar í knattspyrnu, sem fram fór í Istanbul þann 23. maí.

Shields hefur haldið fram sakleysi sínu frá því málið kom upp, og hefur annar maður játað á sig verknaðinn. Að auki hefur Shields sterka fjarvistasönnun, en Shields bókaði sig inn á hótelið í Sófíu, höfuðborg Búlgaríu, og var hann því í lest á leið til Búlgaríu þegar þjónninn var drepinn. „Það eru svona hlutir sem beina athygli manns frá því að hugsa um fótbolta allan daginn. Það er verið að saka Shields um glæp sem hann gat ekki framið. Réttlætið verður að ná fram að ganga í þessum málum eins og öðrum,“ sagði Carragher eftir leik Kaunas og Liverpool, en hann tileinkaði Michael Shields markið sem hann skoraði í leiknum.



**FYRIR SHIELDS** Carragher sést hér fagna markinu sem hann skoraði.

**- mh**


Verslunarmannahelgin byrjar í
Europris
249-
EINNOTA DISKASETT
servíettur / diskar
9900-
26” REIÐHJÓL - 21 GÍRA
m / brettum og dempurum
svart / silfrað / blátt / rautt
4950-
BLAUTBÚNINGUR
barna 7 - 13 ára
Blautbúningur
Dömu st. 36 - 44
Herra st. S - XXL 5490,-
11900-
REIÐHJÓLAVAGN FYRIR 2
léttur vagn - álrammi
590- pr. stk.
GRÓÐURMOLD 50 L
89-
GRILL - EINNOTA
VERÐ ÁÐUR 9990-
4990-
GARÐSTÓLL
24990-
LANDMANN GASGRILL
m / 3 brennurum
POKI AF GRILLKOLUM FYLGIR
1290-
KÚLUGRILL - Ø = 44 CM
ÓTRÚLEGT VERÐ!
Markisa 3,5 x 2,5 m 12.900-
10900-
MARKISA
3 x 2,5 m
695-
TJALDSTÓLL
m / burðarpoka
Passar á öll hús. Stangir eru úr hvítlökkuðu áli. Einfaldur festibúnaður sem virkar bæði á vegg og þak. Litir: Hvítt / grænt / rautt eða hvítt / blátt.
VERÐ ÁÐUR 4990-
2990-
GARÐSTÓLL
ÓTRÚLEGT VERÐ!
13900-
TRAMPOLÍN
3,6 m. - stálgormar
Öryggisnet 11.900-
- Lynghálsi 4
- Skútuvogi 2
- Fiskislóð 3 (Granda)
- Austurvegi 69, Selfossi
Europris
OPIÐ ALLA HELGINA
LOKAÐ MÁNUDAG
Birt með fyrirvara um texta - og myndabrengl.
Vörur geta verið uppseldar.

Landsbankadeild karla:

## Tölfræði 7. til 12. umferðar

**Besta frammistaða leikmanna í einkunnagjöf Fréttablaðsins:**

| | |
|---|---|
| Allan Borgvardt, FH | 7,2 |
| Guðmundur Sævarsson, FH | 7,2 |
| Björgólfur Takefusa, Fylki | 7 |
| Auðun Helgason, FH | 7 |
| Baldur Ingimar Aðalsteinsson, Val | 7 |
| Daði Lárusson, FH | 6,8 |
| Hafþór Ægir Vilhjálmsson, ÍA | 6,8 |
| Grétar Sigfinnur Sigurðsson, Val | 6,8 |
| Igor Pesic, ÍA | 6,75 |
| Birkir Kristinsson, ÍBV | 6,7 |
| Fjalar Þorgeirsson, Þróttur | 6,7 |
| Jónas Guðni Sævarsson, Keflavík | 6,7 |
| Ásgeir Gunnar Ásgeirsson, FH | 6,6 |
| Guðmundur Benediktsson, Val | 6,6 |
| Matthías Guðmundsson, Val | 6,6 |
| Baldur Sigurðsson,Keflavík | 6,5 |
| Páll Einarsson, Þrótti | 6,5 |
| Tryggvi Guðmundsson, FH | 6,5 |
| Kjartan Sturluson, Val | 6,4 |
| Reynir Leósson, ÍA | 6,4 |
| Gunnlaugur Jónsson, ÍA | 6,4 |
| Freyr Bjarnason, FH | 6,4 |
| Atli Sveinn Þórarinsson, Val | 6,4 |
| Viktor Bjarki Arnarson, Fylki | 6,3 |
| Valur Fannar Gíslason, Fylki | 6,3 |
| Steinþór Gíslason, Val | 6,2 |
| Óskar Örn Hauksson, Grindavík | 6,2 |
| Ian Jeffs, ÍBV | 6,2 |
| Andri Júlíusson, ÍA | 6,2 |
| Sinisa Valdimar Kekic, Grindavík | 6,2 |
| Stefán Helgi Jónsson, Val | 6,2 |
| Helgi Valur Daníelsson, Fylki | 6,17 |
| Atli Jóhannsson, ÍBV | 6,17 |
| Bjarni Þórður Halldórsson, Fylki | 6 |
| Hólmar Örn Rúnarsson, Keflavík | 6 |
| Bjarki Guðmundsson, ÍA | 6 |
| Mathias Jack, Grindavík | 6 |
| Pálmi Haraldsson, ÍA | 6 |
| Eyjólfur Héðinsson, Fylki | 6 |
| Ragnar Sigurðsson, Fylki | 6 |
| Bjarni Ólafur Eiríksson, Val | 6 |
| Sigurbjörn Örn Hreiðarsson, Val | 6 |
| Atli Viðar Björnsson, FH | 6 |
| Garðar Bergmann Gunnlaugsson, Val | 6 |

**Flest mörk leikmanna:**

| | |
|---|---|
| Allan Borgvardt, FH | 5 |
| Björgólfur Takefusa, Fylki | 4 |
| Hörður Sveinsson, Keflavík | 4 |
| Grétar Hjartarson, KR | 3 |
| Matthías Guðmundsson, Val | 3 |
| Viktor Bjarki Arnarson, Fylki | 3 |
| Andri Júlíusson, ÍA | 2 |
| Auðun Helgason, FH | 2 |
| Christian Christiansen, Fylki | 2 |
| Garðar Gunnlaugsson, Val | 2 |
| Hafþór Ægir Vilhjálmsson, ÍA | 2 |
| Ólafur Páll Snorrason, FH | 2 |
| Sinisa Valdimar Kekic, Grindavík | 2 |
| Stefán Örn Arnarsson, Keflavík | 2 |
| Steingrímur Jóhannesson, ÍBV | 2 |
| Tryggvi Guðmundsson, FH | 2 |

**BESTA FRAMMISTAÐA LIÐA Í 7. TIL 12. UMFERÐ:***

| | |
|---|---|
| 1. FH | 6,43 |
| 2. Valur | 6,27 |
| 3. ÍA | 5,90 |
| 4. Keflavík | 5,86 |
| 5. Fylkir | 5,78 |
| 6. ÍBV | 5,51 |
| 7. Grindavík | 5,47 |
| 8. Þróttur | 5,43 |
| 9. Fram | 5,22 |
| 10. KR | 5,04 |

* Meðaleinkunn allra leikmanna

**HÆSTA HLUTFALL STIGA Í HÚSI Í 7. TIL 12. UMFERÐ:**

| | |
|---|---|
| 1. FH | 100% |
| 2. Valur | 80% |
| 3. ÍA | 67% |
| 4. Keflavík | 50% |
| 5. Fylkir | 39% |
| 5. ÍBV | 39% |
| 7. KR | 33% |
| 7. Grindavík | 33% |
| 9. Þróttur R. | 28% |
| 10. Fram | 17% |

**FLEST MÖRK AÐ MEÐALTALI Í 7. TIL 12. UMFERÐ:**

| | |
|---|---|
| 1. FH | 2,60 |
| 2. Valur | 1,80 |
| 3. ÍA | 1,40 |
| 4. Keflavík | 1,83 |
| 5. Fylkir | 1,83 |
| 6. ÍBV | 0,83 |
| 7. KR | 1,50 |
| 8. Grindavík | 0,80 |
| 9. Þróttur R. | 0,67 |
| 10. Fram | 0,67 |

**FÆST MÖRK Á SIG AÐ MEÐALTALI Í 7. TIL 12. UMFERÐ:**

| | |
|---|---|
| 1. FH | 0,60 |
| 2. Valur | 0,40 |
| 3. ÍA | 0,60 |
| 4. Keflavík | 1,67 |
| 5. Fylkir | 2,00 |
| 6. ÍBV | 1,33 |
| 7. KR | 2,17 |
| 8. Grindavík | 1,20 |
| 9. Þróttur R. | 1,17 |
| 10. Fram | 2,17 |

# Aðeins 37% útlendinga bæta leik sinna liða

**20 af 32 erlendum leikmönnum Landsbankadeildar karla eru með lakari meðaleinkunn í einkunnagjöf Fréttablaðsins en liðið sem þeir spila með og eru því samkvæmt tölfræðinni ekki að bæta leik sinna liða.**



**TREYSTIR Á ÍSLENSKA LEIKMENN** Willum Þór Þórsson er eini þjálfari Landsbankadeildarinnar sem hefur al-íslenskt byrjunarlið í öllum ellefu deildarleikjum liðsins í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/

**FÓTBOLTI** Þegar hafa 32 erlendir leikmenn spilað fyrir liðin tíu í Landsbankadeild karla og í næstu umferð bætast væntanlega þrír til viðbótar því KR og ÍBV eru að fá til sín nýja leikmenn.

Aldrei hafa fleiri útlendingar spilað í deildinni og það hafa heldur aldrei jafnmargir erlendir leikmenn liðanna setið á bekknum eða fyrir utan hóp líkt og í Landsbankadeildinni þetta sumarið.

### Góð þróun í íslenska boltanum

Frammistaða og fjöldi þessarra leikmanna hefur vakið upp spurningar um hvort þetta sé rétt þróun fyrir íslenska knattspyrnu. Þegar tölfræðin er skoðuð út frá meðaleinkunn leikmanna í einkunnunnagjöf Fréttablaðið í sumar kemur í ljós að aðeins 37% af þessum erlendu leikmönnum eru að draga upp meðaleinkunn sinna liða. Af þessum 12 leikmönnnum sem eru yfir meðallagi hjá sínum liðum er tveir nýkomnir (Rune Lind hjá ÍBV og Kenneth Gustavsson hjá Keflavík) og einn farinn (Brian O'Callaghan hjá Keflavík) og eftir standa því aðeins níu erlendir leikmenn sem tölfræðin segir að bæti leik sinna liða nú þegar 12 af 18 umferðum Íslandsmótsins er lokið.

Bæði liði ÍBV og Grindavíkur hefur gengið illa að flytja inn leikmenn í sumar og hjá báðum eru það fjórir erlendir leikmenn sem draga niður meðaleinkunn liðsins. Hjá ÍBV, sem er í 8. sæti deildarinnar með 10 stig, eru það aðeins Ian Jeffs og nýi Daninn Rune Lind sem eru yfir meðaltali liðsins, sem er samt lakasta meðaleinkunn allra liðanna í deildinni. Lind á aðeins einn leik að baki og framlag hans er því enn ekki fullsannað.

### Breyttir tímar í Eyjum

Eyjamenn hafa undanfarin ár flutt inn sterka erlenda leikmenn sem hafa hjálpað liðinu mikið en svo er ekki í ár. Ian Jeffs er þannig leikmaður sem hefur verið í Eyjum undanfarin ár og því að Lind undanskildum er það enginn erlendur leikmaður sem hefur unnið sér fast sæti í liðinu.

Hjá Grindavík sem er í neðsta sæti með 9 stig skiptast erlendu leikmenn liðsins í tvo hópa. Markvörðurinn Boban Savic og þýski varnarmaðurinn Mathias Jack hafa spilað mjög vel í sumar en hinir fjórir útlendingarnir í liðinu eru allir að draga niður meðaleinkunn þess. Nýju mennirnir Robert Niestroj, Mounir Ahandour og Michael Zeyer hafa átt misjafna daga og Paul McShane hefur ekki leikið jafn vel og undanfarin tímabil. Innflutingur Fylkismanna hefur líka gengið illa enda eru allir þrír útlendingar liðsins undir meðaleinkunn leikmanna liðsins. Svíinn Erik Gustafsson er horfinn á braut og Danirnir Christian Christiansen og Peter Tranberg hafa ekki skilað miklu til liðsins.

Líkt og hjá Grindavík hafa Keflvíkingar verið misheppnir með erlenda leikmenn. Brian O´Callaghan var yfir meðaleinkunn liðsins áður en að hann hvarf á braut, nýi maðurinn Kenneth Gustavsson lék mjög vel í sínum fyrsta leik á KR-vellinum og Michael Johansson er rétt undir meðaleinkunn liðsins. Þeir Branislav Milicevic og Issa Abdulkadir hafa hins vegar ekki fundið sig.

Erlendir leikmenn Fram, KR og Þróttar hafa einnig verið misjafnir, margir í vandræðum með að komast í byrjunarliðið og sumir oftar en ekki utan leikmannahópsins.

### FH-ingar sér á báti

Vissulega er málið ekki alveg svo einfalt og besta dæmið er kannski hjá toppliði Landsbankadeildarinnar þar sem allt liðið er að spila vel og meðaleinkunn allra leikmanna er mjög há. Hjá FH er það því aðeins Allan Borgvardt sem hífir meðaleinkunn liðsins upp en landar hans Tommy Nielsen og Dennis Siim eru báðir með meðaleinkunn upp á 6,2 eða betra og því hefur frábær frammistaða FH-liðsins í heild mestu áhrifin á að þeir tveir eru undir meðallagi. Báðir þessir leikmenn hafa sannað mikilvægi sitt með góðri frammistöðu með liðinu.

Hér til hliðar má síðan finna lista yfir alla erlendu leikmennina hjá liðunum tíu í Landsbankadeild karla 2005 og hvernig þeir koma út miðað við meðaleinkunn sinna liða.

ooj@frettabladid.is

Landsbankadeildar karla:

## Erlendir leikmenn í sumar

**FRAMMISTAÐA ÚTLENDINGANNA HJÁ LIÐUNUM TÍU:**

**FH**

| | |
|---|---|
| Allan Borgvardt | 6,82 |
| Meðaleinkunn FH | 6,39 |
| Tommy Nielsen | 6,22 |
| Dennis Siim | 6,20 |

**ÍBV**

| | |
|---|---|
| Rune Lind | 7,00 |
| Ian Jeffs | 5,82 |
| Meðaleinkunn ÍBV | 5,20 |
| Matthew Platt | 4,58 |
| Andrew Sam | 4,40 |
| Lewis Doods | 4,33 |
| James Robinson | |

**ÍA**

| | |
|---|---|
| Igor Pesic | 6,38 |
| Meðaleinkunn ÍA | 5,68 |

**FYLKIR**

| | |
|---|---|
| Meðaleinkunn Fylkis | 5,93 |
| Erik Gustafsson | 5,67 |
| Christian Christiansen | 5,14 |
| Peter Tranberg | 5,00 |

**KEFLAVÍK**

| | |
|---|---|
| Kenneth Gustafsson | 6,00 |
| Brian O'Callaghan | 5,75 |
| Meðaleinkunn Keflavíkur | 5,70 |
| Michael Johansson | 5,63 |
| Branislav Milicevic | 5,57 |
| Issa Abdulkadir | 4,25 |

**KR**

| | |
|---|---|
| Helmis Matute | 6,00 |
| Meðaleinkunn KR | 5,44 |
| Rógvi Jacobsen | 5,33 |

**GRINDAVÍK**

| | |
|---|---|
| Boban Savic | 5,82 |
| Mathias Jack | 5,75 |
| Meðaleinkunn Grindavíkur | 5,55 |
| Mounir Ahandour | 5,54 |
| Robert Niestroj | 5,18 |
| Paul McShane | 5,09 |
| Michael Zeyer | 4,33 |

**FRAM**

| | |
|---|---|
| Hans Mathiesen | 5,73 |
| Ross McLynn | 5,43 |
| Meðaleinkunn Fram | 5,42 |
| Kim Norholt | 5,17 |
| Bo Henriksen | 3,00 |

**VALUR**

| | |
|---|---|
| Meðaleinkunn Vals | 6,40 |

**ÞRÓTTUR**

| | |
|---|---|
| Jozef Maruniak | 5,57 |
| Meðaleinkunn Þróttar | 5,47 |
| Dusan Jaic | 5,20 |

**EINKUNNAGJÖF FRÉTTABLAÐSINS Á BILINU 1 TIL 10:**

| | |
|---|---|
| 10 | Í heimsklassa |
| 9 | Í landsliðsklassa |
| 8 | Mjög góður |
| 7 | Góður |
| 6 | Stóð sig vel |
| 5 | Í meðallagi |
| 4 | Slakur |
| 3 | Lélegur |
| 2 | Hörmulegur |
| 1 | Grátlegur |

# Stórfelldur innflutningur erlendra varamanna



**UTAN VALLAR**
ERLENDIR LEIKMENN Í LANDSBANKADEILD KARLA

**VIGNIR GUÐJÓNSSON**
BLAÐAMAÐUR

Í dag eru 32 erlendir leikmenn á mála hjá þeim tíu liðum sem í Landsbankadeildinni eru. Samkvæmt útreikningi Fréttablaðsins eru aðeins tólf þeirra yfir meðalmennskuna hafnir og þar með að bæta leik síns liðs. Um leið og þetta er sannarlega sláandi niðurstaða er hún einnig afskaplega döpur sem slík og langt frá því að vera viðunandi.

Það þarf ekki að velta lengi fyrir sér þeim tilgangi sem býr að baki komu hvers erlends leikmanns. Forsendan hlýtur að vera sú að viðkomandi leikmaður bæti leik síns liðs og hafi eitthvað fram að færa sem er ekki þegar til staðar hjá innlendum leikmönnum félagsins

Oft þegar erlendir leikmenn koma hingað á sumrin halda þjálfarar og stjórnarmenn viðkomandi félaga því fram að þeir séu fengnir til að styrkja leikmannahópinn. Hinir sömu lifa í blekkingu - enginn stjórnarmeðlimur með snefil af viðskiptaviti borgar erlendum leikmanni fúlgur fjár til að sitja á bekknum í meirihluta leikja sumarsins. Leikmenn eru fengnir til að lyfta leik síns liðs á hærra plan - sem þeir eru augljóslega ekki að gera miðað við frammistöðu þeirra flestra í sumar.

Kostnaðurinn á bak við komu hvers erlends leikmanns er misjafn, en skiptir í flestum tilvikum hundruðum þúsunda sem deilist í ferðakostnað, launagreiðslur og önnur „fríðindi" sem leikmenn fá á meðan dvöl þeirra hér á landi stendur yfir. Flestir - ef ekki allir - eru þeir hálfatvinnumenn sem hafa það almennt býsna gott, spilandi fótbolta á Íslandi yfir sumartímann. Ef marka má frammistöðu þessara leikmanna í sumar hefur verið um hreina peningasóun að ræða í flestum tilvikum.

Með þessar sláandi niðurstöður sem tilgreindar eru í Fréttablaðinu í dag til hliðsjónar er ekki úr vegi að rifja upp er ekki úr vegi að rifja upp þá gömlu tuggu hverjum þessi tilgangslausi innflutningur erlendra leikmanna bitnar helst á; nefnilega hinum fjölmörgu ungu og bráðefnilegu leikmönnum sem eru þegar til staðar hjá flestum félögum. Það eru þeir sem líða fyrir innflutninginn á erlendu varaskeifunum og fá um leið þá tilfinningu að enginn tilgangur sé með veru þeirra hjá félaginu og enda jafnvel á því að hrökklast burtu frá því á endanum. Allt vegna þess að erlendir leikmenn virðast njóta friðhelgi hjá þjálfurum sínum þegar kemur að því að skilja leikmenn eftir utan hóps.



Á þessu eru þó undantekningar, sú nýjasta hjá Þrótti þar sem Atli Eðvaldsson lét það verða sitt fyrsta verk hjá liðinu að taka hina erlendu leikmenn liðsins út úr liðinu. Í kjölfarið hefur verið allt annað að sjá til liðsins, en auðvitað er ekki hægt að fullyrða um hvort það hafi eitthvað að gera með fjarveru útlendinganna eður ei.

Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um hvernig þessum fjármunum gæti verið betur varið í unglingastarf félaga og við að byggja upp innri starfsemi félaga - þá umræðu þekkja allir. Meðfylgandi tölfræði sýnir hins vegar að sú umræða á fullan rétt á sér. Tölurnar tala sínu máli.



LÍKAR VISTIN VEL Allan Borgvardt er nú að leika sitt þriðja tímabil með FH þó svo að hann hafi aldrei ætlað sér að stoppa lengur en í hálft ár. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Allan Borgvardt hæstur í einkunnagjöf Fréttablaðsins:

# Vil vinna tvöfalt með FH í sumar

**FÓTBOLTI** Allan Borgvardt var ásamt Guðmundi Sævarssyni hæstur í einkunnagjöf Fréttablaðsins í umferðum 7-12 en báðir leika þeir með FH. Sóknarmaðurinn danski var hins vegar oftar valinn maður leiksins og því valinn bestur af blaðamönnum Fréttablaðsins, rétt eins og í sameiginlegu vali fjölmiðla sem KSÍ kynnti í gær. Fréttblaðið tók Allan Borgvardt tali af því tillefni.

„Jú, ég hef mjög gaman af því að fá viðurkenningar sem þessar. Það er alltaf gaman að fá viðurkenningu á því sem þú ert að gera,“ sagði Allan.

„Sumarið hefur líka verið gott. Við höfum unnið alla okkar leiki í deildinni og liðið er betra en áður. Innkoma leikmanna eins og Tryggva hefur til að mynda haft jákvæð áhrif á sóknarleik liðsins og vera hans þar þýðir að ég fæ stærra svæði til að athafna mig á. Þá eru Jónsi og Óli Palli einnig duglegir að leggja upp mörk og mér hefur fundist að Atli Viðar hafi sýnt mjög góðan leik þegar hann hefur fengið tækifæri með liðinu.“

**Líkar vistin vel á Íslandi**

Þetta er þriðja ár Allans hjá FH-ingum en að eigin sögn bjóst hann aldrei við að vera hér lengur en eitt tímabil. „En sú reynsla sem ég hef öðlast hér er frábær og ég sé alls ekki eftir mínum tíma hér. Mér líkar vistin enn vel,“ sagði Allan. Hugur hans stefnir þó enn í atvinnumennsku í öðrum löndum. „Það eru forréttindi að fá að vera knattspyrnumaður og sérstaklega ef maður fær tækifæri til að leika í mismunandi löndum. Ég bíð enn eftir að fá tækifæri annars staðar og vonandi fæ ég það einhvern tímann. Ég mun svo snúa aftur til Danmerkur þegar það fer að síga á síðari hluta ferilsins þar sem ég mun spila í nokkur ár áður en ég hætti.“

**Í keppni við Tryggva**

Allan segist eiga sín markmið í íslenska boltanum og eitt af því er að vinna bikarkeppnina, sem FH hefur aldrei tekist. Liðið hefur þrívegis komist í úrslit, árin 1972, 1991 og 2003, en aldrei fagnað sigri. „Okkar möguleiki í ár er mjög góður enda erum við með frábært lið. Það er takmarkið að vinna bikarkeppnina og deildina reyndar líka.“

Þá hefur hann aldrei orðið markahæsti maður mótsins en undanfarin tvö ár hefur hann skorað átta mörk hvort tímabilið – rétt eins og hann hefur gert nú en þó eru enn sjö leikir eftir af tímabili FH. Hann á í harðri samkeppni við félaga sinn Tryggva Guðmundsson, sem hefur skorað níu mörk, og segir Allan að ákveðin samkeppni ríki milli þeirra - en vitanlega sé allt á góðu nótunum. En ef Allan væri í ákjósanlegu færi en Tryggvi „dauðafrír“ skammt undan - myndi hann skjóta sjálfur eða gefa boltann?

„Ég held að ef við værum nokkrum mörkum yfir og sigurinn tryggður myndum við hvorugir gefa á hinn í þeirri stöðu,“ segir Allan og hlær. „En við berum báðir hag liðsins fyrir brjósti og myndum eflaust gefa boltann í þeirri stöðu ef leikurinn væri jafn og tvísýnn.“

eirikurst@frettabladid.is

## Lið 7. til 12. umferðar hjá Fréttablaðinu




Hér til vinstri má sjá úrvalsliðið fyrir 7. til 12. umferðar Landsbankadeildar karla valið af íþróttafréttariturum Fréttablaðsins. FH á flesta fulltrúa í liðinu eða fjóra en þrír leikmenn koma frá Val. FH-ingurinn Auðun Helgason og Valsmennirnir Guðmundur Benediktsson, Grétar Sigfinnur Sigurðsson og Baldur Aðalsteinsson voru einnig í úrvalsliði fyrsta hluta mótsins sem var valið eftir sjöttu umferðina.


# Auglýsing

## um álagningu opinberra gjalda á menn árið 2005

Í samræmi við 1. mgr. 98. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, er hér með auglýst að álagningu opinberra gjalda, þ.m.t. tryggingagjalds og ákvörðun vaxtabóta og barnabóta, á árinu 2005 er lokið á alla menn, sem skattskyldir eru samkvæmt framangreindum lögum, sbr. I. kafla laga nr. 90/2003.

Álagning gjalda á lögaðila mun liggja fyrir síðar og verður auglýst sérstaklega.

Álagningarskrár með gjöldum manna verða lagðar fram í öllum skattumdæmum föstudaginn 29. júlí 2005. Skrárnar liggja frammi til sýnis á skattstofu hvers skattumdæmis og hjá umboðsmanni skattstjóra eða öðrum þeim stöðum í hverju sveitarfélagi sem sérstaklega hafa verið auglýstir dagana 29. júlí til 12. ágúst 2005 að báðum dögum meðtöldum.

Álagningarseðlar er sýna álögð opinber gjöld 2005, þ.m.t. tryggingagjald, vaxtabætur og barnabætur hafa verið póstlagðir og/eða birtir á þjónustusíðu viðkomandi á vef ríkisskattstjóra.

Kærur vegna allra álagðra opinberra gjalda á menn, sem tilkynnt hefur verið um með álagningarseðli 2005, þurfa að hafa borist skattstjóra eigi síðar en **mánudaginn 29. ágúst 2005.**

29. júlí 2005

| | |
|---|---|
| Skattstjórinn í Reykjavík, | Gestur Steinþórsson. |
| Skattstjórinn í Vesturlandsumdæmi, | Stefán Skjaldarson. |
| Skattstjórinn í Vestfjarðaumdæmi, | Guðrún Björg Bragadóttir. |
| Skattstjórinn í Norðurlandsumdæmi vestra, | Bogi Sigurbjörnsson. |
| Skattstjórinn í Norðurlandsumdæmi eystra, | Gunnar Karlsson. |
| Skattstjórinn í Austurlandsumdæmi, | Karl Lauritzson. |
| Skattstjórinn í Suðurlandsumdæmi, | Hreinn Sveinsson. |
| Skattstjórinn í Vestmannaeyjum, | Ingi T. Björnsson. |
| Skattstjórinn í Reykjanesumdæmi, | Sigmundur Stefánsson. |








**UNITED** UTV20x40

20" SJÓNVARP með textavarpi, Scart tengi og fjarstýringu.

**TILBOÐ 13.990**
FULLT VERÐ kr. 16.990




**GRUNDIG** T555211

21" SJÓNVARP með flötum Black Matrix myndlampa, RCA tengi að framan, 2x RCA að aftan og fjarstýringu.

**TILBOÐ 14.990**
FULLT VERÐ kr. 22.990




**Dantax** 20LCDB2

20" Nicam stereó LCD SJÓNVARP með TFT SUPER FLAT SKJÁ, 640x480 punkta upplausn, Scart tengi, RCA tengi,124 síðna textavarpi, heyrnatólatengi, borðstandi og fjarstýringu.

ÖRÞUNNT LCD

**VERÐ 59.990**
FRÁBÆRT VERÐ




**GRUNDIG** ST702410

28" 100 Hz SJÓNVARP með Nicam stereó, textavarpi, 2 Scart tengjum og fjarstýringu.

**TILBOÐ 49.990**
FULLT VERÐ kr. 59.990




**JVC** AV32H40

32" 100Hz BREIÐTJALDSSJÓNVARP með Natural Flat myndlampa, 2x20w Nicam stereó hljóðkerfi, Hyper Sound, 3 Scart tengjum og RCA/SVHS að framan, heyrnartólstengi, textavarpi með 720 síðna minni, fjölkerfa móttöku og fjarstýringu.

**TILBOÐ 69.990**
FULLT VERÐ kr. 83.990




**UNITED** LTV27

27" LCD SJÓNVARP með 1280x768 upplausn (VGA, SVGA, XGA, WXGA) með Progressive Scan, 2x7w SRS Surround hljóðkerfi með 2 Hátölurum, 2 Scart tengjum, Component (YPbPr) og DVI tengi, AV og heyrnartólstengi að framan, mynd í mynd (2 tunerar) textavarpi og fjarstýringu.

**FLAT LCD**

**TILBOÐ 89.990**
FULLT VERÐ kr. 99.990




**PHILIPS** 32PF4320

32" High Definition LCD SJÓNVARP með móttakara, 1366x768 (VGA, SVGA, WXGA) upplausn, 3D Comb Filter og Digital Crystal Clear, ljósskynjara og Active Control til að minnka glampa, 2 x 30w Virtual dolby Surround, 6 breiðtjaldsstillingum, 2 Scart tengjum og SVHS, íslensku textavarpi og borðstandi.

**AÐEINS KR. 12.499 Á MÁNUÐI Í 16 MÁNUÐI***

**VAXTALAUST!**

EÐA KR. 199.990 STAÐGREITT

FULLT VERÐ kr. 279.990




**UNITED** PTV42

42" PLASMA SJÓNVARP með 852x480 upplausn (VGA, SVGA, XGA), Progressive Scan, 2x10w Nicam stereó hljóðkerfi með 2 hátölurum, 2 Scart tengjum, DVI og PC tölvutengi, mynd í mynd (2 Tunerar) textavarpi og fjarstýringu.

**TILBOÐ 179.990**
FULLT VERÐ kr. 199.990




**PHILIPS** 42PF9946

42" 100 Hz PLASMA SJÓNVARP með móttakara, 852x480 upplausn, 3000:1skerpu, Digital Motion Compensation og Digital Crystal Clear ljósskynjara og Antireflex System, 50w Nicam stereó hljóðkerfi með 2 innbyggðum hátölurum, 2 Scart tengi, textavarpi 2 myndum á skjá og fjarstýringu.

**TILBOÐ 229.990**
FULLT VERÐ kr. 299.990

# ALLTAF BETRI TILBOÐ

JVC®

SPILAR DivX



DVD VIDEO

Spilar DivX, DVD, DVD-R/RW, CD-R/RW, VCD/SVCD, MP3 og JPEG

TILBOÐ 29.990

FULLT VERÐ kr. 39.990

**THS11**

HEIMABÍÓKERFI með fjölkerfa DVD spilara, 5x52w magnara og 52w bassa, 5 litlum umhverfis-hátölurum og bassaboxi, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro Logic II, NTSC afspilun á PAL sjónvarpi, RDS útvarpi með FM og 30 stöðvaminnum, SCART með RGB og fjarstýring.

## DVD MEÐ KARAOKE



**Scansonic** DVD92002

DVD SPILARI sem spilar öll kerfi. Með KARAOKE fyrir tvo hljóðnema, Dolby Digital AC3, Digital Theatre Sound (DTS), valmyndakerfi, NTSC afspilun yfir í Pal, RCA, Scart, Coax og Optical tengi og fjarstýringu.

TILBOÐ 4.990

FULLT VERÐ kr. 9.990

## DVD MEÐ DivX



Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, VCD/SVCD og DivX 3.11/4.x/5.x– CD, CD-R/RW, MP3/WMA og JPEG

**JVC** XVN422

Fjölkerfa DivX DVD SPILARI með Digital Direct Progressive Scan, Dolby Digital AC3, Digital Theatre Sound (DTS), NTSC afspilun yfir í Pal, Scart með RGB, RCA og Component (Y, Pb, Pr) tengi, Coaxial tengi og fjarstýringu.

VERÐ 10.990

FRÁBÆRT VERÐ

## DVD OG VÍDEÓ



DVD/DVDRW/CD/CDR/CDRW/VCD/SVCD/JPEG/MP3

**Dantax** DV104

Fjölkerfa DVD SPILARI og 6 hausa Nicam Stereó MYNDBANDSTÆKI með LongPlay, Dolby Digital AC3, DTS, valmyndakerfi, upptökuminni, sjálfleitara, hægspilun, Index leitun, NTSC afspilun, Scart tengi, RCA tengi að framan, Coax útgangi og fjarstýringu.

TILBOÐ 16.990

FULLT VERÐ kr. 24.990

## DVD MEÐ UPPTÖKU



Spilar DVD, CD, DVD-R/RW, DVD+R/RW, CD-R/RW, VCD/SVCD, MP3 og JPEG diska

**UNITED** DVR5076

Fjölkerfa DVD SPILARI með allt að 6 tíma upptöku, (DVD+R/RW) HQ/SP/LP/EP/EP+ upptöku-möguleikum, Progressive Scan, Dolby Digital upptöku DV, Scart, SVHS, AV, RF inn og Scart, SVHS, AV og RF út, Coaxal og Optical tengi. AV- og Scartkaplar og fullkominnfjarstýring fylgja.

TILBOÐ 19.990

FULLT VERÐ kr. 39.990



## FYRIR KRÖFUHARÐA

TILBOÐ 69.990

FULLT VERÐ kr. 109.990

SPILAR DivX



**JVC** QPF30

Kraftmikið HEIMABÍÓKERFI með DVD spilara og 6x100w magnara, Dolby Digital og DTS, Dolby Pro-Logic II, DVD-Multi Channel Audio, RDS Útvarp með 30 stöðvaminnum, 3 Optical in og optical út, coaxal in, 3 Vdieo og SVHS inn- og 4 útgöngum, fjölkerfa DVD spilara, Digital Direct Progressive Scan, NTSC afspilun yfir í Pal, Scart (með RGB), RCA og Component (Y, Pb, Pr) tengi, Digital Coaxial tengi, fjórum súlugólfhátölurum og miðju, 100w bassi með innbyggðum magnara og fjarstýringu.

**OLYMPUS®** MJU MINI S



FÆST Í TVEIMUR LITUM

5 MP

Digital MYNDAVÉL með 5 mp, 2x Optical Zoom og 4x Digital, 5.8 - 11.6mm linsu, 1,8" LCD skjá, Autofocus og Auto White Balance, Auto Exposure, hágæða hreyfi-myndatöku með hljóði, sjö myndstærðir, Auto Flass og Red Eye Reduction, USB og 16mb xD korti.

TILBOÐ 26.990

FULLT VERÐ kr. 32.990

DIGITAL NIGHT SCOPE




**JVC** GRD200

Digital TÖKUVÉL með 2,5" skjá, 1/4" upptökuflögu með 1,33 MegaPixel upplausn, 540 lína upplausn með Super High-Band Processor,10x Optical Zoom og 500x Super Digital Zoom, **Digital NightScope** (myndar í myrkri), titringsdeyfi, DV inn/út og Analougue inn, **innbyggðri kyrrmyndavél ofl.**

TILBOÐ 39.990

FULLT VERÐ kr. 69.990

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2005

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

**UMBOÐSMENN UM LAND ALLT** ► REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Kaupfélag Borgfirðinga, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákan, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Ljósgjafinn, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: KF Héraðsbúa, Egilsstöðum. Verslunin Vík, Neskaupsstað. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Turnbræður, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Brimnes, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Rafeindatækni, Keflavík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði. Rafmætti, Hafnarfirði.





## STUÐ MILLI STRÍÐA : Leiðinlegri eða eldri?

**FREYR GÍGJA GUNNARSSON** RIFJAR UPP VILLTAR VERSLUNARMANNAHELGARNÆTUR



MYND: HELGI SIGURÐSSON

Þegar ég var „yngri“ var yfirleitt kominn fiðringur í magann á mér um þetta leyti. Ég hafði hringt fimm þúsund símtöl til allra sem ég þekkti og boðað þá á einhvern stað úti í guðsgrænni náttúrunni. Svo var skottið á græna Suzuki-jepplinginum hans pabba, fylltum alls kyns nauðsynjarvörum, ekið upp í sveit. Við bræðurnir komumst í álnir þegar við fengum lánaðan tjaldvagninn hans afa tvær verslunarmannahelgar í röð. Margir minnast hans með glampa í augunum.

Það er kannski tímanna tákn að hugur minn stefnir frekar út á golfvöll en á einhverja fylleríshátíð út á landi. Kannski þroskamerki, kannski er ég bara orðinn leiðinlegri. Kannski hefur mér tekist að bæla niður verslunarmannahelgareðlið. Það sama á ekki við um marga landa mína. Þeir áttu sumir hverjir í erfiðleikum með að bera allt brennivínið sem átti að torga um helgina í Smáralindinni í gær. Það eina sem ég á eftir að burðast með þessa helgina er golfsett.

Um þetta leyti fyrir nokkrum árum væri ég búinn að taka mér frí í vinnunni, panta miða í Herjólf, kaupa strengi í gítarinn og klár á Húkkaraball. Eða búinn að kaupa kúrekahatt fyrir tíu þúsund krónur og tjalda á Skagaströnd. Orðinn ástfanginn á Flúðum. Ég var vanur því að spila Sirkus Geira Smart-lagið á gítarinn. Söng það einu sinni á jólaskemmtun í tíunda bekk og það hefur fylgt mér alla tíð síðan.

Ég á eftir að sakna þess að geta ekki setið inni í tjaldvagninum hans afa með mikið af fullu fólki í stuði sem syngur Stál og hnífur eins og það eigi lífið að leysa. Ef til vill er þetta fylgihlutur þess að vera orðinn eldri. Eða bara leiðinlegri.

## myndasögur

### PONDUS
Eftir Frode Överli




### GELGJAN
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### PÚ OG PA
Eftir SÖB




### KJÖLTURAKKAR
Eftir Patrick McDonnell




### BARNALÁN
Eftir Kirkman/Scott










FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



**HILARY DUFF FYRIR** Með eðlilegar tennur eins og venjulegu fólki sæmir.



**HILARY DUFF EFTIR** Búin að fá sér krónur utan á tennurnar og líkist nú frekar Glanna glæp.

# Hrossatennur Hilary

Nokkuð pískur og fliss hefur verið meðal fjölmiðlamanna vestanhafs og ástæða þess er hinn nýi og myndarlegi tanngarður ungleikkonunnar Hilary Duff. Stúlkan hefur ekki viðurkennt enn að hafa farið í nokkra aðgerð en augljóst er að svipur hennar tók stakkaskiptum á stuttum tíma.

Bros hennar þykir bera því augljóst merki að hún hafi fengið sér krónur framan á tennurnar. Þess konar aðgerðin er ætluð til fegurðarauka en eins og sjá má á myndunum er frekar eins og hún hafi farið og keypt sér skop-tanngarð í Leikbæ.

Hilary hefur staðið í miklum erjum við aðra ungpíu, nefnilega Lindsay Lohan. Lindsay hefur tekið miklum útlitsbreytingum undanfarið og hefur hún aldrei notið meiri athygli. Hún segist vera að reyna að hrista af sér barnastjörnuímyndina og nú þykir líklegt að Hilary sé að reyna að feta í sömu fótspor. Þrátt fyrir þessa miklu fyrirhöfn þykir fáum breytingar stúlknanna vera til hins betra og þær, sem fyrir nokkrum mánuðum voru frísklegar og sætar, þykja nú frekar líkjast Pappírspésa og Glanna glæp. ■


Grill SS myndaleikur

Vinningshafar vikunnar – vinnur þú í næstu viku?



Grillafmælisveisla Árna Veigars (8 ára) í Kjarnaskógi, júní 2005. Auðvitað var boðið upp á SS pylsur og sykurpúða í eftirrétt.

Sumarkveðja.
Árni Veigar og fjölskylda.



Á myndinni eru Óðinn og hundurinn Tyson með SS lambalærissneið að athuga hvor er sterkari.......nammi namm.........

Sendu okkur skemmtilegar myndir úr SS-grillpartíinu þínu á grill@ss.is eða að Fosshálsi 1, 110 Reykjavík og þú gætir unnið gæða Focus grill, sem er án efa eitt það besta á markaðnum í dag, fyrsta flokks grillkjöt frá SS, alvöru grilláhöld eða grillmeistarasvuntu. Samtals 1.012 vinningar að verðmæti um 1,5 milljónir króna. Nöfn vinningshafa birt á ss.is.



www.vr.is



PARTÝ Í HÚSDÝRAGARÐINUM

Látum okkur ekki vanta á **fjölskylduhátíð VR í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum** á frídegi verslunarmanna, mánudaginn **1. ágúst.** Garðurinn er öllum opinn frá kl. **10:00-18:00.**
**Aðgangur ókeypis.**
Það verður margt til skemmtunar og sannkölluð karnivalstemmning. Boðið verður upp á hoppukastala og leiktæki frá Skátalandi, andlitsmálun og fjársjóðsleit.

**Við hlökkum til að sjá ykkur!**

Starf okkar **eflir** þitt starf

VR

Fíton/SÍA

*Um helgina verður fjölbreytt menningardagskrá í Reykjavík og því þurfa þeir sem heima sitja um helgina ekki að kvíða því að þurfa að húka fyrir framan sjónvarpið. Auk Innipúkans, sem stendur alla helgina á NASA, verða meðal annars tónleikar í Hallgrímskirkju og djasstónleikar á Jómfrúnni. Um helgina stendur líka yfir ljóðahátíð í Klink og Bank og Norræna húsinu á vegum félagsskaparins Nýhils og því ættu tón- og ljóðelskir að geta unað sáttir við sitt.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Danskur organisti í Hallgrímskirkju

Um verslunarmannahelgina verður danski orgelleikarinn Anne Kirstine Mathiesen gestur tónleikaraðarinnar Sumarkvöld við orgelið í Hallgrímskirkju. Hún leikur laugardaginn 30. júlí kl. 12.00 og sunnudaginn 30. júlí kl. 20.00.

Á fyrri hluta efnisskrár sunnudagstónleikanna gefur Anne Kirstine góða innsýn inn í þróun danskrar orgeltónlistar allt frá lokum 17. aldar til dagsins í dag. Hún leikur verk eftir Buxtehude, Leif Kayser, Bo Grønbech, Johann Sebastian Bach, Emil Sjögren og að lokum Salamanca eftir svissneska tónskáldið Guy Bovet.

Á síðari hluta tónleikanna flytur Anne Kirstine hina vinsælu 5. orgelsinfóníu Charles-Marie Widors. Sinfónían er í fimm þáttum og er sá síðasti, Tokkata, meðal vinsælustu orgelverka allra tíma.

Á laugardagstónleikunum fá tónleikagestir að heyra sýnishorn af efnisskrá sunnudagsins, það er að segja Tokkötu Buxtehudes, Kóraltilbrigði eftir Kayser, Prelúdíu og fúgu eftir Sjögren og verk Guy Bovet.


FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA HELGADÓTTIR

**ANNE KIRSTINE MATHIESEN** Danski orgelleikarinn er gestur tónleikaraðarinnar Sumarkvöld við orgelið um helgina.

### EKKI MISSA AF...



...opnun ljósmyndasýningar **Sigurðar Mars Halldórssonar** í landi **Horns í Hornafirði** klukkan 17.00 í dag. Myndin hér að ofan er eftir Sigurð.

...tónleikum kvartetts **Dorthe Höjland** á **Jómfrúnni** klukkan 16.00 á morgun.

...tónleikum hljómsveitarinnar **Kimono** í garðinum á skemmtistaðnum **Sirkus** klukkan 17.00 á morgun.

## Grein Hannesar í næstu Sögu

Útgáfa nýjasta heftis Sögu, tímarits Sögufélags, hefur dregist nokkuð en upphaflega átti það að koma út í apríl eða maí. Ritsins er beðið með nokkurri eftirvæntingu, því ein greina þess er svargrein Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar prófessors í stjórnmálafræði við ítardómi Helgu Kress bókmenntafræðiprófessors sem birtist í tveimur hlutum í Sögu í fyrra þar sem hún gagnrýndi vinnubrögð Hannesar í fyrstu bók hans um ævi Halldórs Laxness.

Grein Hannesar ber yfirskriftina Rannsóknarfrelsi, ritstuldur og viðurkennd fræðileg vinnubrögð og er rúmlega 30 blaðsíður að lengd.

„Ég skilaði greininni á umsömdum tíma en svo dróst hún í vinnslu því það tók langan tíma að ritrýna hana. Þetta er mjög löng og ítarleg grein. Í henni bendi ég meðal annars á það að ef ég er sekur um óvönduð fræðileg vinnubrögð þá eru margir aðrir einnig sekir um óvönduð fræðileg vinnubrögð og styð ég þá skoðun mína með tilvísunum í rit annarra fræðimanna og ber vinnubrögð þeirra saman við mín," segir Hannes Hólmsteinn Gissurarson um svargreinina sem mun birtast í nýjasta hefti Sögu.

Að sögn Páls Björnssonar sagnfræðings, annars af ritstjórum Sögu, tók ritvinnslan á grein Hannesar langan tíma auk þess sem öðru efni var skilað seint inn og skýrir það seinkun útgáfunnar.

Áætlaður útgáfudagur Sögu er um miðjan ágúst að sögn ritstjórans. ■



**HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON** Svargrein hans við ítardómi Helgu Kress um fyrstu bók hans um Halldór Laxness birtist í næsta hefti tímaritsins Sögu.






**JONATHAN RICHMAN** Heldur upphitunartónleika fyrir Innipúkann á Grand Rokk klukkan 22 í kvöld auk þess sem hann leikur á hátíðinni sjálfri á laugardag klukkan 22.



**MUGISON** Ísfirðingurinn skemmtilegi er einn af fjölmörgum íslenskum flytjendum á Innipúkanum um helgina.



**CAT POWER** Chan Marshall kallar sig Cat Power og mun hún leika á Innipúkanum klukkan 19.45. Hún túraði nýlega með Nick Cave.

# Innipúkinn er glæsilegur í ár

**Hátíðin Innipúkinn verður haldin í fjórða sinn í Reykjavík um verslunarmannahelgina. Á hátíðinni í ár koma fram þekktir erlendir flytjendur auk landskunnra íslenskra listamanna.**

Um helgina fer fram hátíðin Innipúkinn, sem nú er haldin í fjórða sinn. Hátíðin verður með dálítið öðru sniði í ár, að sögn Gríms Atlasonar, eins skipuleggjenda hátíðarinnar. „Hátíðin er haldin á NASA í ár en það er í fyrsta sinn sem það er gert. Auk þess er hún nú haldin í tvo daga en áður hefur hún einungis verið haldin í einn dag. Á hátíðum síðustu árin hafa ekki verið neinir erlendir flytjendur heldur rjóminn af íslenskum hljómsveitum. Nú verða hins vegar fimm erlendir flytjendur á hátíðinni."

Grímur segir að þeir erlendu flytjendur sem leiki á hátíðinni séu margir vel þekktir og nefnir hann til sögunnar gítarsnillinginn Jonathan Richman sem samdi tónlistina í kvikmyndinni There's Something About Mary auk þess sem hann lék í henni. Flytjendur eins og David Bowie og Sex Pistols hafa tekið lög eftir hann. Auk Richmans verður á svæðinu Cat Power, sem er vel þekktur flytjandi sem túraði nýverið með Nick Cave.

Richman heldur upphitunartónleika fyrir Innipúkann á Grand Rokk í kvöld klukkan 22 og segir Grímur að enginn sem mæti á svæðið verði svikinn af þeim tónleikum. En það verða fleiri upphitunartónleikar fyrir Innipúkann í dag því klukkan 17 leikur Stórsveit Nix Noltes ásamt Þóri í garðinum við 12 Tóna.

„Ekki má svo gleyma hljómsveitinni Blonde Redhead, sem ekki þarf að kynna fyrir Íslendingum því hún hefur leikið hér landi áður. Svo verða þarna danska hljómsveitin The Raveonettes sem ég held að sé fyrsta danska hljómsveitin til að meika það á alþjóðavettvangi síðan Aqua var og hét," segir Grímur.

Fjölmargir íslenskar hljómsveitir og tónlistarmenn verða á hátíðinni í ár eins og síðastliðin ár. Sem dæmi um íslenska flytjendur á Innipúkanum í ár má nefna að Mugison leikur á laugardaginn klukkan 23.30, Hjálmar á sunnudaginn klukkan 20.45, Trabant klukkan 01.30 á sunnudeginum auk fjöldamargra annarra sveita, þekktra sem óþekktari. Af stórfréttum ber svo að geta þess að surf-rokksveitin Brim, sem margir muna eftir frá því fyrir einhverjum tíu árum, kemur saman aftur á hátíðinni eftir langt hlé og leikur á NASA klukkan 01.30 á laugardaginn.

„Við viljum gefa því fólki, sem vill skemmta sér í Reykjavík um verslunarmannahelgina, tækifæri til að komast á gott gigg," segir Grímur og ekki er sjá annað en að fólk sem heldur sig í borginni um helgina sé áfjáð í skemmta sér því uppselt er orðið á Innipúkann og komast því væntanlega færri að en vilja. ■

# Sukkhelgi með Bonnie Tyler

Á miðvikudaginn kom út fyrsta hefti nýs myndasögublaðs sem heitir Very nice comics.

Hugleikur Dagsson, ritstjóri blaðsins, segir að í nýja blaðinu sé meira lestrarefni en gengur og gerist almennt í myndasögublöðum. „Ég vildi að það tæki lengri tíma en venjulega klósettferð að lesa blaðið."

„Fyrir eru náttúrlega þessi tvö blöð, Gisp og Blek, og ég taldi fínt að fá eitt blað í viðbót. Ástæðan að ég gaf þetta út er að ég átti myndasögur sem ég vildi senda frá mér og þekkti fólk sem var í sömu sporum og því var heppilegt að við gæfum blaðið út saman," segir Hugleikur.

Í blaðinu er efni eftir Hugleik sjálfan, en hann er með myndasögu í blaðinu um Bob Geldof. Ómar Örn Hauksson skrifar á dónalegu nótunum um karakter sem hann kallar Fuck Bunny, sem fjallar um kanínur sem eru úti um allt á typpinu og svo er aukakarakter sem heitir The Homophobic Flea sem heldur að allir séu samkynhneigðir og nýtir hvert tækifæri til að skjóta á þá sem hugsanlega geta verið það. Skáldkonan Kristín Eiríksdóttir er einnig með sögu í blaðinu sem fjallar um það sem Hugleikur telur vera sukkhelgi hennar með Bonnie Tyler í einhverju hjólhýsi þar sem þær stöllurnar sitja að krakkreykingum. Auk þess er í blaðinu vegleg kvikmyndagagnrýni eftir Friðrik Sólnes. „Friðrik gagnrýnir ekki nýjar kvikmyndir heldur gamlar vídeóspólur og hann myndskreytir svo gagnrýnina sjálfur," segir Hugleikur.

„Mig langaði að gefa út myndasögublað á ensku því fólkið í búðunum sem hefur verið að selja myndasögubækurnar mínar hefur sagt að þær þyrftu helst líka að vera á ensku þannig að efnið í þessu blaði er allt skrifað á ensku. Í blaðinu er þessi húmor sem ég hef verið að vinna með auk alls kyns annars efnis. Blaðið er bæði artí og fartí," segir Hugleikur.

Blaðið er í hefðbundinni lengd fyrir myndasögublað eða 32 síður og segir Hugleikur að stefnt sé að því að koma því eins oft út og mögulegt sé en fínt væri að blaðið gæti komið út á svona tveggja mánaða fresti. Hugleikur segir að nú þegar sé komið efni fyrir næsta blað.

Very nice comics var prentað í 200 eintökum og fékk góðar viðtökur þegar blaðið kom út því Hugleikur og félagar seldu strax nokkur eintök úti á götu. Blaðið er til sölu í Nexus, 12 Tónum, Dogma, Ranimosk og Ósóma. ■



**FUCK BUNNY** Ómar Örn Hauksson býður lesendum Very nice comics upp á sögur af samfarakanínu sem hann kallar Fuck Bunny.




**H.P. LOVECRAFT** Nýjasta hefti myndasögutímaritsins Very nice comics. Heftið prýðir mynd af H.P. Lovecraft og segir Hugleikur Dagsson ritstjóri blaðsins enga sérstaka ástæðu vera fyrir því aðra en þá að myndin er falleg.


BEST Í BÆNUM
ROKKAÐU Í REYKJAVÍK
+ DAGSKRÁ INNIPÚKANS
ÍSLENSKIR SENDIHERRAR OG PÓLÍTÍSKAR RÁÐNINGAR
EINKAVIÐTAL VIÐ RAVEONETTES I VAKNAÐ MEÐ KLÁMKÓNGI ÍSLANDS
PARÍSARDAMAN HUGRÚN DÖGG ÁRNADÓTTIR
ROKK, RÓSIR OG GUCCI TÖSKUR + SIRKUSMIÐINN
KEMUR ÚT ALLA FÖSTUDAGA
VERÐ KR. 300
FÆST Á ÖLLUM HELSTU
BLAÐSÖLUSTÖÐUM LANDSINS
SIRKUS RVK
NÝTT TÍMARIT. NÝR TÓNN.

BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík
KALLI Á ÞAKINU
e. Astrid Lindgren • Í samstarfi við Á þakinu
Lau 13/8 kl 14, Su 14/8 kl 14, Lau 20/8 kl 14, Su 21/8 kl 14
Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:
5/7, 11/7, 12/7, 13/7 kl. 14-18 6/7, 7/7, 8/7, 14/7, 15/7, 17/7, 22/7, 28/7 kl. 14-20
10/7, 17/7 kl. 12-18 LOKAÐ 18/7 - 21/7, 23/7-27/7, 29/7-11/8

Annie
í Austurbæ
Næstu sýningar eru:
5. sýn. laug. 6/8 kl. 14 sæti laus
6. sýn. sun. 7/8 kl. 14 sæti laus
7. sýn. fim. 11/8 kl. 19 sæti laus
midi.is
551 4700 & 551 0200



ÁRBÆJARSAFN - GOTT HEIM AÐ SÆKJA
OPIÐ ALLA DAGA Í SUMAR FRÁ 10 - 17
Nánari upplýsingar á vefslóðinni www.minjasafnreykjavikur.is
TE & KAFFI
- í Dillonshúsi
Minjasafn Reykjavíkur
ÁRBÆJARSAFN



VIÐEY - NÁTTÚRA OG MENNING
VIÐEY ISLAND - NATURE AND CULTURE COMBINED IN ONE
VIÐEYJARFERJAN SIGLIR
ALLA DAGA Í SUMAR
Upplýsingar og pantanir
ferja@ferja.is • www.ferja.is
Minjasafn Reykjavíkur

ÚTVARPIÐ ÞITT
ÞOLIR EKKI
EINTÓMAN
VIÐBJÓÐ
X 97·7

# Frá sjónarhóli villikattarins



FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL BERGMANN

**DAVÍÐ ÞÓR JÓNSSON** Barnaplatan Villikettir er komin út og fjallar um fimm villiketti í Reykjavík sem spila saman í rokkhljómsveit.

Barnaplatan Villikettirnir er komin út. Höfundur flestra laganna og einn flytjenda er Freyr Eyjólfsson en um undirleik sér að mestu hljómsveitin Buff. Raddir sínar ljá plötunni einnig þær Margrét Eir og Andrea Gylfadóttir auk Péturs „Jesús“ Guðmundssonar.

Höfundur textanna og nokkurra laga á plötunni er Davíð Þór Jónsson. „Þessi hugmynd fæddist um svipað leyti og hugmyndin að ljóðabókinni minni sem kom út í fyrra. En þetta er allt annað konsept,“ segir Davíð Þór. „Við Freyr byrjuðum að fíflast saman og smám saman fæddist þessi hugmynd. Okkur hefur alltaf líkað vel að vinna saman þannig að við ákváðum að rugla saman reytum og búa til plötu,“ segir Davíð og greinir nánar frá verkefninu: „Villikettirnir er fimm manna hljómsveit sem er starfandi í Reykjavík. Þetta er þeirra músík og þeir syngja um líf sitt og það hvernig heimurinn horfir við þeim út frá sjónarhóli villikattarins. Þarna eru sum lög þar sem þeir eru bara að fíflast og leika sér eins og rokkhljómsveitir gera svo oft,“ segir Davíð.

Hann segir það fjarskalega skemmtilegt að semja fyrir börn. „Fullorðið fólk er oft búið að þvæla hlutina svo fyrir sér og það þarf allt að vera svo djúpt og lúmskt. Börnin vita hvað þau vilja og skammast sín ekkert fyrir að hafa einfaldan smekk og börnum finnst ekkert verra að það sé smá húmor í hlutunum líka.“

Svo gæti farið að bók um Villikettina komi út fyrir jólin en það á eftir að koma betur í ljós. „Villikettirnir eru svo spennandi týpur og hafa frá svo mörgu að segja. Það er áhugi fyrir því að plötunni verði fylgt eftir með bók þar sem Villikettirnir segja sína sögu í Reykjavík,“ segir Davíð, sem hefur í mörgu að snúast um þessar myndir. Í þessari viku verður tekin upp önnur plata með textum eftir hann sem nefnist Angurkvæði með hljómsveitinni Sviðin jörð. Um er að ræða kántríplötu með sorglegum textum fyrir fullorðið fólk. Í hljómsveitinni eru meðal annars þeir Freyr Eyjólfsson og Magnús Eyjólfsson úr Þokkabót og Brimkló.

Einnig hefur Davíð unnið mikið við þýðingar, meðal annars fyrir Þjóðleikhúsið. Þar er næst á dagskrá þýðing hans á Túskildingsóperunni við tónlist eftir Kurt Weil. Um helgina ætlar Davíð aftur á móti að slappa af eins og svo margir aðrir Íslendingar og fara með fjölskylduna út úr bænum, láta sólina sleikja sig og jafnvel grilla lambakjöt.

freyr@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**HÁLSULL** Rokkhljómsveitin spilar á Þjóðhátíð í Eyjum á sunnudaginn

# Stelpur geta líka stofnað hljómsveit

„Við stofnuðum hljómsveitina í fyrra því okkur langaði til að sjá hvort stelpur gætu ekki líka stofnað hljómsveit,“ segir Valdís Ýr, gítarleikari rokkhljómsveitarinnar Hálsull, en stofnendur Hálsullar voru auk Valdísar þær Aníta Björk bassaleikari, Tinna trommuleikari, Maríanna gítarleikari og söngkonan Ingibjörg. „Við kunnum ekki á nein hljóðfæri þegar við byrjum en höfum prófað okkur áfram og þróað okkur í gegnum tónlistarforrit. Tvær okkar eru meira að segja farnar í tónlistarskóla núna til að læra á gítar.“

Uppátæki stelpnanna hefur greinilega heppnast því þær voru valdar til að spila á Þjóðhátíð í Eyjum í ár. „Við spiluðum á Samfés í vetur og fórum svo til Eyja í janúar til að spila á tónlistarhátíðinni Allra veðra von. Á hátíðinni var ein hljómsveit valin til að fá tíma í hljóðveri en okkar hljómsveit var valin til að spila á Þjóðhátíð í Eyjum. Reyndar stakk trommuleikarinn Tinna okkur af til útlanda í sumar og því auglýstum við eftir trommuleikara á netinu til að spila með okkur í Eyjum. Við réðum trommuleikara sem heitir Biggi og vinur okkar Björgvin syngur með okkur eitt lag svo það eru ekki lengur bara stelpur í hljómsveitinni.“

En hvernig skyldi nafngiftin Hálsull hafa komið til? „Það var nú bara þannig að á fyrsta fundinum ákváðum við að finna nafn á hljómsveitina. Við ætluðum að fletta upp í orðabók til að finna eitthvað skemmtilegt nafn en á heimili vinkonu okkar var bara til ensk orðabók. Eftir svolítla leit fundum við orðaskýringuna, the wool in the neck of a sheep, sem við þýddum sem Hálsull. Svo fór vinkona okkar til Afríku og komst að því í teppabúð þar á slóðum að hálsull er besta og dýrasta ullin. Afrískur sölumaður útskýrði fyrir henni að það væri vegna þess að hálsull á kindum og kameldýrum er mýkri og sterkari en á öðrum líkamshlutum.“

Stelpurnar eru að vonum spenntar að koma fram á Þjóðhátíð. „Við spilum á sunnudeginum á Brekkusöngssviðinu að því að ég best veit og við hlökkum rosalega til,“ segir Valdís að lokum. ■



**ASTARA** Astara spilar rokk af gamla skólanum og er þekkt fyrir líflega tónleika.

# Astara á þrennum tónleikum

Rokksveitin Astara spilar á þrennum tónleikum fyrir þá sem kjósa að vera í bænum um verslunarmannahelgina.

Fyrstu tónleikar sveitarinnar um helgina verða hluti af tónleikasyrpu Grapevine & Smekkleysu í kvöld á Bar 11 ásamt Haltri hóru.

Á laugardag spilar Astara á Gajol-rokkhátíðinni á Bar 11 ásamt Lights on the Highway og síðustu tónleikarnir verða upphitun fyrir Brain Police á Gauki á Stöng á sunnudagskvöld. Þeir tónleikar verða einnig hluti af Gajol-hátíðinni sem Bar 11, Dillon og Gaukurinn standa fyrir um helgina. ■

# Nýdönsk á Akureyri

Hljómsveitin Nýdönsk verður með ball á Oddvitanum á Akureyri á föstudag og laugardag. Um síðustu verslunarmannahelgi spilaði sveitin einnig á Oddvitanum en þá eingöngu á einu kvöldi. Seldust miðar á tónleikana eins og heitar lummur og komust færri að en vildu.

Björn Jörundur Friðbjörnsson, söngvari Nýdanskrar, reiknar með miklu fjöri á Akureyri um helgina. „Til að bregðast við þessari aðsókn í fyrra, sem var meiri en við höfðum ætlað, höfum við bætt við kvöldi þessa helgina. Síðan munum við leika úti á torgi á þeirra fjölskylduskemmtun fyrir utan að láta sjá okkur með reglulegu millibili í sparifötunum í miðbænum," segir Björn. „Í fyrra fór þetta allt saman mjög vel fram hjá okkur og öðrum og við urðum ekki varir við unglinga að leggja tjaldstæði í rúst."

Þetta verður eina tækifærið til að sjá Nýdanska á tónleikum það sem eftir er af sumri og því má búast við fullu húsi í Oddvitanum um helgina. Þess má geta að ný plata frá Nýdanskri er í undirbúningi og verður hún væntanlega tilbúin á næsta ári. ■



**NÝDÖNSK** Hljómsveitin Nýdönsk spilar á Akureyri um verslunarmannahelgina.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚLÍ

26 27 28 **29** 30 31 1

**Föstudagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 17.00 Hin árlega upphitun fyrir **Innipúkann** haldin í garðinum við **12 Tóna**. Þar munu koma fram **Stórsveit Nix Noltes** ásamt **Þóri.** Léttar veitingar verða í boði og einnig verður boðið upp á grillaðar pylsur ef veður leyfir.

☐ 22.00 **Jonathan Richman** hefur ákveðið að hita upp fyrir **Innipúkann** með tónleikum á **Grand Rokk** föstudaginn 29. júlí kl. 22.00. **Þórir** mun sjá um upphitun. Miðaverð er 1.500 kr.

### OPNANIR

☐ 17.00 Tvær sýningar opna í **Kling og Bang galleri**, á afmælisdegi ekki ómerkari listamanns en Stanley Kubrick. Listamennirnir sem standa að sýningunum eru hjónin **Ásmundur Ásmundsson** og **Gunnhildur Hauksdóttir**.

☐ 17.00 **Sigurður Mar Halldórsson** opnar ljósmyndasýningu í landi Horns í Hornafirði. Sýningin verður á sandinum við **Stokksnesveg** og nefnist einfaldlega **Sandur**. Myndirnar voru teknar á svipuðum slóðum síðasta sumar og verður komið fyrir á sandinum. Þær falla því inn í umhverfið og skera sig úr í senn.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.





Amnesty International á Íslandi í 30 ár

**Sýning í Blöndustöð**

Ágrip af sögum nokkurra einstaklinga sem félagar Íslandsdeildar Amnesty International hafa átt þátt í að frelsa síðustu 30 árin.

Þetta fólk var fangelsað fyrir þær sakir einar að tjá trú sína eða skoðanir, eða vegna kyns síns og uppruna. Þetta fólk kallar Amnesty International **samviskufanga**.

*„Á dimmustu tímum fangavistar minnar komu orð ykkar og bréf sem **dropar af regni**, sem lengi hefur verið beðið eftir í endalausri eyðimörk. Frelsi mitt í dag er ávöxtur þols ykkar og þreks, vinnu og hugrekkis." Mohamed El Boukili frá Marokkó.*

MIXA • fít • 50812

**Áhugaverð sýning í Blöndustöð á Norðvesturlandi – 200 m ofan í jörðinni.**

Opið alla daga frá kl. 13 til 17.

Amnesty International
www.amnesty.is

Landsvirkjun
Góðir straumar í 40 ár

SIRKUS RVK
NÝTT TÍMARIT. NÝR TÓNN.

Sveitaball á mölinni!

BRIMKLÓ



VERZLUNARMANNAHELGIN:
LAUGARDAGSKVÖLDIÐ 30. JÚLÍ
Englar jafnt sem púkar velkomnir!

Miðaverð 2500
Húsið opnað klukkan 23:00

BROADWAY
Sími 533-1100 - www.broadway.is







> Björk

> NIN

## Í SPILARANUM HJÁ RITSTJÓRNINNI

**Björk:** Tónlist úr myndinni Drawing Restraint 9, **Dr. Spock:** Dr. Phil, **Pétur W. Kristjánsson:** Gamlar myndir, Tónlist úr myndinni Screaming Masterpiece og **Nine Inch Nails:** With Teeth.

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# *10 ára afmælistónleikar Brims*



Brimbrettahljómsveitin Brim kemur saman aftur á tónlistarhátíðinni Innipúkanum um verslunarmannahelgina. Tilefnið er tíu ára afmæli sveitarinnar en einnig er bassaleikarinn kafteinn Skeggi að flytja til San Francisco í að minnsta kosti þrjú ár, nokkrum dögum eftir hátíðina. Því var ákveðið að grípa tækifærið og halda þessa einu tónleika á Nasa sem verða þeir síðustu á laugardagskvöldinu.

„Það er mjög skemmtilegt að koma aftur saman," segir Bibbi barti. „Það var æfing hjá okkur um daginn og allt gekk frábærlega upp. Við erum búnir að setja búningana í hreinsun og vonandi passa þeir."

Eina plata Brim, Hafmeyjar og hanastél, kom út fyrir níu árum en sveitin var stofnuð í kennaraverkfallinu árið 1995 af þeim Bibba barta, kafteini Skeggja, Danna bít og Óla raka. Brim kom síðast saman fyrir fimm árum sem upphitunarhljómsveit fyrir Man Or Astro-Man á Gauknum og því löngu kominn tími fyrir endurkomu. „Við erum ánægðir með að halda upp á tíu ára afmælið á svona stórum stuðstað. Þetta er partíhljómsveit og það þýðir ekkert að halda upp á afmæli á litlum stað á þriðjudagskvöldi. Við fáum útrás með því að vera stuðsveit því við vorum allir í nýbylgjuhljómsveitum þegar Brim var stofnuð," segir Bibbi. Önnur plata með Brim er ekki fyrirhuguð á næstunni en þeir Bibbi barti og Danni bít eru að undirbúa konsept-plötu sem nefnist Let's Go Surfing Neu! með lögum þýsku hljómsveitarinnar Neu! í brimbrettaútgáfum.

### > Plata vikunnar ...



**ROISYN MURPHY: Ruby Blue**

*„Moloko skapar sína eigin veröld á milli djass og raftónlistar, draums og vöku. Svo syngur hún auðvitað eins og engill líka. Mögnuð frumraun."* **-BÖS**

### > Popptextinn ...

*„The words I slowly put together do not flow easily, they only fill my heart"*



Konungur framúrstefnu kántrísins Will Oldham syngur á angurværan hátt lagið Gratitude á nýjustu plötu Bjarkar, Drawing Restraint.

## [ TOPP 10 ]

*X-IÐ 977*

1. **RASS** Burt með kvótann
2. **CYNIC GURU** Drugs
3. **AUDIOSLAVE** Your Time Has Come
4. **TEAM SLEEP** Ataraxia
5. **GREEN DAY** Wake Me Up When September Ends
6. **THE VIKING GIANT SHOW** Party At The White House
7. **QUEENS OF THE STONE AGE** In My Head
8. **KAISER CHIEFS** Every Day I Love You Less And Less
9. **TRANSPLANTS** Gangsters And Thugs
10. **DR. SPOCK** Condoleezza



**RASS** Hljómsveitin Rass er í efsta sæti X-listans með lagið Burt með kvótann.

## [ SMS ]

**UM NÝJUSTU PLÖTURNAR**

### Helgi Valur: Demise of Faith

„Demise of Faith er ágætis plata með nokkrum fínum lögum. Helgi er greinilega mjög efnilegur tónlistarmaður en hann á enn eftir að skapa sér sinn eigin stíl."

*FB*

### Davíð Smári: You Do Something To Me

„Davíð skilar sínu með sóma en vonandi kemur alvöru sólóplata frá honum sem fyrst þar sem hann syngur ný íslensk dægurlög sem hreyfa betur við manni."

*FB*

### Black Eyed Peas: Monkey Business

„Fylgifiskur Elephunk er öfgafull tilraun til þess að gera metsöluplötu. Hér er verið að reyna of mikið til þess að heilla og fyrir vikið verður heildin hálf aum. Lítið um góða spretti, hrein og klár vonbrigði."

*BÖS*

# Reiðir gamlir menn

**Hljómsveitin Stingandi strá er risin upp við dogg eftir tíu ára Þyrnirósarsvefn og flytur sinfónískt pönk í Galtalæk í kvöld.**

Stingandi strá var stofnuð árið 1992 af þeim Sigvarði Ara og Sævari Ara sem höfðu unnið saman á útvarpi Rót, útvarpsstöð sem eins og nafnið bendir til flutti róttækt efni. „Við hittumst svo einu sinni á kaffihúsi og ákváðum að prófa að spila saman," segir Sigvarður Ari. „Þetta var á Hressó áður en því var breytt í McDonalds. Núna er Hressó aftur orðið Hressó og Stingandi strá aftur orðið að Stingandi strái".

Hrólfur Sæmundsson, stórsöngvari og sumaróperustjóri, gekk svo til liðs við sveitina skömmu síðar. „Það var áhugi við fyrstu sýn," segir Sævar. Hljómsveitin skartar nú nýjum trommuleikara Kjartani Guðnasyni sem spilar líka með hljómsveitunum Ske og Sinfóníuhljómsveit Íslands." „Ákaflega skemmtilegur fýr," segir Hrólfur.

Kjartan gat því miður hvorki verið með í viðtalinu né myndatökunni því hann er með gríðarlega mikið ofnæmi fyrir... grasi og stráum. Það kemur ekki að sök í samstarfinu innan hljómsveitarinnar sem hefur þegar tekið upp nýtt lag „hið afar sumarlega lag Kalt hörund" eins og Sævar orðar það, sem komið er í spilun á útvarpsstöðvum.

### Á undan sinni samtíð

Hljómsveitin komst fljótt að því að tónlist hennar hentar betur á stóra leikvanga en litla sali.

„Þetta er stórt í sniðum allt saman, stórar tónsmíðar og meira kjöt á beinunum en gerist almennt í rokksveitum," segir Sigvarður.

„En samt reynum við alltaf að halda okkur hráum," bætir Hrólfur við.

Sævar telur þá helst vera að blanda saman hráu pönkrokki og stórum hljómsveitarútsetningum.



**STINGANDI STRÁ** Rýfur tíu ára þögn. Þegar þeir tóku sér frí voru þeir reiðir, ungir menn en nú eru þeir gamlir, reiðir menn.

„Þetta er eiginlega eins og sinfónískt pönk." Hljómsveitin fór í tónleikaferðir um víðan völl, meðal annars um Evrópu og sendi frá sér plötu sem hét Umhverfisóður árið 1995. „Nafnið gefur til kynna hvað við erum langt á undan okkar samtíð því þegar platan kom út árið 1995 var lítið farið að tala um umhverfisvernd og umhverfismat," segir Sævar íbygginn.

Starfsemi hljómsveitarinnar hefur nú legið niðri um nokkurt skeið.

„Við spiluðum okkar hinsta gigg á tíu þúsund manna leikvangi í Portúgal í 42 stiga hita og lögðum svo upp laupana tímabundið vegna þess að lífið þeytti okkur í nám og barneignir," segir Hrólfur.

„Við ætluðum samt aldrei að hætta alveg en einhvern veginn liðu tíu ár," segir Sævar. „Við höfum alltaf verið að tala um að gera eitthvað en aldrei fundið okkur fyrr en núna."

### Sinfóniskt fjölskyldupönk

Sinfóníska pönksveitin Stingandi strá kýs að koma saman á ný í Galtalæk, á fjölskylduskemmtun.

„Já, við erum allir meira eða minna fjölskyldumenn," segir Hrólfur að bragði. „Svo eru þarna líka kjöraðstæður fyrir okkur," segir Sævar. „Þetta eru útitónleikar og stórt svið og kominn tími til að fjölskyldufólk fái að heyra Sinfónískt pönk eins og það gerist best." Á sviðinu verður bara hljómsveitin til að byrja með en þeir lofa óvæntum uppákomum þegar líður á tónleikana. „Þetta verður rokksjó og fólk má eiga alltaf von á uppákomum í kringum tónleikana hjá okkur." Endurkoma Stingandi strás verður opnunaratriði hátíðarinnar í Galtalæk en hvergi nærri svanasöngur hennar. „Nei, þetta gengur allt svo vel hjá okkur að við ætlum að halda ótrauðir áfram," segir Hrólfur. „Við sem vorum einu sinni reiðir ungir menn erum hins vegar orðnir reiðir, gamlir menn og ætlum þess vegna bara að spila þar sem okkur langar, tala bara við skemmtilega blaðamenn og gera bara það sem okkur sýnist." Hljómsveitin á fullt af nýju efni sem verið er að taka upp og má því búast við heilmiklum hamagangi og sinfónísku pönki á hverju strái í vetur. ■

# Corgan móðgaðist



Billy Corgan, fyrrum forsprakki Smashing Pumpkins, strunsaði burt af sviðinu á tónleikum sínum í Melbourne á dögunum. Þegar áheyrendur vildu hvað eftir annað fá að heyra gamla slagara með Smashing Pumpkins sármóðgaðist Corgan og lét sig hverfa.

Corgan er um þessar mundir á tónleikaferð um Ástralíu til að fylgja eftir sinni fyrstu sólóplötu, The Future Embrace. Nýverið lýsti hann því yfir að hann vildi endurvekja Smashing Pumpkins og tók fyrrum trommari sveitarinnar, Jimmy Chamberlain, vel í þá hugmynd.

# Moby grefur stríðsöxina

Tónlistarmaðurinn Moby segist loksins geta borið virðingu fyrir rapparanum Eminem eftir að hann gagnrýndi George W. Bush, Bandaríkjaforseta og Íraksstríðið á síðustu plötu sinni.

Eminem gerði á sínum tíma grín að Moby í laginu Without Me af plötunni The Eminem Show og í myndbandi sem fylgdi í kjölfarið. Einnig kallaði Eminem Moby stelpu við afhendingu MTV-verðlaunanna árið 2002. „Ef hann hættir í rappinu held ég að tónlistarheimurinn yrði veikari fyrir vikið," sagði Moby í nýlegu viðtali og virðist þar með hafa grafið stríðsöxina.






Sjónvarpsstöðin Sirkus er alltaf í ólæstri dagskrá. Stöðin er á rásinni þar sem Popp Tíví var áður. Popp Tíví er á annarri rás á Digital Ísland.

# Vinsælasta tónlistin á Íslandi




5. sæti*

1.999kr
Alm. verð 2.499-

Á MÓTI SÓL - Hin 12 topplögin




4. sæti*

1.999kr
Alm. verð 2.499-

RAGGI BJARNA - Með hangandi hendi

1.499kr Alm. verð 2.399- 13. sæti*

SNOOP DOGG R&G-The masterpiece

1.499kr Alm. verð 2.399- 11. sæti*


SYSTEM OF A DOWN-Mesmerize

1.499kr Alm. verð 2.399- 9. sæti*

GORILLAZ-Demon days

1.999kr Alm. verð 2.499- 7. sæti*

HILDUR VALA

1.999kr Alm. verð 2.499- 3. sæti*

EMILÍANA TORRINI-Fisherman´s woman

1.999kr Alm. verð 2.499- 1. sæti*

KK OG MAGGI EIRÍKS-Fleiri ferðalög

1.999kr Alm. verð 2.499- 14. sæti*

TRABANT-Emotional

1.999kr Alm. verð 2.499- 12. sæti*

MUGISON-Mugimama is this monkey music

1.499kr Alm. verð 2.399- 10. sæti*

FOO FIGHTERS-In your honour

1.999kr Alm. verð 2.499- 8. sæti*

ÝMSIR-Sumarpartý

1.499kr Alm. verð 2.399- 6. sæti*

COLDPLAY-X & Y

1.999kr Alm. verð 2.499- 2. sæti*

SVONA ER SUMARIÐ 2005

*Samkvæmt íslenska tónlistanum

Gildir til 4. ágúst eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

PÓSTVERSLUN HAGKAUPA
www.hagkaup.is
grænt númer 800 6680
sími 568 2255


FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**NOTA SMOKKINN** Jón Þór Þorleifsson í Samtökunum '78 ásamt Gunnhildi Gunnarsdóttur, þáttastjórnanda Djúpu laugarinnar, en þau taka þátt í að dreifa smokkum á Gay Pride.

# Ókeypis smokkar á skemmtistöðum

„Það hefur valdið okkur áhyggjum hversu mikið kæruleysi ríkir í kynlífinu hér á landi. Smokkanotkun hefur farið minnkandi og klamydían breiðist hratt út,“ segir Jón Þór Þorleifsson í Samtökunum '78 en átakinu „Notum smokkinn“ var hrint af stað í gær. „Ég tók eftir því í London að smokkum er dreift ókeypis á skemmtistöðum samkynhneigðra og því ákváðum við að kanna hvort ekki væri hægt að gera slíkt hið sama hér heima. Við byrjum að dreifa smokkunum í Gay Pride göngunni að viku liðinni en beinum átakinu jafnt að samkynhneigðu, gagnkynhneigðu og tvíkynhneigðu fólki.“

50.000 smokkum og 25.000 pökkum af sleipiefni verður dreift í Reykjavík á næstu sex mánuðum. „Það eru tveir smokkar og sleipiefni í hverjum pakka og þetta kemur til með að verða stærsta smokkadreifing sem ráðist hefur verið í á Íslandi. Skjár einn er helsti styrktaraðili átaksins og við hefðum ekki getað þetta án þess því eins og allir vita eru smokkar það dýrir að þeir flokkast nánast undir munaðarvöru.“

Ingi Rafn Hauksson frá Alnæmissamtökunum fagnar átakinu og segir það einmitt helsta umkvörtunarefni unglinga, þegar samtökin fara í skólana með fræðslu, hversu erfitt sé að nálgast smokka hér á landi og hversu dýrir þeir eru.

Gámur fullur af smokkum er væntanlegur til landsins á mánudaginn en auk þess að dreifa smokkunum í Gay Pride göngunni verða þeir í boði á skemmtistöðum borgarinnar. Að verkefninu standa auk Samtakanna '78 Landlæknisembættið, Alnæmissamtökin og FSS - félag samkynhneigðra, tvíkynhneigðra og kynskiptra stúdenta.

# Annie-kötturinn týndur

Sá sorglegi atburður gerðist á þriðjudag að kettlingurinn Loki hvarf að heiman. Eigendur hans eru Sverrir Guðjónsson tónlistarmaður og Elín Edda Árnadóttir búningahönnuður en þau vinna bæði við söngleikinn Annie. „Ég sá um að þjálfa leikarana í Annie í söng hérna heima í Grjótaþorpinu og Loka tókst að heilla alla upp úr skónum. Það eru því margir sem sakna hans,“ segir Sverrir.

Litli loðhnoðrinn er aðeins þriggja mánaða gamall og var nýfæddur þegar söngvararnir í Annie hófu æfingar. „Þegar Fréttablaðið tók myndir af aðalleikkonunum fyrir um mánuði síðan voru þær staddar á æfingu hér hjá mér,“ segir Sverrir. „Þá vorum við nýbúin að fá Loka og hann var að skottast um. Stúlkunum fannst hann svo fallegur að þær gátu ekki sleppt honum og voru allar með hann á myndunum með sér.“

Loki er nýlega farinn að fá að fara út að leika sér og Sverri þykir líklegast að hann hafi gleymt sér og farið of langt frá húsinu. „Hann hefur sennilega ekki ratað heim en hann er afar gæfur og við erum að vona að eitthvert barn hafi fundið hann og tekið með sér heim.“

Sverrir og Elín Edda eru alveg í öngum sínum vegna missisins. „Þetta er sérstaklega sárt því við Elín Edda björguðum Loka frá því að vera lógað,“ segir Sverrir. „Fólkið sem átti hann var að flytja og gat gefið systkini hans tvö til Þýskalands en enginn vildi taka Loka. Þegar við fréttum af þessum fannst okkur við verða að taka hann að okkur,“ segir Sverrir.

„Við höfum alltaf átt ketti og eigum annan kött sem er læða og heitir Loppa. Hún var nú ekkert sérstaklega hrifin af Loka fyrst, var pirruð á honum og hvæsti.“ Sverrir segir sambúðina þó hafa verið farna að ganga betur og vill hvetja alla sem eiga leið um Grjótaþorpið og nágrenni að hafa augun opin fyrir Loka litla. „Hann er dökkgrár og einlitur en þó með ljósgrárri hár á bakinu. Hann er smár vegna ungs aldur og er ekki með ól.“

Ef einhver sér Loka er sá hinn sami vinsamlegast beðinn um að láta Sverri og Elínu Eddu vita, en þau búa á Grjótagötu 6 og eru í síma 551-5802. ■


FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**LOKI OG SOLVEIG** Hér sést litli kettlingurinn hann Loki í fanginu á Solveigu sem leikur Annie í samnefndum söngleik.






## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Shar Jackson**, barnsmóðir **Kevins Federline**, tilkynnti í *New York Post* fyrir nokkrum dögum að Kevin hefði ekki mætt í fyrsta afmæli sonar þeirra, **Kaleb**. „Dagurinn leið og hann hvorki kom í heimsókn, sendi gjöf né hringdi,“ sagði leikkonan Shar. Hún hefur sést á stefnumótum með leikstjóranum Quentin Tarantino undanfarið en hann var ekki heldur sjáanlegur í afmælisveislunni. Kevin er hins vegar eins og flestir vita kvæntur poppprinsessunni **Britney Spears.**



Í öðrum fréttum af **Kevin og Britney** þá voru þau í myndatöku fyrir *Interview*-tímaritið nýlega. Þar brugðu þau sér í hlutverk hástéttarfólks og þjóna. Kevin sagði í viðtali áður en blaðið kom út að forsíða þess yrði sennilega tvöföld svo hjónin fengju bæði sitt pláss á henni. En þegar blaðið kom út voru þau ekki einu sinni á forsíðunni og Britney varð alveg brjáluð. „Þetta er fáránlegt, við hefðum alveg eins getað sleppt þessu!,“ sagði Britney bálreið.



**Pete Doherty**, söngvari *Babyshambles*, var laminn í götuslagsmálum í síðustu viku. Söngvarinn, sem er þó mun frægari fyrir að vera kærasti **Kate Moss**, er vegna atviksins á síðasta sjéns hjá fyrirsætunni fögru. „Ég elska Pete ennþá en ég þoli ekki þessa óútreiknanlegu hegðun,“ er haft eftir Moss. „Það er ekki eins og ég sé sautján ára og bara að leika mér. Ég er fullorðin kona og hef skyldum að gegna.“



# Tvær plötur frá Prodigy

Íslandsvinirnir í Prodigy ætla að gefa út tvær plötur á næstunni. Hinn 26. september kemur út safnplatan Their Law: The Singles, sem hefur að geyma öll smáskífulög sveitarinnar.

Á næsta ári kemur síðan út ný hljóðversplata. Sjö ár liðu á milli platnanna The Fat of the Land og Always Outnumbered, Never Outgunned sem kom út í fyrra og virðist sem sú bið hafi gert Liam Howlett og félögum gott. „Núna erum við þrír farnir að vinna aftur eins og mannsekjur með því að vera á tónleikaferð og semja ný lög. Ég sem á ferðatölvuna mína þannig að við höfum verið að spila nýtt efni,“ sagði Howlett. „Við ætluðum að setja fullt af nýjum lögum á safnplötuna en síðan fannst okkur þau það góð að þau ættu skilið að vera á nýju plötunni. Það tekur nokkra mánuði í viðbót að klára hana en við vonumst eftir að hún komi út í lok næsta árs.“ ■



**PRODIGY** Íslandsvinirnir miklu gefa út safnplötu 26. september.

# Framleiðendur Sopranos bíða eftir svari

Ráðamenn í bænum Boonton í New Jersey íhuga um þessar mundir hvort leyfa eigi framleiðendum sjónvarpsþáttanna The Sopranos að taka þar upp fyrir næstu þáttaröð.

Í einum þætti af Sopranos sem hefur þegar verið sýndur var morð framið í bænum þrátt fyrir að atriðið hafi ekki einu sinni verið tekið þar upp. Kvörtuðu margir íbúar bæjarins yfir innihaldi þáttarins.

Ráðamenn í Boonton óttast áhrifin sem þátttaka í þættinum gæti haft á bæjarlífið. Óttast þeir umferðaröngþveiti, slæm áhrif á efnahaginn og að ímynd bæjarins skaðist.

Næsta þáttaröð af Sopranos, sem verður sýnd í Bandaríkjunum á næsta ári, verður sú síðasta í röðinni. Þættirnir, sem fjalla um mafíuforingjann Tony Soprano, hafa verið gríðarlega vinsælir síðan þeir fóru í loftið árið 1999.



**TONY SOPRANO** Þættirnir um Sopranos-fjölskylduna hafa notið gífurlegra vinsælda undanfarin ár.



**BLOOM OG BOSWORTH** Þau eru sögð vera enn saman og ekkert til í þeim gróusögum að Bloom sé tekinn saman við Siennu Miller.

# Orlando enn skotinn í Kate

Systir Orlando Bloom segir ekkert til í þeim sögusögnum að hann og Sienna Miller séu eitthvað að stinga saman nefjum. Hún segir leikarann enn vera skotinn í Kate Bosworth og þau enn saman.

Eins og greint var frá nýverið sást til Orlando og Siennu þar sem þau létu vel hvort að öðru. Systirin segir þetta vera mjög eðlilegt því svona láti Orlando við alla vini sína. Samband Orlando og Kate hefur þó ekki verið neinn dans á rósum því í janúar síðastliðnum sleit Kate sambandinu svo að þau gætu bæði einbeitt sér að ferlinum. Vefsíðan imdb.com greindi frá því í mars að til þeirra hefði sést á nýjan leik. Í síðasta mánuði flaug svo Orlando til Sydney þar sem fregnir bárust af því að Kate væri að slá sér upp með aðstoðarleikstjóra Superman Returns.

# Ánægður með Godrich

Paul McCartney segir að samstarfið með upptökustjóranum Nigel Godrich á fyrstu plötu Pauls í fimm ár hafi minnt hann á árin sín í Bítlunum.

Godrich, sem er þekktastur fyrir að taka upp plötuna OK Computer með Radiohead, fær góða dóma hjá McCartney. „Þetta var eins og að starfa með hljómsveit en ekki upptökustjóra. Það er erfitt að feta í fótspor John og George. Í Bítlunum höfðum við fjögur atkvæði. Ef Ringo líkaði ekki eitthvað frá John og mér gat hann kosið það í burtu. Nigel hafði þetta sama atkvæði hjá mér,“ sagði McCartney.














## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Daisy Wright**, barnfóstran sem **Jude Law** svaf hjá, hefur nú varað **Siennu Miller** við honum í breskum fjölmiðlum. „Ég segi Siennu það sama og öðrum vinum mínum – hann gerir þetta aftur," sagði Daisy. Hún heldur því fram að aðeins tveimur dögum áður en hún sagði frá framhjáhaldinu hafi Jude hringt í sig og boðið sér á kaffihús. „Ég hafnaði því tilboði en ákvað að segja frá því sögu minni í blöðunum í staðinn."



Leikkonan **Hilary Duff** hefur nú staðfest að hún sé í föstu sambandi við söngvara *Good Charlotte*, **Jole Madden**. Hilary verður átján ára eftir tvo mánuði en hún hefur hingað til haldið sambandinu leyndu vegna þess að Joel er 26 ára og samband þeirra er ólöglegt í Bandaríkjunum þangað til hún verður átján ára. „Ég er mjög hamingjusöm núna," sagði ungpían. „Ég held að hann sé það líka. Ég er mjög heppin að hafa náð í hann."








**JULIETTE & THE LICKS** Leikkonan Juliette Lewis kemur fram á Iceland Airwaves í haust.

# Juliette & The Licks á Airwaves

Rokksveitin Juliette & The Licks spilar á Iceland Airwaves-hátíðinni sem verður haldin í Reykjavík dagana 19. til 23. október.

Leikkonan Juliette Lewis, sem meðal annars hefur leikið í Natural Born Killers og Cape Fear, stofnaði hljómsveitina árið 2003 og hefur hún gefið út tvær plötur. Sú seinni, You're Speaking My Language, kom út í vor.

Sveitin, sem spilar á sérstöku kvöldi breska tímaritsins Kerrang!, er í miklu uppáhaldi hjá tímaritinu. Meðal annars verður Lewis kynnir á Kerrang!-verðlaunahátíðinni í ágúst. Þetta er í annað sinn sem þetta virta rokkrit er með kvöld á hátíðinni, en í fyrra voru Mínus, Yourcodenameis:milo, Sign og Dr. Spock meðal þeirra hljómsveita sem tróðu upp.

Umsóknarfrestur fyrir þá innlenda listamenn sem vilja koma fram á Iceland Airwaves rennur út 10. ágúst. Allir sem vilja taka þátt í hátíðinni eru hvattir til að senda inn umsókn sem allra fyrst.






# Síðustu tónleikar Mínus í bili

„Þetta verða sérstakir tónleikar því í bland við spánný lög ætlum að spila lög sem við höfum ekki spilað í fimm eða sex ár,“ segir Frosti hljómsveitarmeðlimur Mínuss en strákarnir halda tónleika á Gauknum í kvöld. „Til að setja meiri þunga í vinnslu á næstu plötu höfum við ákveðið að þetta verði síðustu tónleikar okkar þar til næsta plata kemur út. Vonandi getum við staðið við það en í kvöld komum við til með að spila efni af Halldór Laxness, Jesus Christ Bobby og Hey Johnny auk þess að spila nokkur af fyrstu lögum sem við sömdum og gáfum aðeins út í nokkrum kynningareintökum.“

Mínus kom síðast fram er þeir hituðu upp fyrir tónleika Foo Fighters í byrjum mánaðarins. „Það var rosaleg upplifun,“ segir Frosti sem hefur verið duglegur að sækja tónleikaviðburði sumarins hér heima. „Ég fór á Queens of the Stone Age og skemmti mér þvílíkt vel en Duran Duran eru bestu tónleikar sem ég hef farið á á Íslandi. Algjört nostalgíutripp.“

Frosti segir Mínusmenn ætla að dvelja í Reykjavík um verslunarmannahelgina og fara á Innipúkann sem hefst á laugardagskvöld. „Við ákváðum að halda tónleikana okkar á Gauknum í kvöld því þá er ekkert að gerast í bænum. Svo ætlum við að þyrpast á Innipúkann og ég er mjög spenntur fyrir því að sjá hljómsveitina Blonde Readhead.“



**KRUMMI** Mínusmenn verða með tónleika á Gauknum í kvöld og spila nýtt efni í bland við fyrstu frumsömdu lögin.

Frosti segir Mínusmenn ekki vera mikið fyrir tjöld og útilegustemningu. „Reyndar spiluðum við á Þjóðhátíð í fyrra og skemmtum okkur ótrúlega vel. Enginn okkar hafði upplifað Þjóðhátíð áður og ég varð meira að segja eftir í Eyjum því mér fannst svo gaman. Veðrið var mjög gott og Egó spilaði svo þetta gat ekki verið betra.“

Mínusmenn ætla að taka sér góðan tíma og nostra við næstu plötu. „Þetta gerist allt í rólegheitunum, hægt en örugglega. Við erum að prófa okkur áfram og tónlistin breytist alltaf töluvert og þróast milli platna. Við ætlum að segja þetta gott af spilamennskunni í bili svo næsta plata fái alla þá athygli sem hún þarf.“ ■

# Jolie vill ættleiða fleiri börn

Angelina Jolie er ekki hætt að ættleiða börn. Hún ættleiddi nýlega stúlkubarn frá Eþíóbíu en nú virðist hugur hennar stefna til Rússlands. Ananova.com greinir frá því að dr. Ron Federici, ættleiðingarsérfræðingur Jolie, hafi sagt að Angelina sé að leita að barni og útiloki ekki að Jolie-fjölskyldan stækki enn frekar. „Hún vill gera það sem er rétt fyrir þessi börn. Þú þarft ekki að vera ríkur til þess að ættleiða barn frá Afríku og þú getur bjargað mannslífum,“ hefur vefurinn eftir Federici. ■



**JOLIE OG MADDOX** Líklegt þykir að Maddox eignist enn fleiri systkini en hann á fyrir litla systur frá Eþíópíu.




# Sálarfullur rafdjassgeggjari

**[ TÓNLIST ]**

**UMFJÖLLUN**

Ég hef verið skotinn í Roisin Murphy frá því að ég sá mynd af henni í rauðhettupallíettubúningi á umslagi plötu númer tvö frá Moloko. Núna var stúlkan að gefa út sína fyrstu sólóplötu. Svo er eins og djassguðinn hafi blessað stúlkuna með sál Billie Holiday. Þegar hún syngur kafar hún djúpt inn í mann, og metur hvort maður sé heil manneskja eða ekki. Sem sagt, yndisleg kona. Ég ætti kannski að fara að grafa upp númerið hennar? Hvað haldið þið?

Það er súrsætt að vita til þess að Moloko sé jafnvel hætt en á sama tíma yndislegt að þessi kona gefi aðdáendum sínum loksins nýja hlið af sér. Hún vandaði valið vel þegar kom að því að velja samstarfsfólk, og sérvitringurinn og rafdjassgeggjarinn Matthew Herbert sá um að skapa tónlistina utan um rödd hennar. Platan er hvergi jafn aðgengileg og fyrri verk Moloko. Þó að tónlistin sé alls ekki í ljósára fjarlægð frá því sem hún hefur gert áður, er meira rými hér fyrir tilraunamennsku. Þetta hljómar á köflum eins og það hefðu vaxið brjóst á Tom Waits og hann hefði ákveðið að færa sig meira út í elektróník. Ekki búast við því að ná þessari plötu við fyrstu hlustun, en hún á eftir að verðlauna þolinmóða ríkulega. Lög á borð við Sinking Feeling, Night of the Dancing Flame og hið frábæra Ramalama (bang bang) eru nógu stórkostleg til þess að færa þessari plötu fjórar stjörnur. Vel gert Roisin, þú ert sannur listamaður. Koddu í sleik!

**Birgir Örn Steinarsson**




**ROISIN MURPHY: RUBY BLUE**

**NIÐURSTAÐA:** FYRSTA SÓLÓPLATA ROISIN MURPHY ER MJÖG LIFANDI OG FALLEGT VERK.



**KIMONO** Spilar í garðinum við Sirkus klukkan 17 á laugardag.

# Kimono með garðtónleika

Hljómsveitin Kimono, sem gefur á næstunni út plötuna Arctic Death Ship, spilar á litlum tónleikum í garðinum við barinn Sirkus klukkan 17.00 á laugardag.

Með í för verður bandaríski plötusnúðurinn Filastine og hljómsveitin The Heavycoats. Filastine kemur frá Seattle og spilar hip-hop takta og blandaða raftónlist. The Heavycoats á ættir sínar að rekja til Baltimore og spilar rokk í anda Interpol og The Killers. Enginn aðgangseyrir er á tónleikana. Flóamarkaður Sirkus verður opinn til klukkan 17.00 og því um að gera fyrir tónlistaráhugamenn að slá tvær flugur í einu höggi og mæta fyrr á staðinn. ■

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„I'm waiting for the Easter Wabbit, and when he comes in with his wittle basket all fwuffy and cute... BANG. Easter Wabbit stew. He he he he."**

**Svar:** Elmer Fudd úr kvikmyndinni Easter Yeggs árið 1947.

# dagskrá

## Við tækið Lilja Katrín Gunnarsdóttir fékk hland fyrir hjartað yfir helgardagskránni

# Takk fyrir og góða nótt

Ég elska að vakna á hátíðisdögum. Þá hellist yfir mig sú tilfinning að vera í fríi og þurfa að gera akkúrat ekki neitt og - að geta horft á sjónvarpið eins og mér sé borgað fyrir það.

Á hátíðisdögum er alltaf lagt upp úr góðri dagskrá til að skemmta fólki enda löngu sannað að fólk getur ómögulega talað mikið saman eða gert nokkurn skapaðan hlut án blessaðs imbakassans. Á hátíðisdögum eru sýndar íslenskar bíómyndir í Sjónvarpinu, nýjar og oft góðar, bíómyndir á Stöð 2 og jafnvel ein eða tvær áhugaverðar heimildarmyndir inn á milli.

Nú er ein stærsta ferðahelgi ársins eiginlega hafin. Fólk að streyma út úr bænum og sýna sig og sjá aðra. Sumir hella sig blindfulla. Aðrir ganga á fjöll og enn aðrir njóta náttúrunnar í faðmi fjölskyldunnar. Ég aftur á móti ætla að vera heima.

Og því heimta ég gott sjónvarp.

Ég var alveg viss um að sjónvarpsstöðvar landsins mundu ekki bregðast mér um þessa helgi því fyrir mér er verslunarmannahelgi eins og hver önnur hátíð. Hún ber í það minnsta öll einkenni stórhátíðar - stress, kaupæði, fyllerí, gítarspil og fullt af mat.

Því varð ég vægast sagt fyrir miklu sjokki þegar ég las dagskrána fyrir helgina. Fékk meira að segja hland fyrir hjartað - hvernig svo sem sú tilfinning er, hún er örugglega ekki góð.



**TEENAGE MUTANT NINJA TURTLES** Flaggskip Stöðvar 2 á föstudagskvöldið. Er ekki allt í lagi?!

Dagskráin er alveg eins og um allar helgar - LÉLEG! Gamlar, bandarískar, endursýndar, leiðinlegar, væmnar og fyrirsjáanlegar bíómyndir á Stöð 2, sömu gömlu leiðinlegu þættirnir á Skjá einum og samtíningur í Sjónvarpinu eins og vanalega. Hvað er að? Ég er ekki frá því að ég haldi mína eigin útihátíð um helgina úti á vídeóleigu. Takk fyrir og góða nótt. Ég skal fara á fætur þegar íslenskar sjónvarpsstöðvar gefa mér eitthvað fyrir peninginn.



▶ 21.40 BÍÓ

BREAKDOWN



▶ 20.30 SÖNGUR

ÞAÐ VAR LAGIÐ



▶ 21.00 TÓNLEIKAR

U2 LIVE IN BOSTON



▶ 21.30 LÍFSSTÍLL

MTV CRIBS



▶ 16.50 ÍÞRÓTTIR

DC UNITED - CHELSEA

## SJÓNVARPIÐ

**13.30** HM í sundi. Bein útsending frá keppni í undanrásum í Montreal. **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Bitti nú! (17:26)

**18.30 Ungar ofurhetjur (11:26)** (Teen Titans)
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljósið**
**20.10 Tsatsiki – Vinir að eilífu** (Tsatsiki – Vänner för alltid) Sænsk fjölskyldumynd frá 2001 um strákinn Tsatsiki og ævintýri hans.
▶ **21.40 Bilun** (Breakdown) Bandarísk spennumynd frá 1997 um mann í leit að konunni sinni sem hverfur með dularfullum hætti eftir að bíll þeirra bilar á fáförnum slóðum. Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en 16 ára.

**23.10** Gullmót í frjálsum íþróttum **1.10** HM í sundi **3.10** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Ísland í bítið **12.20** Neighbours **12.45** Í fínu formi

**13.00** Perfect Strangers (101:150) **13.25** 60 Minutes II 2004 **14.10** The Guardian (19:22) **14.55** Jag (15:24) (e) **15.40** Bernie Mac 2 (20:22) (e) **16.00** Barnatími Stöðvar 2 (He Man, Beyblade, Shin Chan, Finnur og Fróði) **17.30** Simpsons
**17.53 Neighbours**

**18.18 Ísland í dag**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 Ísland í dag**
**19.35 Simpsons**
**20.00 Joey (23:24)**
▶ **20.30 Það var lagið**
**21.30 Two and a Half Men (14:24)** Charlie Harper er piparsveinn sem skyndilega verður að hugsa um fleira en hið ljúfa líf.
**21.55 Osbournes (3:10)** (Osbourne-fjölskyldan)
**22.20 Poolhall Junkies** (Kræfur með kjuðann) Dramatísk spennumynd. Stranglega bönnuð börnum.
**23.50 Little Man Tate** (e)

**1.25** Angel Eyes **3.05** Fréttir og Ísland í dag **4.25** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SIRKUS

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 Seinfeld 3**
**19.30 Íslenski listinn** Jónsi í Svörtum Fötum fer með okkur í gegnum vinsælustu lög vikunnar og tekur púlsinn á öllu því heitasta í dag.
**20.00 Seinfeld 3**
**20.30 Friends 2 (1:24)**
▶ **21.00 U2 Live in Boston.**
**22.35 Kvöldþátturinn** (brot af því besta) Brot af því besta úr Kvöldþáttum vikunnar.

**23.20** David Letterman **0.05** David Letterman **0.50** Friends 2 (1:24) **1.15** Kvöldþátturinn **2.00** Seinfeld 3

## SKJÁREINN

**18.00 Cheers**
**18.30 Worst Case Scenario (e)**
**19.15 Þak yfir höfuðið (e)**
**19.30 Still Standing (e)**
**20.00 Ripley's Believe it or not!** Í
**20.50 Þak yfir höfuðið** Umsjón hefur Hlynur Sigurðsson.
**21.00 Wildboyz** Í þáttunum Wildboyz heimsækja Steve O og Chris Pontius ólík lönd.
▶ **21.30 MTV Cribs**
**22.00 Tremors** Hjá íbúum Dýrðardals (Perfection Valley) Nevada gengur lífið sinn vanagang flesta daga. Nema þegar Ormurinn hvíti, hinn 10 metra langi þorpsormur rumskar af værum svefni og þarf að fá sér að borða.
**22.45 Everybody loves Raymond (e)** B

**23.15** The Swan (e) **0.00** Dead Like Me (e) **0.45** Tvöfaldur Jay Leno (e) **2.15** Óstöðvandi tónlist

## SÝN
besta sætið

▶ **16.50** DC United – Chelsea

**18.30 Gillette-sportpakkinn**
**19.00 Motorworld** Kraftmikill þáttur um allt það nýjasta í heimi akstursíþrótta.
**19.30 Mótorsport 2005**
**20.00 World Supercross** (RCA Dome) Nýjustu fréttir frá heimsmeistaramótinu í Supercrossi.
**21.00 World Poker Tour 2** (HM í póker) Slyngustu fjárhættuspilarar veraldar mæta til leiks á HM í póker
**22.30 K-1** Það er ekkert gefið eftir þegar bardagaíþróttir eru annars vegar. Hér mætast sannkölluð hörkutól í sparkboxi, karate og fjölmörgum öðrum greinum sem allar falla undir bardagaíþróttir.

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Our Lips Are Sealed **8.00** Four Weddings And A Funeral **10.00** Einkalíf **12.00** Just For Kicks **14.00** Our Lips Are Sealed **16.00** Four Weddings And A Funeral **18.00** Einkalíf **20.00** Just For Kicks **22.00** The Tuxedo (Bönnuð börnum) **0.00** Tart (Bönnuð börnum) **2.00** One Hour Photo (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** The Tuxedo (Bönnuð börnum)

## OMEGA

**7.00** Joyce Meyer **7.30** Benny Hinn **8.00** Sherwood Craig **8.30** Um trúna og tilveruna **9.00** Maríusystur **9.30** Blandað efni **10.00** Joyce Meyer **10.30** T.D. Jakes **11.00** Robert Schuller **12.00** Samverustund (e) **13.00** Joyce Meyer **13.30** Blandað efni **14.30** Ron Phillips **15.00** Kvöldljós **16.00** Joyce Meyer **16.30** Blandað efni **17.00** Dr. David Cho **17.30** Freddie Filmore **18.00** Mack Lyon **18.30** Joyce Meyer **19.00** CBN fréttastofan – fréttir á ensku **20.00** Vatnaskil Hvítasunnukirkjan Fíladelfía **21.00** Mack Lyon Í leit að vegi Drottins **21.30** Acts Full Gospel **22.00** Joyce Meyer **22.30** Blandað efni

## E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** Hotspot Hollywood Roosevelt Hotel **13.30** Life is Great with Brooke Burke **14.00** Style Star **14.30** Extreme Close-Up **15.00** The E! True Hollywood Story **16.00** 101 Most Awesome Moments in... **17.00** Dr. 90210 **18.00** E! News **18.30** Gastineau Girls **19.00** E! Entertainment Specials **20.00** High Price of Fame **21.00** Style Star **22.00** E! Entertainment Specials **23.00** E! News **23.30** Gastineau Girls **0.00** Wild On **1.00** 101 Most Awesome Moments in...

## AKSJÓN

**7.15** Korter

## POPP TÍVÍ

Tónlist allan daginn - alla daga



AKTU TAKTU • SKÚLAGÖTU • FELLSMÚLA • MJÓDD • GARÐABÆ

## VIÐ MÆLUM MEÐ...

Wildboyz — Skjár einn **kl. 21.00**

*Þátturinn var mjög vinsæll á MTV.*

### *Rugludallarnir úr Jackass*

Hér er á ferð þáttur sem hóf göngu í sína í síðustu viku á SKJÁEINUM. Hann er frá sjónvarpsstöðinni MTV og fjallar um rugludallana úr Jackass, Steve-O og Chris Pontius, og ferðalög þeirra um heiminn.
Félagarnir ferðast vítt og breitt um heiminn með gálgahúmor og g-streng að vopni og skoða mismunandi menningarheima og framandi dýr. Þeir hafa einstaklega mikinn áhuga á dýrum en í flestum tilvikum hafa dýrin ekki eins mikinn áhuga á þeim - þótt þeir séu bráðfyndnir.



Steve-O og Chris Pontius.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**7.03** Morgunútvarpið – Umsjón: Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir og Sigurjón M. Egilsson. **9.03** Margrætt með Ásdísi Olsen. **10.03** Morgunstund með Sigurði G.

**12.15** Hádegisútvarpið – Umsjón: Sigmundur Ernir Rúnarsson. **13.01** Hrafnaþing **14.03** Birta – Umsjón: Ritstjórn Birtu. **15.03** Allt og sumt **17.59** Á kassanum – Illugi Jökulsson.

**19.30** Úrval úr Morgunútvarpi e. **20.00** Margrætt með Ragnheiði e. **21.00** Á kassanum e. **21.30** Hádegisútvarpið e. **22.00** Morgunstund með Sigurði G. e.

**00.00** Hrafnaþing e. **01.00** Birta e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**7.30** Morgunvaktin **8.30** Árla dags **9.05** Óskastundin **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Frakkneskir fiskimenn á Íslandi **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.20** Hádegisfréttir **13.00** Sakamálaleikrit : Næturgesturinn **13.15** Sumarstef **14.03** Útvarpssagan: Stjórnlaus lukka **14.30** Miðdegistónar **15.03** Útrás **16.13** Lifandi blús **17.03** Víðsjá

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Plötuskápurinn **19.40** Útrás **20.30** Kvöldtónar **21.00** Hljómsveit Reykjavíkur **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Pipar og salt

**23.00** Kvöldgestir

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.30** Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari Jónassyni **10.03** Brot úr degi

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **20.00** Ungmennafélagið **22.10** Næturvaktin

**2.03** Næturtónar **6.05** Morguntónar

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**9.03** ÓLAFUR HANNIBALSSON **10.03** RÓSA INGÓLFSDÓTTIR **11.03** ARNÞRÚÐUR KARLSDÓTTIR

**12.25** Meinhornið (endurfl. frá laug.) **12.40** MEINHORNIÐ **13.05** JÖRUNDUR GUÐMUNDSSON **14.03** KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR

**15.03** ÓSKAR BERGSSON **16.03** VIÐSKIPTAÞÁTTURINN **17.05** GÚSTAF NÍELSSON **18.00** Meinhornið (endurfl) **19.40** Endurflutningur frá liðnum degi.

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying

## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**CNN INTERNATIONAL**
Fréttir allan sólarhringinn.

**FOX NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**EUROSPORT**
**12.00** Volleyball: World Grand Prix Baku **12.30** Beach Volley: World Tour France **13.30** Swimming: World Championship Montreal Canada **16.00** Beach Volley: World Tour France **17.00** All sports: WATTS **17.30** Football: UEFA European Under-19 Championship Northern Ireland **19.30** FIA World Touring Car Championship By Lg: Spa **19.45** Wrestling: TNA Impact USA **20.45** Freestyle Motocross: US Tour Phoenix **21.15** Xtreme Sports: Yoz Xtreme **21.45** News: Eurosportnews Report **22.00** Swimming: World Championship Montreal Canada

**BBC PRIME**
**12.00** Popcorn **12.50** Teletubbies **13.15** Tweenies **13.35** Fimbles **13.55** Balamory **14.15** El Nombre **14.20** Yoho Ahoy **14.25** Bill and Ben **14.35** Blue Peter Flies the World **15.00** Antiques Roadshow **15.30** Perfect Holiday **16.00** Animal Park **17.00** Rick Stein's Food Heroes **17.30** Mersey Beat **18.30** Mastermind **19.00** Blackadder II **19.30** 3 Non-Blondes **20.00** I'm Alan Partridge **20.30** Top of the Pops **21.10** How to Be a Prince **22.10** Cutting It **23.00** A History of Britain **0.00** British Isles: A Natural History **1.00** Greek Language and People

**NATIONAL GEOGRAPHIC**
**12.00** Paranormal?: Lake Monsters **13.00** Paranormal?: Ghosts **14.00** Paranormal?: Police Psychics **15.00** Paranormal?: Animal Oracles **16.00** Paranormal?: X-men **17.00** Paranormal?: Lake Monsters **18.00** Paranormal?: Ufos **19.00** Paranormal?: Animal Oracles **20.00** War Photographer **21.00** Boy Who Plays on the Buddhas of Bamiyan *no Borders* **23.00** Kandahar **0.30** Angel Falls

**ANIMAL PLANET**
**12.00** Profiles of Nature **13.00** Pet Star **14.00** Animal Precinct **15.00** Pet Rescue **15.30** Wildlife SOS **16.00** Amazing Animal Videos **16.30** Big Cat Diary **17.00** Monkey Business **17.30** Animals A-Z **18.00** The African King **19.00** Animal Precinct **20.00** Crocodile Hunter **21.00** Venom ER **22.00** Monkey Business **22.30** Animals A-Z **23.00** Pet Rescue **23.30** Wildlife SOS **0.00** Animal Precinct **1.00** The African King

**DISCOVERY**
**12.00** Buildings, Bridges and Tunnels **13.00** Extreme Engineering **14.00** Junkyard Mega-Wars **15.00** Rex Hunt Fishing Adventures **15.30** Buena Vista Fishing Club **16.00** Extreme Machines **17.00** Thunder Races **18.00** Mythbusters **19.00** Dangerman **20.00** Code of Silence **21.00** American Casino **22.00** Forensic Detectives **23.00** Mythbusters **0.00** Machine Gun

**MTV**
**13.00** Wishlist **14.00** TRL **15.00** Dismissed **15.30** Just See MTV **16.30** MTV:new **17.00** Dance Floor Chart **18.00** Punk'd **18.30** Viva La Bam **19.00** Wild Boyz **19.30** The Osbournes **20.00** Top 10 at Ten **21.00** I Want a Famous Face **21.30** Wonder Showzen **22.00** Party Zone **23.00** Just See MTV

**VH1**
**15.00** So 80s **16.00** VH1's video jukebox **17.00** Smells Like the 90's **18.00** VH1 Classic **18.30** MTV at the Movies **19.00** Behind the Music **20.30** Bob Marley Hits **21.00** Friday Rock Videos **23.30** Flipside **0.00** Chill Out **0.30** Behind the Music

**CLUB**
**12.10** Retail Therapy **12.35** The Stylists **13.00** Crimes of Fashion **13.30** Hollywood One on One **14.00** Hollywood Star Treatment **14.25** Cheaters **15.10** Other People's Houses **16.00** Yoga Zone **16.25** The Method **16.50** Innertainment **17.15** Anything I Can Do **17.40** Fantasy Open House **18.05** Come! See! Buy! **18.30** Hollywood One on One **19.00** Matchmaker **19.25** Cheaters **20.15** Sextacy **21.10** Spicy Sex Files **22.00** What Men Want **22.30** Sex Tips for Girls **23.00** Backyard Pleasures **23.30** Weekend Warriors **23.55** Awesome Interiors **0.20** Retail Therapy **0.45** The Stylists **1.10** Crimes of Fashion

**CARTOON NETWORK**
**12.20** The Cramp Twins **12.45** Johnny Bravo **13.10** Ed, Edd n Eddy **13.35** The Powerpuff Girls **14.00** Viva Las Bravo **16.05** Courage the Cowardly Dog **16.30** Foster's Home for Imaginary Friends **16.55** Ed, Edd n Eddy **17.20** Dexter's Laboratory **17.45** Codename: Kids Next Door **18.10** The Powerpuff Girls **18.35** The Grim Adventures of Billy & Mandy

**JETIX**
**12.10** Lizzie Mcguire **12.35** Braceface **13.00** Spider-Man **13.25** Moville Mysteries **13.50** Pokémon VI **14.15** Digimon I **14.40** Spider-Man **15.05** Sonic X **15.30** Totally Spies

**MGM**
**13.20** Smile **15.10** Report to the Commissioner **17.00** Board Heads **18.30** Seven Hours to Judgement **20.00** Vampires on Bikini Beach **21.25** Taking of Beverly Hills **23.00** Below the Belt **0.35** Warm Summer Rain **2.00** Driving Me Crazy **3.30** Sam Whiskey

**TCM**
**19.00** North by Northwest **21.15** Shaft's Big Score **23.00** Eye of the Devil **0.35** The Wreck of the Mary Deare **2.20** The Road Builder

**HALLMARK**
**12.45** Jackie, Ethel, Joan: Women of Camelot **14.15** Run the Wild Fields **16.00** Touched by an Angel IV **16.45** Norman Rockwell's Breaking Home Ties **18.15** Snow in August **20.00** Law & Order Viii **20.45** Reunion **22.30** Fatal Error **0.00** Law & Order Viii **0.45** Snow in August **2.30** Reunion

**BBC FOOD**
**12.00** Tyler's Ultimate **12.30** Ready Steady Cook **13.00** A Cook On the Wild Side **13.30** Paradise Kitchen **14.00** Can't Cook Won't Cook **14.30** Kitchen Takeover **15.30** Ready Steady Cook **16.00** Food Source **16.30** Gondola On the Murray **17.00** Jancis Robinson's Wine Course **17.30** The Tanner Brothers **18.30** Diet Trials **19.00** Big Kevin Little Kevin **19.30** Far Flung Floyd **20.00** Can't Cook Won't Cook **20.30** Rick Stein's Food Heroes **21.30** Saturday Kitchen

**DR1**
**12.20** Gr¢n glæde **12.50** Herlufsholm **13.20** Sporl¢s **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** Shin Chan **14.10** Ozzy & Drix **14.30** SommerSummarum **15.30** Scooby Doo **16.00** Fredagsbio **16.10** Lauras stjerne **16.20** Mira og Marie **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Endelig fredag **19.00** TV Avisen **19.25** SommerVejr **19.30** Pige overbord **21.20** Fanget bag fjendens linjer

**SV1**
**13.30** Packat & klart – sommarspecial **14.00** Rapport **14.05** I en värld av lukter **14.30** Solens mat **15.00** Runt omkring på Island **15.25** Simning: VM Montreal **15.45** Rederiet **16.30** Richard Scarrys äventyrsvärld **16.55** Gula giraffens djurhistorier **17.00** Vänner på Vänö **17.30** Rapport **18.00** Den ofrivillige golfaren **19.50** Svensson, Svensson **20.20** Foyle's War **22.00** Rapport **22.10** Allsång på Skansen **23.10** Blessing in disguise

FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR

Gefðu þér tíma
í Leifsstöð



Ókeypis sætaferðir
frá BSÍ kl. 4.30

MÁTTURINN OG DÝRÐIN

**Forðist biðraðir á flugvellinum**

Vegna aukinna öryggisráðstafana á flugvöllum og til hægðarauka hvetjum við farþega til að mæta tímanlega í Leifsstöð þegar farið er úr landi. Við mælum með að farþegar mæti í flugstöðina **tveimur klukkustundum fyrir brottför.**

**Ókeypis sætaferðir frá BSÍ kl. 4.30 á morgnana í boði Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar.**

Athugið að innritun í Flugstöðinni hefst kl. 5.00.
Tilboðið gildir frá **1. júní - 31. ágúst 2005**

**Finnið rúturnar með okkar merki**

ferð til fjár!
Fríverslun Leifsstöð

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



## HRÓSIÐ

*... fá Gunnlaugur Egilsson og Tilman O'Donnell fyrir að auðga dansflóruna á Íslandi með sýningu hér á landi.*

REYKJAVÍKURNÆTUR > **HÖRPU PÉTURSDÓTTUR** FINNST ENGINN VERA VERRI ÞÓTT HANN PIPRI

# *Strokubrúðurin*



Var að spjalla við vinnufélaga um hegðunarmynstur fólks þegar kemur að samböndum og leitinni að makanum. Við töluðum meðal annars um hluti eins og fólk sem á of auðvelt með að festa sig í samböndum og er oftar en ekki óánægt með hlutina í lengri tíma áður en það aðhefst. Þó sagði hún mér frá einni vinkonu sinni sem er alveg á hinn veginn og sættir sig ekki við hina minnstu galla. Það fyndna er að þessi kona er farin að nálgast sextugsaldurinn og er enn í fullu fjöri við að njóta þess að komast í kynni við spennandi menn, upplifa hnútinn í maganum og byrja sambönd alveg upp á nýtt. Þau eru þó aldrei varanleg. Innan vinkvennahópsins er hún kölluð „The Runaway Bride" og það verður að viðurkennast að hún ber nafn með rentu!

Hennar skoðun er nefnilega sú að það sé engin ástæða til að vera í sambandi ef blossinn hefur örlítið dalað. Já, við erum að tala um tímabilið sem allir þekkja sem „fjórða árið" eða „The Fearsome Fourth", þegar við þurfum að ákveða hvort við ætlum að duga eða drepast. Þá sér hún enga ástæðu til að halda áfram að vera í sambandinu því þá er farið að þurfa að hafa fyrir hlutunum, hún stingur því af blákalt og skilur aumingja mennina eftir í sárum sínum. Hún er búin að vera í tilhugalífinu frá 15 ára aldri og hjá henni er hver dagur hveitibrauðsdagur! Manni finnst nú pínu fyndið að heyra af konu á þessum aldri sem hefur alls engar áhyggjur af því að vera einmana í ellinni og er greinilega sjálfri sér nóg. Það er einhvern veginn ekki alveg eins og gengur og gerist!

Ég er ekki alveg viss um hvort ég á að dást að þessari konu eða ekki. Veit ekki hvort það er betra að vera bara ánægð með að vera maður sjálfur og skemmta sér eða hvort maður yrði aldrei sáttur með að hafa ekki tekist að búa til neitt alvöru og „konkret". Það fer náttúrlega eftir því hvernig fólk er gert og hvaða kröfur það gerir til sjálfs sín og félaga sinna.

Auðvitað er spennandi og nauðsynlegt að prófa reglulega eitthvað nýtt en það er líka mjög fullnægjandi þegar maður hefur byggt upp eitthvað gegnheilt, vextirnir í gleðibankanum eru svimandi háir og erfiðið farið að borga sig.

Eins og alltaf vil ég meina að hinn gullni meðalvegur sé málið. Ég held að okkar yngri ár séu tilvalin til að kanna og hin seinni til að kunna!



**Lárétt:** 2 skák, 6 upphrópun, 8 lín, 9 sunna, 11 tveir eins, 12 mælikvarði, 14 tónverk, 16 drykkur, 17 bein, 18 þrep í stiga, 20 sólguð, 21 innyfli.

**Lóðrétt:** 1 eiturlyf, 3 bardagi, 4 baðst um, 5 þrír eins, 7 mannabústaðurinn, 10 farfa, 13 nautgripir, 15 mjög, 16 skjóti, 19 dýramál.

**LAUSN**

**Lárétt:** 2 tafl, 6 ah, 8 tau, 9 sól, 11 ll, 12 stika, 14 etýða, 16 öl, 17 rif, 18 rím, 20 ra, 21 iður.

**Lóðrétt:** 1 hass, 3 at, 4 falaðir, 5 lll, 7 hótelið, 10 lit, 13 kýr, 15 afar, 16 öri, 19 mu.

## [ VEISTU SVARIÐ ]

Svör við spurningum á bls. 8

1 Hálfum milljarði.

2 Á Vaði í Skriðdal.

3 Kanada.

X-ite
unaðsgel fyrir konur og karla
Xite
er unaðsgel sem eykur kynlífsánægjuna, bæði hjá konum og körlum.
Fæst í næsta apóteki

DÖGG MÓSESDÓTTIR: UNG KVIKMYNDAGERÐARKONA Í BARCELONA

# Vann stuttmyndasamkeppni

„Í skólanum var lögð áhersla á listrænt gildi kvikmyndaformsins og okkur sagt að allt kvikmyndatungumálið hefði verið fundið upp fyrir 1930," segir Dögg Mósesdóttir, sem er nýútskrifuð úr Cecc-kvikmyndaskólanum í Barcelona og fór með sigur af hólmi í stuttmyndasamkeppni sem var haldin á vegum skólans í vor. „Verðlaunin eru að fá að taka upp stuttmynd á filmu og ég hef verið að undirbúa þá stuttmynd í fimm mánuði," segir Dögg en myndina byggir hún á sögu afa síns. „Þetta er saga manns sem er haldinn alzheimer-sjúkdómnum og er því aðallega byggð á minningum."

Dögg fer aftur til Barcelona í haust og hefst þá handa við tökur á myndinni. „Í staðinn fyrir að aðalsögupersónan búi á Vestfjörðum eins og afi minn býr þessi gamli maður í Pýreneafjöllum. Ég kem utan af landi og þekki því lítið til kvikmyndabransans í Reykjavík. En eftir þriggja ára nám í Barcelona er ég með gott fólk á bak við mig og við hjálpumst að við að koma okkur áfram," segir Dögg en hún og vinur hennar hafa stofnað framleiðslufyrirtækið farfilms.com þar sem hugmyndin er að framleiðendur geti leitað eftir kvikmyndagerðarfólki til starfa. „Við tökum að okkur alls kyns verkefni, heimildarmyndagerð, auglýsingar og fleira," segir Dögg en hún á sjálf að baki heimildarmyndina Sodade. „Ég gerði mynd um frænku mína sem var ættleidd til Íslands tveggja ára gömul frá Grænhöfðaeyjum. Hún ólst upp á Grundarfirði og þegar við vorum litlar stelpur létum við okkur dreyma um að fara til Grænhöfðaeyja. Þegar hún komst svo í samband við blóðmóður sína styrkti Grundarfjörður okkur til fararinnar og ég keypti mér ódýra myndavél til að fylgjast með frænku minni."



**DÖGG MÓSESDÓTTIR** Kvikmyndar nú stuttmynd á Barcelona sem byggist á sögu afa hennar á Vestfjörðum.

Dögg hefur líka komið að tónlistarmyndbandagerð og meðal annars leikstýrt myndböndum hljómsveitarinnar Úlpu en myndband við lagið Attempted Flight er nú í spilun á Popptíví. „Áður en við hófum að tjá okkur með tónlist og tali í skólanum fengum við það verkefni að búa til hljóðlausar myndir. Þetta var gert til að þjálfa okkur í notkun á myndmálinu og hentaði mér vel þar sem ég ætlaði upphaflega að gerast myndlistarkona. Hljómsveitarmeðlimir Úlpu hrifust af þessum myndum og það varð svo úr að tvö þeirra breyttust í tónlistarmyndbönd."

thora@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Forsvarsmenn Skjás eins leita nú dauðaleit að íslenskum piparsveini fyrir þáttinn Bachelor sem hefst á sjónvarpsstöðinni í haust. Áætlað er að tökur hefjist 15. ágúst en enn hefur stöðin ekki fundið rétta manninn. Stúlkurnar sem vilja keppast um hylli piparsveinsins bíða aftur á móti í röðum til að fá að taka þátt, þannig að hann ætti að fá úr nógu að moða. Finnist rétti piparsveinninn fær hann afnot af glæsilegri piparsveinaíbúð og lúxusbifreið á meðan á upptökum stendur og á meðan þættirnir eru sýndir á Skjá einum. Ekki er vitað til þess að piparsveinninn fái greitt fyrir þátttökuna.



Það virðist vera að létta til hjá stuðhljómsveit allra landsmanna, Stuðmönnum. Síðustu mánuðir hafa verið stormasamir hjá sveitinni. Fyrst hætti Ragga Gísla og eftir mikinn þankagang var ákveðið að Idol-stjarnan Hildur Vala yrði næsta Ragga. Svo fóru Þórður og Egill að sparka í hvorn annan á sviðinu. Nú eru hinsvegar allir orðnir svo góðir vinir að það var ekki úr vegi að halda áfram.



Nú berast þær fréttir að hinn eini sanni, Valgeir Guðjónsson, muni skemmta með Stuðmönnum á morgun en sveitin heldur risatónleika í Fjölskyldu-og húsdýragarðinum. Ekki er þó vitað hvort Valgeir sé kominn til að vera eða hvort hann sé bara í svo miklu Verslunarmannahelgarstuði að hann geti ekki verið án gömlu félaganna.



Humar
1.290,-kr.kg
Ótrúlegt verð á fínum humri.
Fiskbúðin Vör
– Fiskikóngurinn –
Höfðabakka 1 - sími 587 50 70
Opið laugardaga
10.00 - 14.30

# Klippingar hafnar fyrir Eastwood-myndina

Búið er að velja flesta staðgengla fyrir kvikmyndina Flags of our Fathers, sem Clint Eastwood leikstýrir. Þá eru skriðdrekarnir klárir og það styttist í komu leikstjórans goðsagnakennda til landsins. Það er þó ekki eintóm gleði og hamingja sem fylgir því að taka þátt í kvikmynd af þessari stærðargráðu og hafa allir þátttakendur skrifað undir samning þess efnis að þeir ræði ekki við fjölmiðla um það sem fer fram á tökustað. Þetta er ekki það eina sem leikararnir eru skyldaðir í því sætaferðir hafa verið gerðar frá Reykjavík til Keflavíkur í lítinn bragga þar sem þeir fá viðeigandi klippingu, það er að segja hermannaklippingu.

Margir hafa tekið miklum breytingum og hefur skegg og hár fengið að fjúka án nokkurar miskunnar. Einn þeirra var Jóel Sæmundsson, en hann er áhugaleikari frá Þórshöfn sem býr í Reykjavík um þessar mundir. „Þetta tók snöggt af og var hálfgerð færibandavinna," sagði hann en hægt var að velja um snoðklippingu og hefðbundna drengjaklippingu frá tímum seinni heimstyrjaldarinnar. Jóel sagðist tiltölulega sáttur með sína klippingu. „Þetta verður að duga á Þjóðhátíðina í Eyjum," sagði hann glaður í bragði. Hann hafði ekki hugmynd um hvort hann fengi að deyja fyrir Eastwood, það yrði bara að koma í ljós.



**JÓEL SÆMUNDSSON** Er nokkuð ánægður með nýju hermannaklippinguna og ætlar að láta hana duga yfir Þjóðhátíð.

Það er því augljóst að margir karlar eru til í að leggja mikið á sig til þess að komast í tæri við Clint Eastwood og sjá ekki mikið eftir hárlokkunum sem nú liggja í valnum.

# Tékkneskur gullmoli



**Tékkneska byggið er einstakt í Evrópu og oft nefnt tékkneska gullið. Það leggur grunninn að hinu kjarnmikla bragði og gullna lit sem hefur gert Budweiser Budvar að heimsfrægri gæðavöru. Kornið sem fyllir mælinn!**

**Hinn margverðlaunaði Budweiser Budvar er heimsþekktur fyrir gæði og natni í framleiðslu. Budweiser Budvar er bruggaður í 100 daga. Það er tíu sinnum lengri tími en flestir lagerbjórar!**




LÉTTÖL

Budweiser Budvar

UPPÁHALDSBJÓR MARGRA KYNSLÓÐA

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**









**BAKÞANKAR**

SÚSÖNNU SVAVARSDÓTTUR

## *Mótmælendur*

Nú spyrst það um heimsbyggðina að Jane gamla Fonda ætli að leggja upp í ferð um hana Ameríku til þess að mótmæla innrásinni í Írak og þenja sig eins og hún gerði þegar hún var upp á sitt besta í Víetnamstríðinu hér um árið. Og maður spyr: Hvar var hún eiginlega þegar ráðist var inn í landið? Hvers vegna missti hún af því? Hverju ætlar hún að áorka núna? Dettur henni í hug að strákarnir í Hvíta húsinu skammist sín eins og rassskelltir smápiltar og segi sínum her að hætta að skjóta? Hvert er markmið hennar?

**VISSULEGA** vorum við heimsbúar engan veginn á eitt sáttir um ágæti þess að menn væru að ryðjast með heilu herina inn í Írak á sínum tíma og botnum ekkert í því hvað tefur þá þar; hvers vegna þeir hafi ekki hunskast aftur heim til sín. Við höfum rifist andskotann ráðalausan um það hvort þetta stríð eigi að vera, eða ekki vera. Niðurstaða engin.

**ÞAÐ** er eins og með Kárahnjúkamótmælendurna. Drösla skyndilega útileigugræjunum sínum á fjöll til þess að hengja sig utan á vinnuvélar. Hvað héldu þeir að myndi gerast? Vinnuvélarnar myndu brotna undan þunga þeirra? Valdakarlar hjá Impregilo myndu bugast, biðja fasta áskrifendur að mótmælum á Íslandi að fyrirgefa sér, kaupa skóflu og byrja að moka öllu til baka, planta smáblómum í ferska auðnina og blístra á fugla um að snúa aftur? Hvert var markmið þeirra?

**ÞAÐ** dugðu engin mótmæli þegar ráðist var inn í Írak. Yfirvöld höfðu ekki áhuga á að hlusta. Það dugðu engin mótmæli þegar farið var að grafa í sundur Kárahnjúka. Yfirvöld höfðu ekki áhuga á að hlusta. En heyrnarlaus yfirvöld eða skeytingarlaus um afstöðu og vilja kjósenda sinna eru ekkert nýtt fyrirbæri í honum heimi, sem er svo sannarlega alvarlegt mál.

**HINS** vegar er það ekki eins alvarlegt mál og heimska þeirra kjósenda sem eru á móti en kjósa aftur yfir sig yfirvaldið sem gefur kúk og kanil í vilja meirihluta þjóðarinnar - samkvæmt skoðanakönnunum. Slíkir kjósendur eru verri en yfirvaldið sem þeir kjósa yfir sig, vegna þess að þeir eru að svíkja sig sjálfa. Þeir eiga ekki betra yfirvald skilið.




Komdu í Og Vodafone verslun, smelltu þér á www.ogvodafone.is eða hringdu í 1414 og fáðu nánari upplýsingar.

